FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

124. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — LAUGARDAGUR 27. MAÍ 2017

Steig inn í hræðilegar aðstæður

„Dvölin breytti mér til frambúðar," segir söngkonan Sigríður Thorlacius sem fór á þessu ári til Bangladess sem sjálfboðaliði UNICEF. Þar hitti hún lítil börn sem unnu í verksmiðjum. →24

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN KARLSSON

Lifir í núinu

Karólína glímir við missi og er sest á Alþingi. →30

Léttir og ferskir sumarréttir

→32

Segir ásakanir lygi

Ólafur Arnarson ætlar ekki að hætta fyrr en í fulla hnefana. →28

Kraftmikill fjölskyldudagur

Hellisheiðarvirkjun **í dag** kl. 12-15

Villi & Sveppi mæta kl. 13



ON ORKA NÁTTÚRUNNAR

JARÐHITA SÝNING

Veður



Hæg suðlæg eða breytileg átt. Þurrt og bjart veður austanlands, en sums staðar dálítilar skúrir vestan til, og einnig í innsveitum norðanlands síðdegis. SJÁ SÍÐU 46

Rannsókn á árás gengur afar vel

Lögreglan í Manchester segir rannsókn á hryðjuverkaárásinni fyrr í vikunni ganga vel. Telur lögregla sig hafa handtekið stóran hluta hóps sem árásarmaðurinn, Salman Abedi, er talinn hafa tilheyrt. Torg heilagrar Önnu var þakið blómum í gær, til minningar um þá látnu. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Mun færri fá barnabætur

HÚSNÆÐISMÁL Fjölskyldum sem fá barnabætur fækkaði um tæplega 12 þúsund milli áranna 2013 og 2016, að því er fram kemur á vef ASÍ. Þar er því spáð að barnabótaþegum muni halda áfram að fækka á næstu árum. Segir ASÍ að tekjuskerðingarmörk hafi verið óbreytt í barnabótakerfinu á árunum 2013-2016 og árið 2015 hafi skerðingarhlutfall tekna verið aukið.

„Skerðingarmörk voru hækkuð um 12,5 prósent árið 2017 en frá árinu 2013 hefur launavísitala hækkað um nærri þriðjung," segir ASÍ. Niðurstaðan sé minni útgjöld til barnabóta að raungildi og ekki annað að sjá en að stefnan sé að draga enn frekar úr stuðningi við barnafjölskyldur. – **jhh**

Vilja að netrisar bregðist við

ÍTALÍA Leiðtogar hinna svokölluðu G7-ríkja kölluðu eftir því í gær að samfélagsmiðlar gerðu meira í baráttunni gegn öfgahyggju og boðskap hryðjuverkasamtaka.

Að þessari niðurstöðu var komist á fundi leiðtoga ríkjanna, en þau eru Bandaríkin, Bretland, Frakkland, Ítalía, Kanada, Þýskaland og Japan auk Evrópusambandsins.

„Við sýndum fram á samstöðu okkar í baráttunni gegn hryðjuverkum," sagði Paolo Gentiloni, forsætisráðherra Ítalíu, eftir fundinn.

Leiðtogarnir skrifuðu undir yfirlýsingu þess efnis og er þar skorað á bæði samfélagsmiðla og fjarskiptafyrirtæki að loka á boðskap öfgamanna.

„Við erum sammála um að ógnin sem stafar af ISIS er að breytast en ekki hverfa," sagði Theresa May, forsætisráðherra Bretlands, eftir fundinn. Sagði hún að vígvöllurinn væri að færast úr raunheimum og inn á internetið. – **þea**

Lengst bið í Hafnarfirði

HÚSNÆÐISMÁL Biðtími eftir félagslegri leiguíbúð var lengstur í Hafnarfjarðarkaupstað þegar kannað var á síðasta ári. Þar var biðlistinn 48 mánuðir, 36 mánuðir hjá Reykjavíkurborg og Hveragerðisbæ og 30 mánuðir hjá Akureyrarkaupstað.

Þetta kemur fram í árlegri könnun sem Varasjóður húsnæðismála gerir á leiguíbúðum sveitarfélaganna. Niðurstöðurnar voru birtar á vef velferðarráðuneytisins í gær. Þar kemur fram að fjöldi umsækjenda á biðlistum sveitarfélaganna var samtals 1.613 í fyrra sem er áþekk tala og síðustu tvö árin á undan. Lunginn úr umsóknunum, eða tvær af hverjum þremur, er frá einstaklingum eða einstæðum foreldrum. – **jhh**

» Ellefu sveitarfélög hafa áform um að fjölga leiguíbúðum. Þar munar mestu um 46 íbúðir í Reykjavík.

Mathöllin við Hlemm fer langt fram úr áætlun

Breytingar á húsnæði Hlemms hafa nú þegar kostað Reykjavíkurborg 45 milljónum meira en áætlað var. Opna átti Mathöllina síðasta haust en iðnaðarmenn eru þar enn að störfum. Hefur tafist úr hófi fram, segir framkvæmdastjóri matarmarkaðarins.

Framkvæmdastjóri Hlemms – Mathallar segir framkvæmdir hafa tafist úr hófi og veit ekki hvenær matarmarkaðurinn verður opnaður. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

STJÓRNSÝSLA Framkvæmdir við húsnæði Mathallarinnar á Hlemmi eru komnar 45 milljónir króna fram úr áætlun og útlit er fyrir frekari framúrkeyrslu hjá Reykjavíkurborg. Munar þar mestu um endurbætur á þaki sem kostuðu 35 milljónir og í vor kom í ljós að endurnýja þarf raflínur að húsinu.

Reykjavíkurborg á Hlemm og samþykkti í febrúar í fyrra leigusamning við Íslenska sjávarklasann um rekstur Mathallarinnar. Frumkostnaðaráætlun hljóðaði þá upp á 107 milljónir króna, þar af áttu 82 milljónir að fara í breytingar á húsnæðinu, og átti framkvæmdum að ljúka síðasta haust. Í desember var lögð fram uppfærð kostnaðaráætlun í borgarráði sem hljóðar upp á 152 milljónir. Samkvæmt henni áttu verklok að vera um síðustu mánaðamót en iðnaðarmenn eru enn að störfum í húsinu.

Bjarni Brynjólfsson, upplýsingastjóri Reykjavíkurborgar, segir ljóst að kostnaður muni aukast miðað við áætlunina sem lögð var fram í desember. Útlit sé fyrir að húsið verði afhent um miðjan júní.

„Það hafa komið upp fleiri mál sem þarf að taka á og samkvæmt nýjustu upplýsingum er ekki hægt að ákvarða þennan kostnað fyrr en að verki loknu en það verður að öllum líkindum gert í september. Þetta eru viðhaldsmál sem koma upp þegar gera þarf upp gamalt hús," segir Bjarni.

» Það hafa komið upp fleiri mál sem þarf að taka á.

Bjarni Brynjólfsson, upplýsingafulltrúi Reykjavíkurborgar

Bjarki Vigfússon, framkvæmdastjóri Hlemms – Mathallar, segir framkvæmdirnar hafa tafist úr hófi fram og að hann geti ekki svarað því hvenær matarmarkaðurinn verði opnaður. Samkvæmt upplýsingum frá Reykjavíkurborg eru ýmsar ástæður fyrir því að verklokum hefur seinkað. Byggingarleyfi fékkst ekki á réttum tíma og Strætó bs. ætlaði upphaflega að leigja hluta hússins undir kaffistofu vagnstjóra sem eigendur matarmarkaðarins féllust ekki á. Síðar kom í ljós að rafmagnið sem fyrir er nægir ekki rekstri Mathallarinnar.

„Borgin áætlar að geta látið okkur hafa húsið um miðjan júní en þá er ýmislegt eftir," segir Bjarki.

haraldur@frettabladid.is

KOMDU Í KOLAPORTIÐ
– dásamleg deild samfélagsins
OPIÐ UM HELGAR FRÁ KL. 11 – 17
KVIKA

Nýr Yaris er hlaðinn orku með nýrri vél og endurbættu Hybrid-kerfi svo að frábærir aksturseiginleikar hans fái að njóta sín enn betur með nýrri og kraftmikilli hönnun.

Komdu og fáðu þér kaffi og kleinur í rólegheitum hjá okkur og fáðu að reynsluaka nýjum Yaris í leiðinni. **Opið kl. 12–16 í dag.**

- **2 ára þjónustupakki fylgir með Yaris**
- **Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is**

VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM

5 3+2 ÁBYRGÐ · 2 ÁRA ÞJÓNUSTA · FLEX

Toyota Kauptúni
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

TÖLUR VIKUNNAR 21.05.2017 TIL 27.05.2017

86%

landsmanna segja að hið opinbera ætti fyrst og fremst að reka sjúkrahús.

14

aðgerðir í húsnæðismálum verða kynntar af stjórnvöldum í næstu viku.

66% mansalsfórnarlamba í Evrópu eru seld í kynlífsþrælkun.

87

ár hefur Hússtjórnarskólinn á Hallormsstað verið starfræktur, en verður nú lagður niður.

349

byggingarkranar eru nú skráðir í notkun á Íslandi – sem er nálægt sögulegu hámarki.



40%

færri bókanir í dagsferðum í maí sjá sumir sem selja afþreyingu til ferðamanna.

169,9

krónur kostar bensínlítrinn hjá Costco.

34.000

manns fylgja hljómsveitinni Kaleo á Twitter.

Þrjú í fréttum

Everest, einkarekstur og framfarafélag

Vilborg Arna Gissurardóttir
afrekskona

komst á topp Everest aðfaranótt sunnudags að íslenskum tíma. Vilborg Arna er sjöundi Íslendingurinn til að komast á topp þessa hæsta fjalls í heimi og fyrst íslenskra kvenna. „Það er tryllt að vera hérna," var haft eftir Vilborgu Örnu, sem varði nokkrum mínútum á toppnum áður en hún hélt aftur niður.

Rúnar Vilhjálmsson
prófessor í heilsuhagfræði við HÍ

sagði niðurstöður nýrrar könnunar sýna að æ fleiri landsmenn vildu að heilbrigðisþjónusta væri alfarið rekin af hinu opinbera eða 91,9 prósent. Rúnar sagði hægt að draga þá ályktun að landsmenn hefðu aðra sýn en stjórnvöld þegar kæmi að þessum málaflokki.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson
þingmaður Framsóknarflokksins

sagði Framfarafélagið ekki stofnað sem stjórnmálaflokk. Fyrst og fremst væri Framfarafélagið vettvangur fyrir lýðræðislega umræðu og hugmyndir. Ekki væri lengur tækifæri fyrir hann að hafa Framsóknarflokkinn sem þennan vettvang, ekki að sinni, en þetta væri líka svarið við því hvernig stjórnmálin hefðu verið að þróast.

Gott mál að spítalinn fái stjórn

Landlæknir segist hafa góða reynslu af því að reka sjúkrahús sem hafi stjórn yfir sér. Hann telur hugmyndina vera til bóta fyrir Landspítalann. Stjórnarandstæðingar á Alþingi óttast pólitísk afskipti af stjórn spítalans.

HEILBRIGÐISMÁL Víða í Skandinavíu tíðkast að stjórnir séu yfir sjúkrahúsum sem hafa það markmið að veita stjórnendum sjúkrahúsa aðhald og styrkja samskipti við stjórnvöld. Birgir Jakobsson landlæknir telur það til bóta að setja stjórn yfir Landspítalann og segist sjálfur hafa góða reynslu af slíku fyrirkomulagi.

„Ef ég á að hafa skoðun á því yfirleitt þá teldi ég það gott mál fyrir Landspítala að fá stjórn sem hefur faglega kunnáttu á víðum grunni, þjóðfélagsmálum, heilbrigðismálum og stjórnun," segir landlæknir. „Bæði til að styrkja spítalann í samskiptum við stjórnvöld og fjármálavaldið og líka til að veita stjórnendum spítalans aðhald í sínum daglegu störfum."

Þau sjúkrahús sem við höfum borið okkur saman við búa mörg hver við það fyrirkomulag. Landlæknir segir hins vegar að fagleg þekking verði að ráða ríkjum. „Hins vegar tel ég að ef þetta væri hrein pólitísk stjórn er ég ekki viss um að það væri endilega skref fram á við fyrir Landspítalann," segir Birgir.

Landlæknir stýrði á árum áður sjúkrahúsrekstri í Svíþjóð og hefur ágæta þekkingu á heilbrigðismálum í Skandinavíu. Hann segir það geta eflt sjúkrahúsið. „Ég hef sjálfur góða reynslu af því að hafa stjórn yfir spítala sem ég hef sjálfur rekið þar sem kunnáttan er margvísleg," bætir landlæknir við. „Stjórnin sem slík þarf ekki að hafa gríðarlega þekkingu á sjálfum spítalarekstrinum þar sem slíkur mannauður er nægur hjá stjórnendum spítalans nú þegar."

Bjarkey Gunnarsdóttir hefur gagnrýnt hugmyndina harðlega auk fleiri stjórnarandstæðinga í pontu

Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir, þingmaður VG, segir sporin hræða og gagnrýnir að talað sé um spítalann eins og hvert annað fyrirtæki. Hún óttast að verið sé að þagga niður í stjórnendum stofnunarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> **Ég hef sjálfur góða reynslu af því að hafa stjórn yfir spítala sem ég hef sjálfur rekið.**
>
> Birgir Jakobsson, landlæknir

þingsins undanfarna daga. Hún segir sporin hræða og gagnrýnir að talað sé um spítalann eins og hvert annað fyrirtæki.

„Ég tel enga ástæðu til þess að setja stjórn yfir spítalann. Mér blöskruðu orð fjármálaráðherra, að tala um þetta eins og hvert annað fyrirtæki. Landspítali er ekki eins og hvert annað fyrirtæki," segir Bjarkey.

Í augum Bjarkeyjar er ekki verið að setja faglega stjórn yfir spítalann. Hér sé á ferðinni aðgerð til að þagga niður í núverandi stjórnendum. „Það er ekkert annað í kortunum hjá meirihlutanum en að setja yfir pólitíska stjórn til að sussa á stjórnendur. Það hefur ekkert kallað á að þetta sé gert á þessum tímapunkti. Jafnframt hefur enginn talað við stjórnendur spítalans um hvað þeir telji að sé best til að styrkja spítalann."

„Formaður velferðarnefndar talaði um að þetta yrði pólitísk stjórn líkt og er við lýði á Ríkisútvarpinu. Formaður fjárlaganefndar og fjármálaráðherra taka undir þau orð. Það er ekki mér að skapi," bætir Bjarkey við. **sveinn@frettabladid.is**

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

TAX FREE*

Lýkur á sunnudaginn

ÖLL REIÐHJÓL OG FYLGIHLUTIR

ÖLL VERKFÆRI

Handverkfæri, rafmagnsverkfæri,
garðverkfæri, stigar, loftverkfæri, töskur o.fl.

*Gildir ekki af tilboðsvörum og „Lægsta lága verði Húsasmiðjunnar. "Tax free tilboð jafngildir 19,35% afslætti. Að sjálfsögðu stendur Húsasmiðjan skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs.

blómaval

STJÚPU SPRENGJA

10 stk. af blómstrandi stjúpum
á ótrúlegu verði alla helgina
á meðan birgðir endast.

Stjúpur 10 stk.
990kr
~~1.790~~kr

Tilboð
Margarita
1.190kr
~~1.790~~kr

Útskriftarblóm
í miklu úrvali
Liljur 3 stk.
1.490kr

Tilboð
Sólboði
1.190kr
~~1.590~~kr

Tilboð
Hengi-lobelia
1.199kr
~~1.790~~kr

11211012

Byggjum á betra verði

husa.is

Hættir formennsku í Hollvinafélagi MR

MENNTAMÁL Benedikt Jóhannesson, fjármála- og efnahagsráðherra, er hættur við að gefa kost á sér til formennsku í Hollvinafélagi Menntaskólans í Reykjavík. Hann greindi frá þessu í ræðu sem hann hélt við skólaslit MR í gær þar sem rúmlega 200 stúdentar voru brautskráðir.

Í ræðu sinni sagði Benedikt að kannski hefði skólinn liðið fyrir það að margir stjórnmálamenn hefðu komið úr skólanum. Þeir væru hræddir um að láta skólann njóta jafnræðis við aðra skóla af ótta við að vera sakaðir um að hygla sínum gamla skóla. „Í ljósi þess sagði ég frá því að ég hygðist ekki gefa kost á mér til endurkjörs í Hollvinafélaginu í þetta sinn, þannig að ekki kæmu upp ásakanir af þessu tagi í minn garð, þó að svo vildi til að einhvern tíma verði staðið við loforð um að bætt verði úr húsnæði skólans og hann njóti jafnræðis við aðra," segir Benedikt á Facebook.

Aðalfundur Hollvinafélagsins fer fram í dag. Auk Benedikts gaf Hrafnkell Hringur Helgason kost á sér í embættið. Í fundarboði kemur fram að framboðsfrestur rennur út sjö dögum fyrir aðalfund. – **jhh**

Benedikt vill að bætt verði úr húsnæði MR. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

» Hrafnkell Hringur Helgason bauð sig fram gegn Benedikt til formennsku í Hollvinafélagi MR.

Skiptu um lit!

Með iGreen umgjörðum getur þú útbúið þá litasamsetningu sem þú vilt.

Frábært verð á glerjum
Einfókus gler
Verð frá kr. 16.900,-
Margskipt gler
Verð frá kr. 41.900,-

EYES LAND gler augu

Grandagarði 13 og Glæsibæ, 5. hæð · sími 510 0110 · www.eyesland.is

Viltu gera Skaupið?

RÚV leitar að réttum aðilum til að framleiða Áramótaskaupið 2017. Við köllum eftir tillögum þar sem settar eru fram vel útfærðar hugmyndir að nálgun, umgjörð, handriti og mönnun.

Áramótaskaupið er ómissandi liður í hátíðahöldum landsmanna og RÚV hefur metnað til að bjóða framúrskarandi gott Skaup við hæfi sem flestra.

Í nýrri stefnu RÚV kemur fram að samtal og samvinna við sjálfstæða framleiðendur og listamenn í landinu er aukið, nánar á www.RUV.is/2021

Að auki er vakin athygli á því að í haust verður fyrsta Hugmyndatorg RÚV haldið. Þar verður markvisst kallað eftir tillögum að dagskrárefni og tilboðum frá sjálfstæðum framleiðendum. Fylgist með.

Nánari upplýsingar um helstu forsendur RÚV er að finna á vefnum **www.ruv.is/skaup17**

Umsóknarfrestur er til og með 12. júní 2017.

Komin til Ítalíu

Kona og barn ganga frá borði í borginni Salerno á Ítalíu. Þau höfðu verið á björgunarskipinu Aquarius og var bjargað úr Miðjarðarhafi. Samkvæmt Sameinuðu þjóðunum hafa alls 50.000 flóttamenn siglt upp að ströndum Ítalíu á þessu ári en að minnsta kosti 1.400 hafa drukknað í hafinu á leiðinni. NORDICPHOTOS/AFP

Reiddist þegar málið fór að dragast á langinn

Kona sem stefnir tveimur mönnum fyrir nauðgun segir stuðning skorta við þolendur. Hún segir biðina eftir að hún kærði verknaðinn hafa verið mjög erfiða. Mikilvægt sé að þolendur séu staðráðnir í að láta ofbeldisbrot ekki viðgangast.

SAMFÉLAG Kona sem hefur stefnt tveimur karlmönnum til greiðslu bóta vegna nauðgunar sem hún varð fyrir af þeirra hálfu segir að eitt það erfiðasta við allt málið sé sú langa bið sem við tók eftir að hún kærði.

Konan var aðeins tvítug þegar hún kærði nauðgunina til lögreglu og segir að hún hafi upplifað aðstæður eins og hún væri ein og yfirgefin. Konan, sem verður ekki nafngreind hér, ræddi málið við Fréttablaðið í vikunni en blaðið hefur fjallað um hvernig mikill dráttur á rannsókn málsins leiddi meðal annars til þess að mikilvægum gögnum, meðal annars úr læknisskoðun skömmu eftir nauðgunina, var fargað. Ríkissaksóknari bað lögregluna á Ísafirði oftar en einu sinni að rannsaka málið betur en það var á endanum fellt niður.

Konan sem kærði sætti sig ekki við þetta og hefur nú stefnt mönnunum tveimur í einkamáli. Það er leið sem ekki er farin oft en í stefnu frá konunni segir meðal annars orðrétt: „Slæleg vinnubrögð lögreglu og vangeta réttarkerfis til þess að taka á kynferðisbrotamálum getur ekki og má ekki vera túlkuð stefnanda í óhag né heldur má leggja á herðar hennar að bera tjón sitt sjálf af þeim sökum."

Í samtali við Fréttablaðið segir konan að ýmislegt í réttarkerfinu sé óhagstætt konum í hennar sporum.

„Mér finnst þurfa meiri stuðning við fórnarlömb, ég vissi ekkert hver næstu skref væru, mér var ekkert sagt það, þannig að ég þurfti að leita mér sjálf hjálpar þegar ég kom heim af spítalanum," segir hún og bætir við að það hafi verið upplifun hennar að hún væri ein í öllu ferlinu.

„Það er mikilvægt að það sé haldið vel utan um fórnarlömb og þau látin vita að þau eigi rétt á því að segja frá. Því það er ekkert þægilegt að vera að tala um þetta og þegar maður gerir það vill maður fá stuðning."

Hvað finnst þér um þetta verklag? „Fyrst var ég rosalega sár, en með tímanum verður maður reiður. Þetta er bara búið að vera ógeðslega erfitt. Og eitt sem gerir þetta erfitt er að bíða svona lengi án þess að fá svör um hvað verður, af því að maður veit í rauninni ekkert hvað verður úr þessu, biðin er eiginlega verst. Og hún er svo löng."

Finnst þér þetta verklag gefa til kynna að málið hafi verið tekið nægjanlega alvarlega? „Já og nei, það voru alveg nokkrir aðilar sem stóðu alveg á bak við mig, en svo er líka alveg svaka mótspyrna.

Mér fannst til dæmis eins og það væri verið að setja ábyrgðina á að svona hefði farið á mínar hendur, að vegna þess að ég kærði svona seint þá hefði þetta allt farið svona og það hafi verið ástæðan fyrir því að málið var fellt niður.

En þegar öllu er á botninn hvolft þá týndust þarna gögn og lögreglan var óþarflega lengi að koma sér af stað í rannsókninni."

Af hverju heldur þú að hún hafi verið svona lengi? „Ég bara veit það ekki. Þetta er náttúrulega lögreglan á Ísafirði, og ég get ekki ímyndað mér að það sé eitthvað brjálað að gera hjá þeim. Þetta var einhvern veginn alltaf eitt skref áfram og þrjú aftur á bak.

Ég held að það sé ofboðslega mikilvægt að standa bara fast á sínu og vera ekkert að bakka með það. Ég veit að það getur verið stundum alveg brjálæðislega erfitt en maður þarf bara að vera eigin hetja og segja: ég ætla ekki að gefast upp, því að svona á ekki að viðgangast."

andri@frettabladid.is

» Ég held að það sé ofboðslega mikilvægt að standa bara fast á sínu og vera ekkert að bakka með það.

Kona sem hefur stefn karlmönnum til skaðabóta vegna nauðgunar

F&F

20% AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM VÖRUM DAGANA 26.-29. MAÍ

Skeifan, Garðabær, Smáralind, Spöng, Borgarnes, Njarðvík, Selfoss og Akureyri

Nærri þrjátíu Egyptar féllu í árás

EGYPTALAND Enginn hefur lýst yfir ábyrgð á hryðjuverkaárás á hóp kristinna Egypta, úr koptísku réttrúnaðarkirkjunni, sem framin var í gær. Alls féllu 28 í árásinni og 25 særðust. Koptarnir voru í rútu á leið til musteris heilags Samúels suður af Kaíró þegar skotið var á þá.

Hryðjuverkasamtökin sem kenna sig við íslamskt ríki hafa undanfarna mánuði ráðist ítrekað á kopta í Egyptalandi og heitið því að halda slíkum árásum áfram. Samtökin hafa þó ekki lýst yfir ábyrgð sinni á árás gærdagsins.

Lögregla stóð vörð um spítalann sem hinir særðu lágu á. NORDICPHOTOS/AFP

» 28 koptar féllu í árásinni og að minnsta kostu 25 særðust.

Í síðasta mánuði var þriggja mánaða neyðarástandi lýst yfir í Egyptalandi vegna árása ISIS á kopta.

Egypskir fjölmiðlar greina frá því að um tíu byssumenn, klæddir herbúningum, hafi ráðist á rútuna sem var hluti af bílalest. Skutu þeir á rútuna með hríðskotarifflum áður en þeir flúðu af vettvangi á þremur bifreiðum. – **þea**



Tengsl sjávarfangs og krabbameina

Krabbameinsfélagið býður upp á erindi um tengsl sjávarfangs í mataræði við krabbamein. Kynningin er fimmtudaginn 1. júní, frá kl. 12–12:40, í Háalofti í Hörpu.

Heilsusamlegir lífshættir draga úr líkum á krabbameini

Valgerður Sigurðardóttir, krabbameinslæknir og formaður stjórnar Krabbameinsfélags Íslands.

Rannsóknir hafa sýnt að draga megi úr líkum á krabbameini með hollri fæðu og daglegri hreyfingu. Fyrir Evrópubúa hefur verið áætlað að þeir sem tileinka sér heilsusamlega lífshætti geti minnkað líkur á krabbameini um allt að helming.

Tengsl sjávarfangs og krabbameina

Jóhanna E. Torfadóttir, löggiltur næringarfræðingur og doktor í lýðheilsuvísindum við Miðstöð lýðheilsuvísinda Háskóla Íslands.

Jóhanna kynnir nýja skýrslu sem unnin var fyrir Krabbameinsfélagið. Þar er farið yfir helstu rannsóknir á tengslum fiskneyslu við krabbameinsáhættu og framgang sjúkdómsins, með áherslu á krabbamein í brjóstum og blöðruhálskirtli.

Fæðuvenjur á mismunandi æviskeiðum og áhætta á brjóstakrabbameini

Álfheiður Haraldsdóttir, lýðheilsufræðingur og doktorsnemi í lýðheilsuvísindum.

Álfheiður kynnir niðurstöður úr doktorsverkefni sínu, um áhrif íslensks mataræðis á áhættu á brjóstakrabbameini.

Fundarstjóri: Heiðrún Lind Marteinsdóttir, framkvæmdastjóri SFS.

Fundurinn er öllum opinn og ókeypis. Skráðu þig gegnum krabb@krabb.is í síðasta lagi 31. maí.

Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi

Krabbameinsfélagið

Jeremy Corbyn saxar nú á forskot Theresu May. NORDICPHOTOS/AFP

Fast skotið á Corbyn fyrir árásarummæli

Verkamannaflokkurinn saxar á forskot Íhaldsflokksins þegar nær dregur kosningum í Bretlandi. Formaður Verkamannaflokksins gagnrýndur fyrir ummæli um hryðjuverkaárásina í Manchester.

BRETLAND Kosningabaráttan í Bretlandi er aftur komin á skrið eftir hryðjuverkin í Manchester á mánudag. Eins og við er að búast er þjóðaröryggi eitt mikilvægasta málið í hugum jafnt frambjóðenda sem kjósenda. Kjósa á þann 8. júní.

Jeremy Corbyn, formaður Verkamannaflokksins, sagði í gær að undir sinni forystu myndi ríkisstjórnin draga úr hættunni á hryðjuverkum frekar en að auka hana. Ýjaði hann að því að ríkisstjórn Íhaldsflokksins undir forystu Theresu May hefði gerst sek um einmitt það.

„Fjölmargir sérfræðingar hafa bent á tengsl á milli stríða sem við höfum tekið þátt í erlendis og hryðjuverka hér heima," sagði Corbyn.

Þá hét Corbyn því að auka fjárveitingar til lögreglu eftir niðurskurð síðustu missera. Hins vegar ítrekaði Corbyn að ábyrgðin á hryðjuverkum lægi alltaf hjá hryðjuverkamönnunum sjálfum.

„Mat sérfræðinga dregur á engan hátt úr sök þeirra sem ráðast á börn okkar," sagði Corbyn.

Íhaldsflokksmenn tóku gagnrýninni ekki þegjandi. Sagði utanríkisráðherrann Boris Johnson, á blaðamannafundi með bandarískum kollega sínum, Rex Tillerson, að það væri „skrímslaháttur" af Corbyn að reyna að réttlæta gjörðir hryðjuverkamanna.

„Mér finnst það algjörlega ótrúlegt og óafsakanlegt að nýta þessa viku af öllum til þess að reyna að réttlæta aðgerðir hryðjuverkamanna," sagði Johnson.

Tim Farron, leiðtogi Frjálslyndra demókrata, tók í sama streng. Sagði hann Corbyn notfæra sér hina „ógeðfelldu árás" til að koma pólitískum boðskap sínum á framfæri.

„Þetta sýnir ekki leiðtogahæfni. Þetta snýst um að forgangsraða stjórnmálum framar fólki á hörmungartímum," sagði Farron.

Þrátt fyrir talsverða gagnrýni á orð Corbyns má þó mæla meðbyr með Verkamannaflokknum nú þegar nær dregur kosningum. Í nýrri könnun YouGov mælist Verkamannaflokkurinn með 38 prósenta stuðning. Mælist hann einungis fimm prósentustigum minni en Íhaldsflokkurinn sem nýtur stuðnings 43 prósenta kjósenda.

Könnunin, sem er nýjasta stóra könnunin, sýnir nokkuð mikla breytingu á stöðunni en meðaltal skoðanakannana sem The Financial Times tekur saman sýnir Íhaldsflokkinn með 45 prósenta stuðning en Verkamannaflokkinn í 34 prósentum. Munar því ellefu prósentustigum.

Þó er ljóst að Verkamannaflokkurinn hefur saxað á forskot Íhaldsflokksins frá því Theresa May boðaði óvænt til kosninga þann 18. apríl, þremur árum á undan áætlun. Mældist forskotið þá um 20 prósentustig. **thorgnyr@frettabladid.is**

Fjölmargir sérfræðingar hafa bent á tengsl á milli stríða sem við höfum tekið þátt í erlendis og hryðjuverka hér heima.

Jeremy Corbyn, formaður Verkamannaflokksins

Mér finnst það algjörlega ótrúlegt og óafsakanlegt að nýta þessa viku af öllum til þess að reyna að réttlæta aðgerðir hryðjuverkamanna.

Boris Johnson, utanríkisráðherra

NISSAN

Innovation that excites

NISSAN INTELLIGENT MOBILITY

NÝR NISSAN MICRA

ENNEMM / SÍA / NM82303

NÝR NISSAN MICRA TRAUSTUR NÝR FÉLAGI

Lífið er áhugaverðara með félaga sem þú getur treyst

Nýr Nissan Micra ögrar þeim kröfum sem við höfum gert til hönnunar og þæginda smábíla. Með nýrri framúrskarandi Nissan Intelligent Mobility upplýsinga- og öryggistækni tekur Micra nú trausta forystu í sínum stærðarflokki.

NISSAN MICRA

Verð frá: 2.190.00 kr.

OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

BL

Röðin við Costco hefur ekkert minnkað. Nokkrar vörur hafa hreinlega klárast en enn er þó nóg til af 400 þúsund króna fíl og 350 þúsund króna hundahátalara. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Kíkt í innkaupakörfur í Costco

Þó að sumir hafi gengið út úr Costco með þvottavél og þurrkara, sjónvarp og garðhúsgögn, voru flestir í röðinni með mat og aðrar smávörur. Fréttablaðið fór í röðina og kannaði innkaupakörfurnar og hvað í þeim leyndist enda margir að upplifa ákveðna fjársjóðsleit.

Kötturinn nýtur góðs af þessari ferð okkar. Við vorum meira komin til að skoða og trúlega kaupum við meira næst. Okkur leist vel á þessa búð. Við ætluðum bara að kaupa einhvern góðan mat handa kisu en fórum inn með opnum hug og gengum út með bætiefni og batterí í sjónvarpið meðal annars. En aðalatriðið var að kaupa handa kisu enda úrvalið hér gott. Við viljum gefa henni fjölbreytta fæðu. Þetta er skógarköttur og heitir auðvitað Stefán.

Svanhildur Guðmundsdóttir og Pálmi Stefánsson

Ég keypti Kitchen Aid hrærivél. Hún kostaði sama og ekki neitt eða um 50 þúsund. Ég hef verið lengi að skoða svona vélar og fyrst þær eru svona ódýrar hér þá stökk ég á eina. Mamma keypti síðan einhverjar kökur. Ég gæti ekki verið sáttari.

Grímur Zimsen

Ég er að kaupa gosið fyrir útskriftarveislu stelpunnar minnar sem var að klára Verslunarskólann. Það er því verið að nýta verðið enda um 70 manna veisla. Þau sendu mig svo bara í röðina og héldu áfram að skoða sjálf. Nýttu tímann. Ég hefði þurft lengri tíma en það sem ég hef séð finnst mér gott. Ég er að koma hingað í fyrsta sinn. Mamma er hérna með mér, hún er að koma í þriðja sinn og elskar þessa búð – svei mér ef hún er ekki á prósentum.

Kristín Jóna Sigurjónsdóttir, Tinna Torfadóttir, Theodóra Haraldsdóttir, Sigurjón Björn Torfason

Hér ofan í er gos sem ég er að kaupa fyrir vinnuna. Þetta er um helmingi ódýrara þannig að þetta var engin spurning. Ég er að vinna hjá Kraftvélum og við erum með vélasýningu á Flúðum með dráttarvélar, New Holland og Case. Gestir og starfsmenn geta því gætt sér á góðu gosi með.

Stefán Ólafur Guðmundsson

Þetta er í fyrsta sinn sem við komum. Við vorum mætt rúmlega við opnun og þetta er búið að vera gaman. Við erum að kaupa kaffi, vöfflur, mörk fyrir krakkana, það er ýmislegt fyrir alla, dæla til að pumpa í dekk og fleira. Við erum ekki svo ákóf að við gerðum okkur sérferð en fyrst við erum í bænum þá varð maður að kíkja. Við búum á Hólmavík og ég pantaði mitt kort á netinu. Ég kem aftur þegar eitthvað er til – það er nefnilega rosalega mikið búið. Ég er um tvo og hálfan að keyra hingað og svo tekur maður Costco-bensín úti á horni og brunar heim.

Steinar Baldursson

Ég var búinn að kíkja á aðra staði og þetta er langbesta verðið sem ég hef fundið þannig að ég tók hana. Ég þurfti að endurnýja sögina og hér býðst besta verðið þannig að þetta var engin spurning.

Þórhallur Eyþórsson

Ég er nú aðallega í matvörunni. Kjúklingur og fleira sem konan valdi að mestu. Sú stutta fann hafrakökur sem henni leist vel á. Ég man nú ekki eftir Costco þar sem ég hef búið og þetta er í fyrsta sinn sem ég hef komið. Ætli gíraffinn komi ekki ofan í körfuna næst.

Patrekur Jóhannesson

Nýr Hyundai i30.

Hinn nýi fólksbíll.

Verð frá:
2.990.000 kr.

ENNEMM / SÍA / NM82302 *Eldsneytisnotkun miðast við uppgefnar tölur frá framleiðanda í blönduðum akstri.

Hyundai i30 er hinn nýi fólksbíll.

Glæsileg tímalaus hönnun, fullkomið upplýsinga- og afþreyingarkerfi og snjall öryggisbúnaður.
Hægt er að velja úr úrvali sparneytinna bensín- og dísilvéla sem eyða frá 3,6l/100 km.
Komdu og reynsluaktu hinum nýja fólksbíl sem kostar aðeins frá 2.990.000 kr.

Hyundai | Kauptúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is

HYUNDAI

5 YEAR UNLIMITED MILEAGE WARRANTY

Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð og ótakmarkaður akstur. Athugið að 5 ára ábyrgðarskilmálar Hyundai ná eingöngu yfir Hyundai bifreiðar sem eru seldar af viðurkenndum Hyundai söluaðila til endanlegs viðskiptavinar.

OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16

Nemendur fá að ráða í nýjum skóla

Námsframboð í Bataskóla Íslands mun ráðast af áhuga og þörf nemenda. Nemendur sem glíma við geðrænar áskoranir verða hafðir með í ráðum við gerð námskeiða. Mikill árangur hefur náðst í svipuðum skólum í Bretlandi þar sem 70% nemenda halda áfram námi.

MENNTAMÁL Aðstandendur Bataskóla Íslands vonast til þess að nám í skólanum verði í framtíðinni metið til eininga í framhaldsskólum landsins, öðlist sjálfstæði og að fólk á landsbyggðinni fái líka aðgengi að náminu.

Það er framtíðarsýnin en skólinn er tilraunaverkefni til þriggja ára á vegum Reykjavíkurborgar og Geðhjálpar. Bataskóli Íslands hefst næsta haust og verður boðið upp á nám fyrir fólk 18 ára og eldra, með geðrænar áskoranir, aðstandendur þess og starfsfólk á heilbrigðis- og velferðarsviði. Skólinn er staðsettur í húsnæði Námsflokka Reykjavíkur við Suðurlandsbraut.

„Það kemur enginn hingað inn sem ekki vill það eða hefur áhuga á. Hingað koma nemendur sem vilja ná meiri stjórn á eigin lífi," segir Þorsteinn Guðmundsson. Þorsteinn og Esther Ágústsdóttir eru verkefnisstjórar Bataskólans. Esther er grunn- og framhaldsskólakennari að mennt og leggur stund á meistaranám í fullorðinsfræðslu með starfi sínu við Bataskólann. Þorsteinn er landsmönnum kunnur sem leikari og uppistandari. Hann leggur stund á sálfræði við Háskóla Íslands meðfram starfi sínu. „Okkur finnst að nemendur eigi að ráða því hvað er kennt í skólanum," segir Þorsteinn og Esther tekur undir. „Námsframboðið á að ráðast af áhuga og þörf nemenda hverju sinni. Það er mjög mikilvægt enda er markmið skólans að valdefla nemendur, auka við lífsgæði þeirra og styrkja sjálfsmyndina," nefnir Esther sem dæmi um markmið skólans.

„Við erum viðbót við flóruna, segir Þorsteinn. „Við erum ekki að koma í staðinn fyrir aðra góða þjónustu." Þau nefna að í skólanum felist dýrmætur ávinningur fyrir samfélagið. „Það er svo dýrmætt að virkja fólk til þátttöku í samfélaginu. Það leiðir að sjálfsögðu af sér minni þörf fyrir aðra þjónustu," segir Esther sem hefur sjálf reynslu af geðrænum áskorunum.

Dæmi um námskeið í skólanum sem verða kennd næsta haust eru Kvíðastjórnun, Heilsa og vellíðan, Frá þunglyndi til léttara lífs, Sjálfstraust og samskiptahættir og sérstakt námskeið um batahugmyndafræðina. Ítarlegri upplýsingar um skólann er að finna á heimasíðunni bataskoli.is, benda þau á.

Þorsteinn og Esther í einni af skólastofum Bataskólans á Suðurlandsbraut.
FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

> **Það má til dæmis bara fara úr kennslustofunni ef manni leiðist. Eða ganga um. Hér þarf enginn að sitja og hlýða.**
>
> Þorsteinn Guðmundsson

„Námskeiðin eru samin og flutt af af sérfræðingi og jafningjafræðara sem er manneskja með reynslu af geðrænum áskorunum. „Hér lærir fólk það sem það vill. Það má til dæmis bara fara úr kennslustofunni ef manni leiðist. Eða ganga um. Hér þarf enginn að sitja og hlýða. Við höfum þetta frjálslegt og eftir þörfum," leggur Þorsteinn áherslu á og segir umhverfið munu verða hlýlegt og styðjandi.

Fyrirmynd að skólanum á Íslandi er Bataskóli í Nottingham, Nottingham Recovery College, þar sem fyrirkomulagið hefur skilað góðum árangri. Langflestir nemenda eða um 70 prósent halda áfram einhvers konar námi og taka virkan þátt í samfélaginu að námi loknu. „Nemendur setja sér sín markmið og meta sjálfir árangurinn. Þeir hafa sitt að segja um þróun námsins og hvernig því vindur fram. Ég þekki það sjálf að það er mikilvægt að finna sjálfstraustið aftur. Það getur brostið þegar við tökumst á við geðrænar áskoranir. Ég veit það líka af reynslu að það er ekki til staðar í skólakerfinu þessi brú yfir í áframhaldandi nám."

Esther er umhugað um að íbúar á landsbyggðinni muni í framtíðinni njóta þjónustunnar. „Okkur langar að finna leiðir til þess að íbúar landsbyggðarinnar fari ekki á mis við þjónustuna. Það er framtíðarsýnin og við sjáum fyrir okkur eins konar færanlegt útibú af skólanum á landsbyggðinni."

Hvað með ungt fólk sem flosnar úr námi vegna geðrænna áskorana? „Skólinn er fyrir átján ára og eldri. Þeir sem hafa náð átján ára aldri geta komið hingað til náms og til þess að ná aftur styrk til að fara í skóla. Auðvitað væri skemmtilegt ef námið væri metið til eininga þannig að það nýtist ungu fólki, hvort sem það hefur flosnað upp frá skóla eða á erfitt með skólagöngu. Þetta er einnig nokkuð sem má skoða í nánustu framtíð," segir Þorsteinn.

Haldin verður opinn kynningarfundur um skólann á Grand Hóteli, næstkomandi þriðjudag á milli kl. 14.30 og 15.30 sem er öllum opinn á meðan húsrúm leyfir. Fimmtudaginn 1. júní verður svo opnað fyrir umsóknir nemenda á heimasíðu skólans, bataskoli.is.

kristjanabjorg@frettabladid.is

Þú nærð nýjum hæðum í Cross Polo. Frábærir eiginleikar og ríkulegur staðalbúnaður breyta akstrinum í ævintýr. Komdu og prófaðu nýjan Cross Polo.

Tilboðsverð frá:
2.990.000 kr.
Verðlistaverð: 3.390.000 kr.

- 17,5 cm veghæð
- Hraðastillir
- Íslenskt leiðsögukerfi
- Xenon aðalljós og LED dagljós
- Nálgunarvarar að aftan og framan
- 17" Canyon felgur
- Hiti í framsætum
- App Connect með Mirror Link og Apple Car Play
- Bluetooth búnaður fyrir síma og afspilun á tónlist

Volkswagen

www.volkswagen.is

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ

Nafnið breytist, en við erum enn til taks
þegar ævintýraþráin gerir vart við sig.
airicelandconnect.is

Air Iceland Connect

SPAN
Vandaður hægindastóll með gráu slitsterku áklæði. Viðalit eða svört viðargrind og lappir.

89.990 kr. ~~109.990 kr.~~

PALOMA
Hægindastóll frá Furninova. Laxa-bleikt eða grátt slitsterkt áklæði.

59.990 kr. ~~79.990 kr.~~

EMILIA
Ruggustóll. Grátt slitsterkt áklæði, málmgrind og viður.

24.990 kr. ~~29.990 kr.~~

TANGO
Slitsterkt áklæði, dökkgrátt, brúnt eða orange.

Stóll
47.990 kr. ~~59.990 kr.~~

Skammel
19.990 kr. ~~24.990 kr.~~

ASTRO
Fæst í rauðu og kakí áklæði með olíubornum eikarlöppum.

39.990 kr. ~~59.990 kr.~~

FULL BÚÐ AF NÝRRI OG SKEMMTILEGRI SMÁVÖRU FYRIR LIFANDI HEIMILI

Aida Raw hnífa-parasett fyrir fjóra
9.890 kr.

Hauskúpa
16.990 kr.

Vanilla Fly

Sophia stytta Nike 19 cm.
5.790 kr.

Lukkutröll 9 cm **4.790 kr.** 15 cm **11.290 kr.**

Bókastoðir
7.290 kr. stk.

Flóðhestakertastjaki
5.290 kr.

Reykjavík Bíldshöfði 20
10 – 18 virka daga
11 – 17 laugardaga
13 – 17 sunnudaga

Akureyri **Dalsbraut 1**
10 – 18 virka daga
11 – 16 laugardaga

Ísafjörður **Skeiði 1**

www.husgagnahollin.is
558 1100

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru.

LEVANTO

Danskir hægindastólar sem hafa slegið í gegn.
Hallanlegir með snúningi.
Stærð: 77 × 75 × 109 cm

IDdesign

Levanto hægindastóll í leðri. Fáanlegur svartur, hvítur, rauður, dökkbrúnn, koníaksbrúnn, ljós- og dökk grár.

Levanto stóll
79.990 kr.
~~99.990 kr.~~

Levanto skammel
19.990 kr.
~~24.990 kr.~~

Nýtt og spennandi fyrir lifandi heimili

furninova

SALMA

Night, þriggja sæta sófi. Ljósgrátt, grátt, eða laxableikt áklæði.
Stærð: 212 x 90 x 80 cm

179.990 kr.
~~229.990 kr.~~

furninova

ASTERIX

2,5 og þriggja sæta sófi. Ljós- og dökkgrátt áklæði.

2,5 sæta: 200 x 95 x 87 cm
199.990 kr.
~~259.990 kr.~~

3 sæta: 230 x 95 x 87 cm
229.990 kr.
~~299.990 kr.~~

ANDREW

Borðstofustóll. Fæst í bundnu leðri, svörtu, hvítu eða brúnu.

12.990 kr. ~~16.990 kr.~~

ALEXA

Ekta leður, svart eða brúnt. Fætur úr burstuðu stáli.

23.990 kr. ~~29.990 kr.~~

HYPE

Borðstofustóll, grátt PU-leður og svartar lappir.

29.990 kr. ~~39.990 kr.~~

DENVER

Borðstofustóll, eik með gráu áklæði.

skovby

47.990 kr. ~~59.990 kr.~~

DENVER

Borðstofustóll, eik með svörtu leðri.

skovby

63.990 kr. ~~79.990 kr.~~

Þú finnur nýja bælinginn okkar á www.husgagnahollin.is

HÚSGAGNA HÖLLIN

Ohf. er bastarður

Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Glæsilegar umbúðir um ársskýrslu RÚV eru vitnisburður um mikið góðæri á þeim bæ. Jafnvel í ríkjandi árferði, þegar smjör drýpur af hverju strái í mörgum atvinnugreinum, leyfa fá fyrirtæki sér þann munað sem ársskýrsla RÚV endurspeglar.

Táknrænt stærilætið stingur í augu. Á sama tíma berjast aðrir fjölmiðlar í bökkum í harðnandi samkeppni í landamæralausum heimi. Sumum blæðir út. Kostnaðurinn við ársskýrslu RÚV eina myndi duga til að reka minni miðlana mánuðum saman.

Óþarft væri að hafa orð á þessu ef leikreglurnar á fjölmiðlamarkaði væru sanngjarnar.

Þegar RÚV var breytt í opinbert hlutafélag, ohf., losnaði það undan sjálfsögðum skyldum ríkisstofnana en hélt áfram að fá fé úr ríkiskassanum. Ohf. er bastarður sem ekki á rétt á sér. Ríkið á RÚV með húð og hári og því ættu reglur um starfsemi ríkisins að gilda. Stofnunin er hins vegar undanþegin helstu kvöðum sem lagðar eru á ríkisstofnanir. Hún er óháð upplýsingalögum og sjálfdæmið í mannaráðningum er mikið.

Samkeppniseftirlitið er tregt til að skipta sér af framferði RÚV á markaði. Um stofnunina gilda sérlög, líkt og um Mjólkursamsöluna, sem gefur RÚV, eins og MS, óeðlilegt olnbogarými í bullandi samkeppni. Þó ætti að fylgjast sérstaklega vel með á mörkuðum sem eru skekktir með ríkispeningum, eins og fjölmiðlamarkaðurinn og verslun með landbúnaðarafurðir.

Á árunum 2012 til 2016 fékk RÚV rúma 17 milljarða úr ríkissjóði. Það skapar stofnuninni stöðu sem hún æ ofan í æ hefur nýtt til að valta yfir keppinautana. Sjálfir verða þeir að rísa undir eigin útgjöldum. Mest hefur verið rætt um auglýsingamarkaðinn. En þetta á líka við í samkeppni um dagskrá. Tvíhöfði, ein blómlegasta afurð einkaútvarps á Íslandi, er nýjasta dæmið. Hann er kominn á dagskrá Rásar 2. Ekki er við snillingana Jón Gnarr og Sigurjón að sakast. Þeir ráða sig hjá þeim sem býður best.

Í ár fær RÚV tæpa fjóra milljarða af skattfé. Í krafti þess getur stofnunin viðhaldið yfirburðastöðu sinni á auglýsingamarkaði. Skipulega sópar hún til sín æ stærri hluta af auglýsingum. Það er bagalegra nú en oft áður því samkeppni á auglýsingamarkaði harðnar ár frá ári á tímum alþjóðlegrar fjölmiðlunar.

Ekki er nóg með að RÚV fái beinu framlögin frá ríkinu. Stofnunin fær næstum helming úthlutaðs fjár frá Kvikmyndamiðstöð Íslands, sem útdeilir styrkjum til sjónvarpsmyndagerðar fyrir hönd ríkisins. Ekki er gert of mikið úr hlut Kvikmyndamiðstöðvar í fjárlögum ríkisins. Hann er of rýr. Ríkisstyrkir til kvikmyndagerðar skila sér, oft margfalt í beinhörðum peningum en stundum óbeint. En það skýtur skökku við, að tvístyrkja stríðalið RÚV sem ekki þarf að lúta neinum venjulegum rekstrarreglum.

Við þurfum gott Ríkisútvarp, sem sinnir fræðslu og menningarhlutverki. En það má ekki valta yfir allt og alla. Einkareknir fjölmiðlar þurfa að dafna líka. Staðan núna er óþolandi. Ríkisútvarpi eru alltof litlar skorður settar. Ríkisstjórnin þykist hliðholl atvinnulífi og einkarekstri. Hún verður að rétta kúrsinn.

Um stofnunina gilda sérlög, líkt og um Mjólkursamsöluna, sem gefur RÚV, eins og MS, óeðlilegt olnbogarými í bullandi samkeppni.

Gunnar

Mín skoðun Logi Bergmann

Kaupmaðurinn útí rassgati

Ég ólst upp í Smáíbúðahverfinu. (Ég veit! Fáránlegt nafn á hverfi!) En næsta gata við mig var Búðagerði. Það var einstaklega viðeigandi nafn. Þar voru tvær matvöruverslanir: Austurborg og Söbechsverzlun. Þar var líka mjólkurbúð og kjötbúð og líklega bakarí eða fiskbúð. Ég man þetta ekki alveg, nema að það var engin ástæða til að fara eitthvert annað.

Þetta voru tímar þar sem fólk labbaði út í búð, gjarnan með innkaupanet, og keypti í matinn. Það kostaði bara það sem það kostaði. Í fimm hundruð metra radíus frá heimili mínu voru sennilega sex eða sjö matvöruverslanir, sem reyndar komu og fóru. Á Grensásveginum voru tvær, ein í Grímsbæ, Réttarholtsvegi og Tunguvegi. Svo voru líklega einar þrjár á Háaleitisbrautinni. Öll hverfi áttu sína verslun.

Flestar voru þetta litlar búðir, gjarnan kenndar við kaupmanninn. Nágrannar voru með reikning og það var fullkomlega eðlilegt að senda barn útí búð að kaupa pakka af Camel og gulan Braga. Enginn velti því fyrir sér hvort eitthvað í hillunni væri útrunnið, „best fyrir“ var framandi hugtak. Ef það leit út fyrir að vera í lagi, þá var alveg hægt að borða það.

Í bakaríinu fékkstu franskbrauð, rúgbrauð, heilhveitibrauð og normalbrauð. Ekkert sólkjarna-sjökornarugl. Já og snúða og vínarbrauð.

Í Austurborg, sem var reyndar alltaf kölluð Jónasarbúð, fékk ég fyrsta græna frostpinnann. Þar drakk maður Miranda, Fresca, Póló og fleiri drykki sem heyra sögunni til. Þar stal ég tveimur eplum og er enn með samviskubit.

Svo breyttist þetta. Hagkaup kom í Skeifuna og þar var meira af öllu og ódýrara. Smám saman fækkaði búðunum og keðjunum fjölgaði. Sennilega var það Bónus sem gekk endanlega frá kaupmanninum á horninu. Nú eru bara nokkrir eftir. Notalegar búðir. Kannski heldur dýrari en stórmarkaðirnir en klárlega eitthvað sem við viljum hafa.

Við söknum kaupmannsins. Nándarinnar og félagsheimilisins sem myndaðist. Við viljum eiga stað þar sem kaupmaðurinn þekkir mann með nafni og veit hvað maður vill.

Costco, sem er þarna úti í rassgati, er eins langt frá kaupmanninum á horninu og hugsast getur. Það eru meiri líkur á að mæta hjólreiðamanni á leið upp Grensásveginn en að einhver fari gangandi í Costco. Í stað persónulega félagsheimilisins er komið skírteini með mynd. Það er slegist um kerrur. Notalega nándin breyttist í tólf þúsund fermetra af hlutum sem við vissum ekki að okkur vantaði. En verðum að fá þá þegar við sjáum þá. Með þessu kemur ný tegund af sparnaði: Að kaupa okkur eitthvað sem við þurfum ekki, af því að það er ódýrara en annars staðar. (Það er samt sem áður enn þá góð regla að kaupa ekki hluti bara til að kaupa. Það er nefnilega sóun.)

Við, sem þjóð, erum svo spennt fyrir einhverju nýju. Það ætti varla að koma á óvart. Þjóð sem lengi hélt að franskar kartöflur væru flökkusaga, náði að mynda röð á fyrsta McDonalds-staðnum (en samt setja hann á hausinn), Elko og Dunkin' Donuts. Þegar Lindex kom þurfti að loka henni í viku af því að allt kláraðist. Það er sennilega varla eðlilegt en samt eitthvað svo krúttlegt.

En svo er alltaf hópurinn sem þarf, á yfirlætisfullan hátt, að gera grín að fólki sem getur ekki hamið sig. Mér finnst það eiginlega miklu glataðra en fólkið sem er að pissa í buxurnar af spenningi yfir því að það sé komin ný búð.

Það er rétt að taka það fram að ég hef ekkert á móti þessu. Ég er sjálfur eins og barn í nammibúð þegar ég kemst í raftækjaverslun. Kandíflossvélin og súkkulaðigosbrunnurinn í bílskúrnum segja allt sem segja þarf. Og það er ekki eins og ég hefði ekki komist af án ryksugu- og skúringaróbóta. Ég er alls ekki í neinni stöðu til að tala niður til þeirra sem fylla Costco. En ég held að ég bíði samt aðeins með að fara að skoða þetta þangað til að ég verð búinn að laga til í geymslunni. Og bílskúrnum.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*



VERÐ FRÁ:

2.090.000 kr.

Eyðsla frá 3,0 l/100 | CO_2 losun frá 79 g/km

SPORTLEGUR, LIPUR OG ÖRUGGUR

Gæði Peugeot 208 heilla þig strax. Sportlega hannaður, sparneytinn og fáanlegur með Bluetooth og 7 tommu snertiskjá. Einstaklega lipur í umferðinni, snarpur í akstri og státar af fimm stjörnu öryggi. Puretech vélar Peugeot eru þekktar fyrir sparneytni og að vera einstaklega umhverfisvænar.

PEUGEOT 208

MOTION & EMOTION

PEUGEOT

brimborg

Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 8
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

Hinn eini og sanni Mónakókappakstur Formúlunnar er um helgina

Kominn tími á að Ferrari vinni í Mónakó? Mónakókappaksturinn verður sýndur í opinni dagskrá á Stöð 2 Sport um helgina, tímatakan í dag og kappaksturinn á morgun. Þjóðverjinn Sebastian Vettel er með forystu í keppni ökumanna en hann keppir fyrir Ferrari-liðið sem hefur ekki unnið í Mónakó síðan 2001 (Michael Schumacher). Vettal sést hér keyra Ferrari-bílinn sinn í brautinni í kringum snekkjurnar. NORDICPHOTOS/GETTY

Slagur um síðustu fimm sætin

Dagný Brynjarsdóttir sneri aftur í íslenska landsliðshópinn sem mun mæta Írlandi og Brasilíu í byrjun næsta mánaðar. Freyr er búinn að taka frá átján sæti í EM-hópnum sínum. Þá standa bara fimm eftir.

FÓTBOLTI Freyr Alexandersson landsliðsþjálfari valdi í gær 24 leikmenn í hóp sinn fyrir vináttuleikina gegn Írlandi og Brasilíu sem fara fram snemma í næsta mánuði.

Stóru tíðindin eru þau að Dagný Brynjarsdóttir er komin aftur í hópinn en hún hefur misst af síðustu tveim leikjum vegna meiðsla. Hrafnhildur Hauksdóttir Val og Guðmunda Brynja Óladóttir Stjörnunni voru ekki valdar að þessu sinni en þær voru með í leikjunum á móti Slóvakíu og Hollandi í apríl.

Tveir leikmenn Stjörnunnar, miðvörðurinn Anna María Baldursdóttir og miðjumaðurinn Lára Kristín Pedersen, koma inn í hópinn sem og Svava Rós Guðmundsdóttir, framherji Breiðabliks. Allar hafa farið vel af stað í Pepsi-deildinni.

Dagný Brynjarsdóttir er komin aftur í íslenska liðið. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Tveir æfingaleikir

Ísland mætir Írlandi ytra fimmtudaginn 8. júní og svo mætir stórlið Brasilíu í heimsókn á Laugardalsvöllinn þriðjudaginn 13. júní. Það verður síðasti vináttuleikur Íslands fyrir EM sem hefst í júlí. Lokahópurinn fyrir EM verður svo valinn þann 22. júní. Það er því mikið undir hjá stúlkunum að sanna sig.

„Við munum ekki spila meira en þetta fyrir mót út af álaginu sem mun myndast fram að 3. júlí er EM-hópurinn kemur saman. Stelpurnar eru í raun að spila á fjögurra daga fresti frá og með deginum í dag fram að undirbúningi landsliðsins. Það er því mikið álag fyrir leikmenn sem eru ekki í atvinnumennsku," segir Freyr Alexandersson landsliðsþjálfari og bætir við að hann þurfi á hámarksorku að halda frá liðinu þegar stóra ballið byrjar.

Fagna endurkomu Dagnýjar

Eins og áður segir er Dagný Brynjarsdóttir að snúa til baka en hún er algjör lykilmaður í íslenska liðinu.

„Þetta hefur verið langur og erfiður vetur hjá henni. Við fögnum því gríðarlega að fá Dagnýju aftur inn í hópinn. Hún er klárlega lykilmaður í íslenska landsliðinu. Skorar mörk og tekur mikið til sín. Hún er líka ofboðslega mikilvæg í föstum leikatriðum. Við verðum samt að fara sparlega með hana því við vitum ekki alveg hversu langt hún er komin. Það er spurning með leikformið enda langt síðan hún spilaði leik. Líkamlegt atgervi er aftur á móti á mjög góðum stað en við höfum fengið tölur frá liðinu hennar úti og erum ánægðir með stöðuna á henni."

Ekki lokað á þær meiddu

Sandra María Jessen og Hólmfríður Magnúsdóttir eru báðar byrjaðar að spila á nýjan leik eftir meiðsli en eru engu að síður ekki í leikmannahópnum.

„Það þýðir að þær eru á sama stað og ég átti von á fyrir smá tíma. Það er frábært að þær séu komnar inn á völlinn. Það gefur okkur von um að þær verði klárar fyrir EM. Þær eiga samt svolítið í land með líkamlegt atgervi og leikform. Það er enn smá tími og það er mikilvægara fyrir þær að æfa vel í landsleikjahléinu heldur en að koma í verkefni með okkur núna. Þær eru báðar inni í myndinni en við verðum að taka frekari ákvörðun með þær síðar," segir Freyr en Hólmfríður er með reynslumeiri leikmönnum Íslands.

Ólík verkefni

Í þessum leikjum gegn Írum og Brasilíu mun íslenska liðið fá að glíma við tvo mjög ólíka leikstíla.

„Þetta eru frábær verkefni og ólík. Það verður þungavigtarleikur og slagsmál í leiknum gegn Írum. Það er gott því við þurfum á því að halda núna. Svo kemur þetta frábæra fótboltalið sem Brasilía er. Við hlökkum mikið til þess en verðum að halda einbeitingu á Íraleiknum fyrst og fá sem mest út úr honum. Svo verður gaman. Við vildum það. Fá alvöru þjóð á Laugardalsvöll með aðdráttarafl. Það myndi gefa okkur mikið að fá stuðning í þeim leik. 13. júní ætti að vera frábært kvöld í Laugardalnum," segir landsliðsþjálfarinn spenntur.

Það verður mikil spenna þann 22. júní er EM-hópurinn verður valinn. Freyr er líklega búinn að taka frá þó nokkur sæti en hvað standa eftir mörg sæti sem slegist er um?

„Ég get alveg sagt að við erum búnir að ákveða 18 leikmenn. Þá standa eftir fimm sæti sem tíu leikmenn eru að bítast um. Við getum ekki tekið ákvörðun um þau fyrr en eftir júní-verkefnin er við sjáum betur stöðuna á meiddu leikmönnunum."

henry@frettabladid.is

ÍSLANDSMET, NORÐURLANDAMET OG HM SILFUR

Fanney Hauksdóttir náði frábærum árangri í gær á Heimsmeistaramótinu í bekkpressu í Kaunas í Litháen þegar hún vann til silfurverðlauna. Fyrsta lyftan hennar var dæmd ógild en hún lét það mótlæti ekki stoppa sig, lyfti 152,5 kílóum í annarri lyftu og bætti síðan sitt eigið Íslands- og Norðurlandamet með því að lyfta 157,5 kíló í síðustu tilraun sinni.

AFMÆLISVEISLA HJÁ FYLKI

Fylkir heldur upp á 50 ára afmæli félagsins á morgun og verður dagskrá frá klukkan 10.00 þegar verður ræst í Árbæjarhlaupið. Það verður líka fimleikasýning í Fylkishöll (kl. 11.30), afmæliskaffi (kl. 12.30), sögusýning í Fylkishöll og þá spila Fylkiskonur heimaleik á móti KR í Pepsi-deildinni klukkan 14.00 en afmælisgestum verður boðið á völlinn. Það verður síðan einnig boðið upp á grillaðar pylsur áður en rútur flytja alla í Kórinn þar sem Fylkir spilar við HK í Inkasso-deildinni klukkan 17.00.

SJÖ ÁR SÍÐAN AÐ LIÐ VANN TVÖFALT Í ENGLANDI

Nýkrýndir Englandsmeistarar Chelsea og Arsenal mætast í dag í úrslitaleik ensku bikarkeppninnar á Wembley. Arsenal á þarna möguleika á að vinna þriðja bikarmeistaratitilinn á síðustu fjórum árum og sinn sjöunda bikarmeistaratitil undir stjórn Frakkans Arsene Wenger. Chelsea vann síðast enska bikarinn 2012 en Chelsea liðið frá tímabilinu 2009-2010 er síðasta liðið sem vann ensku deildina og enska bikarinn á sama tímabili. Það væri magnað ef Ítalanum Antonio Conte tækist að vinna tvöfalt á sínu fyrsta tímabili í enska boltanum en hann vann aldrei tvöfalt með lið Juventus.

Dagskrá helgarinnar

Pepsi-deild karla:

L	14.00	KA - Vík. R.	Akureyrarv.
L	16.00	ÍBV - ÍA	Ólafsvíkurv.
S	18.00	Breiðabl. - Vík. Ó.	Kópav.
S	19.15	Fjölnir - Stjarnan	Grafarv.
S	19.15	Grindavík - Valur	Grindav.
S	20.00	KR - FH	KR-völlur

Pepsi-deild kvenna:

S	14.00	Fylkir - KR	Floridana-v.

Inkasso-deild karla:

L	16.00	Þór - Haukar	Þórsvöllur
S	17.00	HK - Fylkir	Kórinn

Laugardagur

11.30	BMW PGA Champ.	Golfst.
11.50	F1 Tímataka, Mónakó	Sport
13.45	KA - Víkingur R.	Sport 2
16.15	Arsenal - Chelsea	Sport
17.00	Dean & Deluca Inv.	Golfst.
19.00	LPGA Volvik	Sport 4

Sunnudagur

11.30	BMW PGA Champ.	Golfst.
11.50	F1 í Mónakó	Sport
17.00	UFC Fight Night	Sport 2
17.00	Dean & Deluca Inv.	Golfst.
17.50	Breiðabl. - Vík. Ó.	Sport 3
19.00	LPGA Volvik	Sport 4
19.45	KR - FH	Sport
22.00	Pepsímörkin	Sport
23.25	Síðustu 20	Sport

VIÐ KVEÐJUM

30%

TIL

70%

AFSLÁTTUR

#LOKAHÓF #TAKKFYRIR #19ÁR #LAGERSALA

INTERSPORT AKUREYRI / SÍMI 460 4891 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 10 - 16.
INTERSPORT BÍLDSHÖFÐA / SÍMI 585 7220 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 11 - 17. SUN. 13 - 17.
INTERSPORT SELFOSSI / SÍMI 480 4611 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 10 - 16.

SPORT TO THE PEOPLE

INTERSPORT®

SUMARTILBOÐ

Toronto-sumarhúsgögn. Hornsófi. 263 x 204 cm. 299.900 kr. Nú 224.900 kr.
Borð. 140 x 67,5 x 74 cm. 69.900 kr. 49.900 kr. Hægindastóll, stillanlegur. 89.900 kr. Nú 64.900 kr.
Skemill. 34.900 kr. Nú 24.900 kr. Sessur fylgja.

Stóll
Nú **9.900**

Borð
Nú **29.900**

Siam-borð. Gúmmíviður, álgrind. 39.900 kr. Nú 29.900 kr. **Svaneke-stóll.** Svartur. 14.900 kr. Nú 9.900 kr.

Summer-blómapottur. Grár, svartur eða drapplitaður. Lítill. Ø21,5x22 cm. 2.995 kr. Nú 1.995 kr. Miðstærð. Ø28x25 cm. 3.995 kr. Nú 2.995 kr. Stór. Ø36,5x31 cm. 5.995 kr. Nú 4.495 kr.

Botanic-stóll. Hvítur eða drapplitaður. 24.900 kr. Nú 17.900 kr.

Nú **17.900**

Havana-stóll. Stillanlegur. 24.900 kr. Nú 17.900 kr. Sessa seld sér.

Nú **9.900**

Tonga-stóll. Svart bast. Armhvílur úr gúmmívið. 13.900 kr. Nú 9.900 kr.

Nú **17.900**

Summer-hægindastóll. Bast. 24.900 kr. Nú 17.900 kr.

Summer-teppi. 130x170 cm. 3 litir. 3.995 kr. Nú 2.995 kr.

Nú **11.900**

Summer-eldstæði. Svart með loki. Ø75 cm. 16.900 kr. Nú 11.900 kr.

Nú **1.295**

Summer-bali. Svartur eða hvítur. 1.795 kr. Nú 1.295 kr.

ILVA Korputorgi, s: 522 4500
laugardaga 10-18, sunnudaga 12-18, mánudaga - föstudaga 11-18:30

FACEBOOK.COM/ILVAISLAND
INSTAGRAM .COM/ILVAISLAND
SNAPCHAT ILVAISLAND
WWW.ILVA.IS

25. MAÍ - 5. JÚNÍ

San Antonio-borð. 90 x 200 cm. 99.900 kr. Nú 74.900 kr. **Botanic-stóll.** Hvítur eða drapplitaður. 24.900 kr. Nú 17.900 kr.

Nú **14.900**

Copenhagen-stóll. 4 litir með viðarfótum, 3 litir með vírfótum. 19.900 kr. Nú 14.900 kr.

Summer-sessa. 40x40x8 cm. 4 mismunandi litir. 1.795 kr. Nú 1.295 kr.
Summer-sessa. 40x40x6 cm. 4 mismunandi litir. 1.195 kr. Nú 895 kr.
Summer-sessa. 40x40x4 cm. 4 mismunandi litir. 995 kr. Nú 695 kr.

Nú **199.900**

Minneapolis-hornsófi. Bast, sessur fylgja. L 247 x H 65 x B/D 247 cm 279.900 kr. Nú 199.900 kr.

Nú **59.900**

Chios-stóll. Legubekkur m/sessu. Armur til vinstri eða hægri. 79.900 kr. Nú 59.900 kr.

Nú **11.900**

Blossom-sófaborð. 3 borð í setti. Lítið. 30x30 cm. Miðstærð. 38 x 38 cm. Stórt. 45 x 45 cm. 16.900 kr. Nú 11.900 kr.

VEXTIR 0%

12 MÁNAÐA VAXTALAUS GREIÐSLUDREIFING
Þegar verslað er með VISA eða MasterCard. Þegar verslað er fær kaupandi að sjá yfirlit yfir greiðsluáætlun sem sýnir áætlaðar mánaðarlegar greiðslur, ásamt lántökukostnaði og færslugjaldi.

VISA MasterCard

3 MÁNAÐA VAXTALAUS GREIÐSLUDREIFING MEÐ Netgíró

Þórunn Lárusdóttir, í hlutverki sínu sem andamamma, og Andrea Ösp Karlsdóttir, sem kiðlingurinn sem slapp úr ævintýrinu Kiðlingarnir sjö, á frumsýningu Ljóta andarungans. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ljóti andarunginn með augum Lottu

Leikhópurinn Lotta hóf sitt 11. starfsár í vikunni og sýndi hið klassíska verk Ljóta andarungann. Hópurinn mun ferðast til 50 staða í sumar. Stelpurnar í hópnum sjá um tónlist og texta í fyrsta sinn.

Aðaláherslan í verkinu er á einelti og fylgifiska þess. Við fylgjumst með líðan fórnarlambs eineltis í gegnum andarungann. Honum er útskúfað og í gegnum söguna er honum kennt að treysta á sjálfan sig og gefast ekki upp þótt á móti blási, sætta sig við það sem aðrir segja að séu hans gallar því hver veit nema það séu miklir og jafnvel hans helstu kostir," segir Anna Bergljót Thorarensen, höfundur Ljóta andarungans sem Leikhópurinn Lotta frumsýndi í vikunni. Þetta er sjöunda leikritið sem hún skrifar fyrir hópinn. Hún hefur verið meðlimur í Leikhópnum Lottu frá stofnun hans árið 2006.

Þetta er ellefta sumarið sem Leikhópurinn Lotta setur upp útisýningu en síðastliðin sumur hefur hópurinn tekist á við Litlu gulu hænuna, Hróa hött, Gilitrutt og Stígvélaða köttinn svo nokkur verk séu nefnd. Í sumar mun hópurinn svo ferðast með sýninguna og heimsækja yfir 50 staði víðsvegar um landið.

„Gleðin byrjaði á miðvikudag og síðan verður haldið áfram að brosa án þess að stoppa út ágúst. Ég held að við förum þrjá hringi í kringum landið.

Maður trúir ekki sjálfur að það séu komin ellefu ár því þetta hefur liðið mjög hratt. Við vorum að fá nýjasta diskinn okkar í hendurnar og vorum að raða honum upp með hinum. Þetta er ellefti diskurinn sem við gefum út og erum yfirleitt að selja í kringum þrjú þúsund eintök á hverju ári," segir hún.

Ný tónlist var samin fyrir verkið. Textarnir eru eftir Önnu en lögin sömdu þær Helga Ragnarsdóttir og Rósa Ásgeirsdóttir. „Konurnar sjá um tónlistina í fyrsta sinn að þessu sinni. Ég er að semja textana sem er skemmtileg áskorun."

Um er að ræða útgáfu leikhópsins á verki H.C. Andersen um svansungann sem fæddist inn í andafjölskyldu. Að þessu sinni er hann þó ekki einn á ferð heldur er búið að blanda saman fimm þekktum ævintýrum í þetta eina verk. Þau eru Öskubuska, Kiðlingarnir sjö, Hérinn og skjaldbakan og Prinsessan á bauninni. Ljóti andarunginn kynnist öllum þessum persónum og fleirum til þegar hann ferðast um Ævintýraskóginn.

Miðaverð á sýninguna er 2.300 krónur og ekki þarf að panta miða fyrirfram. Gott er að klæða sig eftir veðri þar sem sýnt er utandyra.

benediktboas@365.is

Anna Bergljót Thorarensen er höfundur Ljóta andarungans en þetta er sjöunda verk hennar fyrir leikhópinn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Inn í verkið Ljóti andarunginn fléttast fimm önnur ævintýri.

SMÁRALIND

GJAFAKORT SMÁRALINDAR

GJÖF SEM GEFUR ÓTAL MÖGULEIKA

ÞÚ FÆRÐ GJAFAKORTIÐ Á ÞJÓNUSTUBORÐI SMÁRALINDAR EÐA Á SMARALIND.IS

SUZUKI

Way of Life!

NÝR SWIFT

FRUMSÝNUM

NÝJAN ÓTRÚLEGA
FLOTTAN SUZUKI SWIFT
LAUGARDAGINN
27. MAÍ FRÁ KL. 12-16

KOMDU OG REYNSLUAKTU NÝJUM SWIFT

SUZUKI TÓKST HIÐ ÓMÖGULEGA, AÐ GERA NÝJAN SWIFT ENN BETRI. HANN ER KRAFTMEIRI, LÉTTARI, SPARNEYTNARI, RÚMBETRI OG FULLUR AF TÆKNINÝJUNGUM

SJÓN ER SÖGU RÍKARI, KOMDU Í HEIMSÓKN OG KYNNTU ÞÉR NÝJAN SUZUKI SWIFT.

Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is

SUZUKI

FLUTT MEÐ EIMSKIP

Suzuki bílar hf. I Skeifunni 17 I Sími 568 5100

Þótt Sigríður hafi ferðast víða um heim vegna tónleikahalds hafði hún aldrei kynnst annarri eins borg og Dakka, höfuðborg Bangladess. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Blendnar tilfinningar við heimkomuna

„Dvölin breytti mér til frambúðar. Ég hef aldrei áður stigið inn í svona hræðilegar aðstæður," segir **Sigríður Thorlacius** söngkona, sem fór fyrr á þessu ári til Bangladess sem sjálfboðaliði UNICEF. Þar hitti hún lítil börn, allt niður í fimm ára gömul, sem unnu erfiðisvinnu.

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is

Sigríður Thorlacius tók sér tíma til að ákveða hvort hún færi sem sjálfboðaliði UNICEF til Bangladess. „Ég var ekki viss um hvort ég ætti að fara," segir Sigríður um það þegar UNICEF leitaði til hennar fyrir nokkru síðan og bað hana um að fara þangað að kynna sér starf samtakanna þar í þágu barna. Um 40 prósent af íbúum Bangladess eru börn, eða um 57 milljónir. Um 26 milljónir þessara barna búa undir fátækramörkum og skortir því oft grunnþarfir líkt og hreint vatn, næringu, menntun, heilsugæslu, hreinlæti eða húsaskjól.

„Mér fannst eins og það þyrfti svakalegan bolta í þetta verkefni. Ég var upptekin á þeim tíma sem stóð til að fara, en hefði mögulega getað afbókað," segir Sigríður frá.

Þegar tímasetningar ferðarinnar breyttust var aftur haft samband við Sigríði. „Þá hugsaði ég með mér: Æi, Sigríður, þú hefur gott af þessu og þú getur gert þetta. Ég ákvað að taka mér ekki frekari tíma til umhugsunar og sagði já.

Ég hef mikinn áhuga á málefnum barna og hef verið heimsforeldri UNICEF í áratug. Ég ákvað að líta á tilboðið sem tækifæri fyrir mig til að kynnast öðru en ég er vön."

Þótt Sigríður hafi ferðast víða um heim vegna tónleikahalds hafði hún aldrei kynnst annarri eins borg og Dakka, höfuðborg og jafnframt stærstu borg Bangladess, þar sem íbúafjöldi er um 17 milljónir á stórborgarsvæðinu.

ÞAÐ FÓR ALLT Í SMÁGRAUT Í HAUSNUM Á MÉR. VIÐ ERUM NEYTENDUR OG KANNSKI EKKI MEÐVITUÐ UM HVERNIG ALLT VERÐUR TIL SEM VIÐ KAUPUM. ÞETTA ER ÓGEÐSLEGT.

„Við dvöldum í tíu daga í Dakka. Ég var með góðu fólki frá UNICEF, bæði sem ferðaðist með mér frá Íslandi og sem tók á móti mér í borginni. Þetta er risastór borg. Ég hef aldrei kynnst öðru eins. Ég hef farið mjög víða og ferðast um í Asíu. En til Bangladess sækja ekki ferðamenn. Mjög fáir að minnsta kosti og þetta er svo ólíkur menningarheimur þeim sem ég hef kynnst og margt nýtt fyrir mér," segir Sigríður og segir borgarbúa ekki síður hafa rekið upp stór augu vegna ferðalanganna. „Við vorum örugglega eins og fífl í þeirra augum í svörtu stuttermabolunum okkar, hlaðin myndavélum og drasli."

Lítil börn í mársteinaverksmiðju

Hún segir að ekkert hefði getað undirbúið hana undir það sem hún varð vitni að í borginni. En þrátt fyrir að í landinu séu lög sem segi til um að lágmarks vinnualdur eigi að vera 14 ár, þá eru um 3,5 milljónir barna, flest á aldrinum 5 til 15 ára, í þrælkunarvinnu í Bangladess. Yfir milljón þessara barna er í erfiðri og oft á tíðum stórhættulegri vinnu, ásamt því að upplifa oft skelfilegar aðstæður þar sem þau eru beitt ofbeldi og misnotkun. Börnin vinna hátt í 13 tíma á dag og fá oft lítið sem ekkert greitt fyrir. Börnin geta því ekki aflað sér menntunar en um 15 prósent barna á aldrinum 6 til 14 ára ganga ekki í skóla vegna þrælkunarvinnu.

„Ég var búin að vera að reyna að undirbúa mig og hafði heyrt í fólki sem hafði farið að þetta myndi taka á. Fljótt vissi ég að ég gæti ekki undirbúið mig undir það að vera þarna. Ég ákvað bara að ganga í þessar aðstæður og glíma við þær. Ég sá vegalaus börn, börn í þrælkunarvinnu og veik börn. Ég var aðallega að hitta og tala við börn og hitti til dæmis börn sem unnu í mársteinaverksmiðju sem var aðeins fyrir utan borgina og börn sem unnu í skóverksmiðju. Það tók á," segir Sigríður. „Það fór allt í smágraut í hausnum á mér. Við erum neytendur og kannski ekki meðvituð um hvernig allt verður til sem við kaupum. Þetta er ógeðslegt. Lítil börn að vinna erfiðisvinnu í skít og ömurlegum aðstæðum. Maður frýs bara."

Á sama tíma fannst Sigríði gott að verða vitni að því að það var hægt að koma góðu til leiðar í borginni. „Ég fór til dæmis á stúlknaheimili sem er starfrækt af UNICEF. Það er athvarf fyrir stúlkur sem byggju annars á götunni. Þar fá þær húsaskjól, fæði og umhyggju. Þegar þær eldast fara þær og leita að ungum stúlkum sem eru í sömu sporum og þær voru í þegar þær voru litlar. Koma þeim til hjálpar og í athvarfið. Í borginni var líka svipað athvarf fyrir stráka. Það gaf mér von að verða vitni að þessu góða starfi. Þetta var eiginlega bara brjálæðislega fallegt í þessu öllu saman."

Skráning fæddra barna í Bangladess er ein sú lægsta í heimi, þar sem rétt yfir helmingur barna fær skráningu. Þess vegna er erfitt að vernda börn gegn þrælkun, mansali og barnabrúðkaupum. Þetta eru ósýnileg börn í kerfinu. En svo sannarlega sýnileg á götum Dakka.

„Þetta eru berskjölduð börn, það eru börn að vinna úti um allt, frá fimm ára aldri. Það er svo auð-

Glæsilegt úrval á pier.is

Vertu vinur okkar á facebook

Zwolle spegill
Áður 19.990,- NÚ 10.000,-

POLO SÓFI
30% AFSLÁTTUR
Áður 189.900,- NÚ 132.930,-

POLO SÓFI 30% AFSLÁTTUR

PIER OPNAR Á SELFOSSI

Á LAUGARDAGINN KLUKKAN 12.00

GILDISTÍMI 27.–28. MAÍ. MEÐAN BIRGÐIR ENDAST. TILBOÐ GILDA Í ÖLLUM VERSLUNUM OKKAR.

Púðar áður 2.990,-
OPNUNARTILBOÐ 500,-

Chillan lukt
Áður 9.990,- NÚ 5.000,-

Krukkuglös 790,-
OPNUNARTILBOÐ 4 fyrir 1.000,-

Valdir skemlar 5.000,-

Kertakrukkur
Áður 990,- NÚ 200,-

Granby stóll
Áður 9.900,- NÚ 5.000,-

Zwettle skápur 40% AFSLÁTTUR
Áður 169.900,- NÚ 101.940,-

Erja stóll
30% AFSLÁTTUR
Áður 25.900,- NÚ 18.130,-

Hjarta púði
500,-

Valdir skemlar 5.000,-

Valin ilmkerti
á opnunartilboði
4 fyrir 990,-

the PIER

Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880

Hér má sjá myndir úr ferð Sigríðar. Heimsókn hennar á stúlknaheimili og í mársteinaverksmiðju þar sem lítil börn vinna langan dag við erfiðar aðstæður. MYNDIR/STEINÞÓR/UNICEF

➡ velt fyrir þá sem vilja misnota þau að nálgast þau. Svo er mikið af börnum sem týnast. Enginn veit hvað hefur orðið um þau," segir Sigríður sem segir reynsluna í Bangladess hafa breytt sýn sinni til frambúðar.

Börnin komin með skráp

Þá ekki síst hvað varðar bernskuna og ábyrgð þeirra fullorðnu. Hún rifjar það upp þegar hún heimsótti ferjustöð í Dakka þar sem lítil börn bjuggu.

„Þetta var rosalega fjölmenn ferjustöð við bryggju. Allt í hávaða og látum og þarna bjuggu lítil börn. Líklega um fimm ára gömul. Þótt þau væru svona lítil voru þau einhvern veginn svo alltof fullorðin, komin með skráp og orðin hörð af sér. Héldu sig saman í klíkum. Þarna urðu mér fyllilega ljós forréttindin sem við búum við og mér varð hugsað til lífs systkinabarna minna á Íslandi."

Sigríður segir einn dreng sem hún hitti hafa haft mikil áhrif á sig. „Ég er ekki foreldri og hef ekki mikið velt fyrir mér foreldrahlutverkinu. Eftir þessa heimsókn gæti ég hugleitt að ættleiða barn úr vondum aðstæðum. Ég hitti dreng sem hafði mikil áhrif á mig. Við hittum hann tvisvar. Fyrst á lestarstöðinni. Hann var tólf ára, hann var voða sætur og frakkur. Svo hittum við hann aftur tveimur dögum seinna og hann var að þvælast í kringum mig. Þá var ég með túlk og við fórum að spjalla saman. Hann sagði við túlkinn að við værum vinir. Við hefðum hist áður og að hann vildi koma með mér heim í flugvél. Hann spurði mig um Ísland og var eins og mörg þeirra barna sem ég hitti með svona skráp. Einhvern skjöld á sér. Ég hefði ekkert viljað frekar en að taka hann með mér. Ég áttaði mig samt á því að ég væri foreldri í raun. Sem heimsforeldri get ég bætt líf barna í hans stöðu. Ég er mjög þakklát því að hafa fengið að sjá uppbyggilegt starf UNICEF. Ég hef aldrei séð eftir því að styðja samtökin en þarna sá ég þetta með eigin augum, hvert mínir peningar fara. "

Þegar Sigríður kom heim voru tilfinningarnar blendnar. „Það er svo skrýtið að fara úr þessum aðstæðum og labba bara inn í sína íbúð og henda sér í sófann og vera áhyggjulaus, þannig séð. Þetta var smá krass. Á sama tíma og ég vildi vera lengur þráði ég að fara heim. Ofan á það að taka inn aðstæður barnanna þá er borgin yfirþyrmandi. Allt þetta fólk, allur þessi hávaði, bílflautur, læti, ryk, hiti og raki. Þetta var erfið ferð á allan hátt og ég var rosalega tilbúin að fara heim. Þetta var þó líka fallegt og spennandi," segir Sigríður og segir erfitt að miðla tilfinningum um ferðina.

„Við vitum af ástandinu. Við sjáum myndir, heyrum sögur þessara barna. En við áttum okkur samt ekki í raun og veru á hvað það er sem er á bak við þessar myndir. Ég hef til dæmis reynt að segja nánum vinum frá ferðinni. En það er erfitt að miðla þessu af öllu hjarta. Dvölin breytti mér til frambúðar. Þetta er allt nær mér og ég held að allir hafi gott af því að stíga inn í aðstæður sem þessar og mæta fólki sem býr við þær. Þessi börn eru ekki bara einhver mynd og einhver tölfræði. Þetta eru börn sem eiga að fá að leika sér, mennta sig. Vera örugg.

Ég fór aðeins að skoða sjálfa mig. Horfa í kringum mig á dótið mitt. Um leið og ég er þakklát fyrir rúmið mitt, húsaskjólið, þá styrkist meðvitundin um hvað allt draslið og dótið er merkingarlaust. Og hvað það er sem í raun er mikilvægt," segir Sigríður.

DAGUR RAUÐA NEFSINS

Á Íslandi eru vel yfir 26.000 heimsforeldrar sem hjálpa börnum í Bangladess og yfir 190 ríkjum um allan heim. Á degi rauða nefsins þann 9. júní næstkomandi vill UNICEF skemmta fólki og vekja um leið athygli á að heimsforeldrar og UNICEF berjast saman fyrir betri heimi fyrir öll börn.

3,5

MILLJÓNIR BARNA, FLEST Á ALDRINUM 5 TIL 15 ÁRA, ERU Í ÞRÆLKUNARVINNU Í BANGLADESS.

13

TÍMAR Á DAG ER ALGENGUR VINNUTÍMI BARNA. ÞAU FÁ OFT LÍTIÐ SEM EKKERT GREITT FYRIR.

15%

BARNA Á ALDRINUM 6 TIL 14 ÁRA Í BANGLADESS GANGA EKKI Í SKÓLA VEGNA ÞRÆLKUNARVINNU.

UM LEIÐ OG ÉG ER ÞAKKLÁT FYRIR RÚMIÐ MITT, HÚSASKJÓLIÐ, ÞÁ STYRKIST MEÐVITUNDIN UM HVAÐ ALLT DRASLIÐ OG DÓTIÐ ER MERKINGARLAUST.

OPIÐ Á SUNNUDÖGUM Í DORMA SMÁRATORGI

Sjónvarpssófar

ótrúlega þægilegir

20% AFSLÁTTUR

RENO 2ja sæta sjónvarpssófi

Stillanlegur sjónvarpssófi. Burgundy rautt, svart eða grátt leður á slitflötum.
Stærð: 224 x 100 x 101 cm

Fullt verð: 199.900 kr.

Aðeins **159.900 kr.**

RENO 3ja sæta sjónvarpssófi

Stillanlegur sjónvarpssófi. Burgundy rautt, svart eða grátt leður á slitflötum.
Stærð: 168 x 100 x 101 cm

Fullt verð: 299.900 kr.

Aðeins **239.900 kr.**

SILKEBORG hægindastóll

29% AFSLÁTTUR

Stillanlegur hægindastóll með skemli. Dökkgrátt slitsterkt áklæði.

Fullt verð: 69.900 kr.

Aðeins **49.900 kr.**

JAZZ hægindastóll

20% AFSLÁTTUR

Stillanlegur hægindastóll með skemli. Koníakslitt eða svart leður.

Fullt verð: 99.900 kr.

Aðeins **79.900 kr.**

KOLDING hægindastóll

27% AFSLÁTTUR

Stillanlegur hægindastóll með skemli. Rautt eða grátt slitsterkt áklæði.

Fullt verð: 109.900 kr.

Aðeins **79.900 kr.**

KOLDING hægindastóll

21% AFSLÁTTUR

Stillanlegur hægindastóll með skemli. Svart, rautt eða grátt PU-leður.

Fullt verð: 139.900 kr.

Aðeins **109.900 kr.**

Afgreiðslutími Rvk
Mánudaga til föstudaga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-17
Sunnudaga kl. 13-17 (Smáratorg)

Holtagörðum, Reykjavík
512 6800
Smáratorgi, Kópavogi
512 6800

Dalsbraut 1, Akureyri
558 1100
Skeiði 1, Ísafirði
456 4566

www.dorma.is

DORMA
Láttu drauminn rætast

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur.

Ólafur Arnarson ætlar ekki að hætta sem formaður Neytendasamtakanna fyrr en í fulla hnefana. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Segir vegið að mannorði sínu

Ólafur Arnarson, formaður Neytendasamtakanna, ætlar ekki að segja af sér þrátt fyrir vantraust stjórnar á honum. Hann leggur til að öll stjórnin segi af sér og að kosið verði að nýju. Ásakanirnar gegn honum séu lygar.

Snærós Sindradóttir
snaeros@frettabladid.is

„Það er algjörlega ljóst að ég mun verja mig og mitt mannorð á meðan verið er að bera á mig rangar sakir. Það er ekki eins og þetta sé hálfsannleikur, þetta er bara hrein lygi," segir Ólafur Arnarson, formaður Neytendasamtakanna. Innanhússdeilur samtakanna hafa öllum verið opinberaðar á síðustu dögum eftir að stjórn samtakanna samþykkti vantraust á formanninn.

Ólafur tók við formennsku samtakanna í október á síðasta ári eftir ríflega þrjátíu ára formannssetu Jóhannesar Gunnarssonar. Þá strax fór að bera á umtali um að Ólafur hefði smalað svo rækilega á fundinn að mörgum þótti nóg um. Þær ásakanir hafa meðal annars verið rifjaðar upp undanfarna daga.

„Ég ætlaði ekkert að bjóða mig fram en fékk margar áskoranir og varð við því á síðasta degi. Kosningar snúast um smölun. Þær snúast um að fá fólk til að skrá sig og mæta. Að sjálfsögðu hvatti ég fólk til að skrá sig og mæta til að kjósa. Það gerðu hinir frambjóðendurnir líka en mér gekk bara betur. Ég smalaði ekkert öllum þeim fjölda sem kaus mig," segir Ólafur sem greiddi félagsgjöld fyrir 45 kjörmenn og millifærði 243 þúsund krónur inn á reikning samtakanna. Kosningaáherslur Ólafs sneru meðal annars að því að veita neytendum á Íslandi app í snjallsímann sem myndi auðvelda þeim verðsamanburð. Í ljós kom að slíkt app var til staðar, og heitir í dag Neytandinn. Deilur innan stjórnar snúast meðal annars um að í tengslum við appið hafi Ólafur skuldbundið félagið um 700 þúsund krónur á mánuði en sagt að það yrði félaginu að kostnaðarlausu.

„Það er bara ekki rétt. Ég hef aldrei sagt að þetta yrði Neytendasamtökunum að kostnaðarlausu. Enda hver trúir því? Kannski fólkið sem trúir því að það sé hægt að fara með upplognar sakir þegar til eru gögn sem sanna annað. Það er kannski sama fólkið sem getur sannfært sig um að verðmætt app sem samtökin fá til afnota sé þeim að kostnaðarlausu. Ég hef aldrei haft þessi orð uppi að appið yrði samtökunum að kostnaðarlausu en ég hef fulla trú á því að þegar upp er staðið muni samtökin hafa tekjur af þessu appi."

Stóra deilumálið í stjórn Neytendasamtakanna snýr að launum Ólafs. Honum er gefið að sök að hafa hækkað laun sín, greitt sér bæði laun formanns og framkvæmdastjóra í einu, fengið laun leiðrétt afturvirkt og fengið það sem jafngildir þremur mánuðum í fyrirframgreidd laun.

Samkvæmt Ólafi voru laun formanns hækkuð af starfskjaranefnd, um 38% og eru nú 900 þúsund krónur. „Sá stjórnarmaður sem hefur farið hvað harðast gegn mér kom til mín strax eftir að ég var kosinn formaður og sagði að það þyrfti að endurskoða launin mín, fyrri formaður hefði verið á lúsarlaunum. Það var skipuð þriggja manna starfskjaranefnd með gjaldkera samtakanna, fyrrverandi stjórnarmanni og mannauðssérfræðingi utan úr bæ."

Ólafur segir engan hafa hreyft mótbárum við niðurstöðu nefndarinnar og skrifað hafi verið undir ráðningarsamning í febrúar.

„Síðan kemur fjármálastjóri nokkrum dögum síðar með nýjan ráðningarsamning sem hann segir að sé í samræmi við að það hafi vantað heimild til formanns til að skuldbinda félagið upp að 250 þúsund krónum. Ég rek þá augun í að það var búið að brjóta upp þessa 900 þúsund króna tölu í 750 þúsund og 150 þúsund. Ég dreg þá ályktun að hærri talan sé formannshlutinn og það þyki hagstætt fyrir samtökin að bæta einhverju smávegis ofan á laun formanns og kalla hann framkvæmdastjóra. Þetta er bara tilkynnt fyrir mér sem eitthvert afgreiðsluatriði og ég reyndi að fara últra varlega í því að hafa engin afskipti af starfskjaranefndinni."

Bíllinn sem Ólafur hefur til umráða og deilur standa um. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Í kjölfarið voru laun Ólafs leiðrétt afturvirkt til þess tíma sem hann var kosinn í embættið. Ólafur segist ekki hafa beðið um það. Hins vegar hafi hann beðið um fyrirframgreidd laun fljótlega eftir að hann tók við embætti.

„Ég fékk fyrirfram já, en það voru engir þrír mánuðir. Þetta voru sirka mánaðarlaun. Helsta ástæðan var viðgerðir á bíl sem ég kreisti síðustu kraftana úr í byrjun minnar formennsku. Ég lenti í helvíti stórri viðgerð á honum."

Annað deilumálið í stjórn Neytendasamtakanna snýr að því hvort Ólafur hafi skuldbundið félagið til að útvega honum bíl þvert á vilja stjórnar. Ólafur hefur raunar gert opinbera fundargerð þar sem fram kemur að stjórnin hafi rætt um „vilja samtakanna" til þess að útvega bifreið fyrir formann samtakanna og skrifstofu. Fjármálastjóra var í lok fundar falið að ganga frá málinu. Stjórnarmenn segja að fundargerðin gefi ekki rétta mynd, fimm stjórnarmenn hafi samþykkt að útvega bíl með þeim skilyrðum að fjárhagur samtakanna leyfði það.

Þær ásakanir hafa komið upp að enginn nema Ólafur hafi fengið afnot af bílnum en hann hafi verið ætlaður öllum starfsmönnum samtakanna.

„Ég hef ítrekað sagt við fjármálastjórann að ef ég sé á skrifstofunni og hann þurfi að skutlast eitthvað þá megi hann hnippa í mig og taka bílinn. Hann hefur ekkert nýtt sér það. En upphaflega sá ég fyrir mér að þetta yrði bíll sem ég hefði forgang að af því að formaðurinn er sá sem þarf mest að vera á þeytingi en starf annarra starfsmanna er að mestu leyti á skrifstofunni," segir Ólafur.

„Ég sá fyrir mér að það væri bíll sem ég þyrfti ekki að borga hlunnindaskatt af ef hann væri bara fyrir skrifstofuna en þá kom í ljós að ef bíllinn er ekki geymdur á vinnustaðnum yfir nótt þá þarf að vera skráður umráðamaður og sá er skattlagður um hlunnindaskatt. Þar sem ég þarf oft að byrja daginn í morgunútvarpinu og er oft langt fram á kvöld einhvers staðar í þágu samtakanna þá var engin önnur leið en að skrá mig sem umráðamann bílsins. Úr því að ég borga hlunnindaskatt af bílnum þá hef ég hann til fullra umráða. En ég hef ítrekað nefnt það við fjármálastjórann að ef hann þurfi að skutlast þá standi bíllinn honum til boða."

Ólafur segir að sér hafi verið ráðlagt oft undanfarna daga að leita réttar síns með því að höfða meiðyrðamál gegn sumum stjórnarmönnum félagsins. Sjálfur var hann dæmdur í slíku máli vegna ummæla sinna um vefinn AMX og varð í kjölfarið gjaldþrota vegna þeirrar skuldar sem þar féll á hann. „Ég bíð eftir niðurstöðu frá Mannréttindadómstól Evrópu í því máli. Minn lögmaður segir að ég megi búast við niðurstöðu á þessu ári og telur að miðað við dómafordæmi sé alveg klárt mál að héraðsdómstóllinn braut á mér og Hæstiréttur líka. Trú mín á íslensku dómskerfi er ekki mikil."

Ólafur segir því ekki líklegt að hann höfði meiðyrðamál. „Það er í sjálfu sér alveg hægt að hafa þetta ástand eins og það er núna en ég held að það sé ekki æskilegt. Ég hef alltaf sagt að ég vilji finna einhverja lausn í þessu máli. Lausnin felst ekki í því að þau séu bornar á mig lognar sakir og ég bugti mig og beygi og biðjist afsökunar og vægðar. Það kemur bara ekki til greina. Ef þetta fólk vill vinna með mér þá verður það að koma fram heiðarlega og hætta einhvers konar baktjaldamakki gegn mér og samtökunum."

Á fundi samtakanna á mánudag var lagt til að annar en Ólafur tæki við fundarstjórn. Ólafur samþykkti það ekki og setti fund og sleit honum samtímis. Hann hefur þá hugmynd að allir, formaður og öll stjórn, komi sér saman um dagsetningu til að segja af sér svo hægt verði að kjósa upp á nýtt.

„Það er erfitt að verja sig gegn lygum en ég verð að gera það. Það er um mína æru að tefla. Ég hef engan áhuga á því að fara í meiðyrðamál því æran vinnst ekki til baka í meiðyrðamáli. Ég vona að þessum opinberu árásum á mig fari að linna en á meðan þeim ekki linnir mun ég svara. Það er verið að reyna að reyta af mér mitt mannorð og mannorðið er bara tekið af mönnum einu sinni."

SÉRSTAKAR ÞAKKIR

TIL GRUNNSKÓLA OG SVEITARFÉLAGA

Barnaheill – Save the Children á Íslandi vilja þakka þeim sveitarfélögum og grunnskólum sem gera ekki ráð fyrir að foreldrar greiði fyrir hluta námsgagna.

Öll börn eiga rétt á grunnmenntun án endurgjalds samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sem Ísland hefur lögfest. Þar er jafnframt kveðið á um að ekki megi mismuna börnum sökum stöðu þeirra eða foreldra þeirra, svo sem vegna efnahags.

Þeir skólar og sveitarfélög sem sjá nemendum sínum alfarið fyrir námsgögnum eru þar með að tryggja börnum þau réttindi sem þau eiga og eru góð fyrirmynd.

Barnaheill vilja hvetja önnur sveitarfélög og skóla að fara að þessu fordæmi.

BARNAHEILL AFHENTU MENNTAMÁLARÁÐHERRA Á SJÖTTA ÞÚSUND UNDIRSKRIFTIR OG ÍTREKA ÁSKORUN Á STJÓRNVÖLD AÐ TRYGGJA BÖRNUM MENNTUN ÁN ENDURGJALDS

Samtökin hvetja þingheim til að gera breytingar á 31. gr. grunnskólalaga þannig að tekið verði fyrir alla gjaldtöku á námsgögnum nemenda.

Barnaheill hvetja stjórnvöld, bæði ríki og sveitarfélög, að setja skýrar reglur um að óheimilt sé að krefja foreldra um innkaup á gögnum, greiðslu fyrir gögn sem nota á vegna skólagöngu barnanna eða fyrir aðra starfsemi á vegum skóla.

Barnaheill hvetja alla grunnskóla til að finna leiðir til að uppfylla markmið aðalnámskrár um menntun barnanna, án þess að krefja foreldra um greiðslu á hluta námsgagna eða starfsemi á vegum skóla.

Skólinn er hornsteinn jafnræðis í samfélaginu.

Gerum hann gjaldfrjálsan í raun og virðum þau réttindi sem öll börn eiga samkvæmt Barnasáttmálanum.

Tryggjum þannig að börnum sé ekki mismunað vegna stöðu þeirra eða foreldra þeirra.

GJALDTAKA FELUR Í SÉR MISMUNUN FYRIR BÖRN OG FJÖLSKYLDUR ÞEIRRA

Barnaheill

Í tilefni af Degi barnsins, sem er opinber íslenskur dagur helgaður börnum og haldinn síðasta sunnudag í maí ár hvert.

Þekktu þingmanninn Karólína Helga Símonardóttir

Glímir við missi og lifir í núinu

Karólína Helga Símonardóttir, varaþingmaður Bjartrar framtíðar, hefur tekið sæti á Alþingi í fyrsta sinn á sama tíma og hún glímir við missi. Karólína missti sambýlismann sinn, Daða Garðarsson, þann 10. apríl sl. er hann varð bráðkvaddur, aðeins 35 ára. Lífsgæði fjölskyldunnar brenna á henni og hún vill styttri vinnuviku.

Karólína Helga Símonardóttir settist á þing í fyrsta sinn í vikunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Fædd: 22. október 1984 á Selfossi.

Börn: Ég á fjögur börn sem ég kalla öll mín eigin þótt eitt þeirra sé stjúpbarn mitt. Þau eru fjögurra ára, sex ára, tíu og fjórtán ára gömul.

Foreldrar: Birna Sigurbjörg Benediktsdóttir og Símon Ólafur Vigfússon, hann lést í janúar.

Menntun: Ég er menntaður mannfræðingur með mastersgráðu í hnattrænum tengslum og er einnig framhaldsskólakennari.

Áhugamál: Helstu áhugamálin eru pólitík. Ég spila blak í frítímanum og finnst það mjög skemmtilegt. Ég stofnaði til dæmis fyrstu og einu blakdeildina í Hafnarfirði.

Fyrri störf: Ég hef starfað sem verkefnastjóri eftir námið. Til dæmis hjá Nýherja og sjálfboðaliðasamtökunum.

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is

Hver hefur þinn ferill í stjórnmálum verið? Hvar byrjaði þetta allt? „Þetta byrjaði allt í Hafnarfirði. Ég var búin að vera að berjast fyrir leikskóla barna minna og fékk þörf fyrir að taka meiri þátt í samfélaginu. Ég vildi ekki vera heima að tuða. Foreldrar mínir tóku þátt í sveitarstjórnarmálum á Tálknafirði þar sem ég er alin upp. Ég mætti bara einn daginn á stofnfund Bjartrar framtíðar í Hafnarfirði eftir að hafa séð hann auglýstan í bæjarblaðinu."

Hvað kom til að þig langaði að setjast á Alþingi? „Er það ekki bara þrautseigjan? Þessi mikli áhugi á að taka þátt í samfélaginu knýr mig áfram. Ég þekki marga málaflokka af eigin reynslu og er óhrædd við að segja skoðun mína."

Hvað úr reynslubankanum nýtist þér í starfinu? „Ég held að það sé foreldrahlutverkið. Eins og foreldrar þurfa stjórnmálamenn að tækla marga bolta á sama tíma og halda yfirsýn. Þeir þurfa að kunna að skipuleggja sig og velja sína baráttu."

Sérðu fyrir þér að gera stjórnmál að ævistarfi? „Ég get alveg hugsað mér það að vera á vettvangi stjórnmála lengi. Mér finnst þetta mjög skemmtilegt, krefjandi en á endanum veit ég að ég get haft áhrif og komið góðu til leiðar."

Hvað brennur á þér á þingi? „Mikið af fjölskyldufólki situr enn og er fast í fúlum pytti eftir hrun. Skuldaleiðréttingin virkaði ekki fyrir stóran hluta fólks sem situr uppi með skuldir og skert lífsgæði. Ég vil vinna fyrir þennan hóp fólks og fjölskyldufólk almennt. Að fólk geti alið upp börn sín og komið þeim til mennta. Ég talaði um styttingu vinnuvikunnar í jómfrúarræðu minni. Ég held það sé mikilvægt skref í átt að bættu samfélagi."

Við systkinin, Hulda systir mín, Valur bróðir minn í miðjunni og ég.

Við Daði erum þarna úti í Manchester.

Ég og bróðir minn Valur eftir dorgveiðikeppni.

Upplifði afneitun hjá sýslumanni

Karólína nefnir einnig að hún vilji nýta sárustu lífsreynslu sem hún hefur orðið fyrir til góðs. Karólína missti sambýlismann sinn, Daða Garðarsson, þann 10. apríl sl. er hann varð bráðkvaddur, aðeins 35 ára.

„Við höfðum búið saman í 13 ár og eignast þrjú börn auk þess sem hann átti fyrir einn son en af því við vorum ekki gift eða búin að fara til sýslumanns og lýsa okkur lögleg hjón þá má ég ekki sitja í óskiptu búi. Ég vona að það sé hægt að breyta þessu úrelta kerfi sem við búum við. Sambúð til margra ára ætti að vera lögmæt líkt og hjónaband. Ég vil koma þessu í umræðuna. Þetta er gríðarlega erfitt, öryggisnetið er ekkert. Þegar ég sat hjá sýslumanni sem gerði mér réttleysi mitt ljóst þá upplifði ég afneitun. Allt í einu var ég ekki kona mannsins míns. Ég varð reið og ósátt. Það er erfitt að vera að glíma við sorgina, öryggisleysið og áhyggjurnar sem fylgja því að þurfa möguleg að selja húsið og kannski að fara á leigumarkað eða eitthvað slíkt. Enn er ekki komin niðurstaða í málið, lögfræðingur fer yfir mín mál. En þau líta ekki vel út. Ég horfi samt fram á við og lifi í núinu. Daði minn hefði ekki viljað að ég gæfist upp. Ég á fjóra kraftmikla krakka sem halda mér gangandi og fæ góðan stuðning fólks í kringum mig. Það hjálpar líka að ég er opin og tala um hlutina. Fólki finnst skrýtið að ég geti það en ég er bara þannig gerð."

Hvað eldar þú oftast? „Pabbapasta, rjómalagað pasta með kjúklingi, beikoni og brokkólíi."

Hvar ólstu manninn og hvernig var æska þín? „Ég ólst upp á Tálknafirði. Mamma og pabbi fluttu þangað þegar ég var tveggja mánaða gömul og þar bjó ég þar til ég varð sextán ára gömul og flutti til Hafnarfjarðar.

Það voru forréttindi að alast upp í sjávarþorpi. Pabbi var sjómaður og var ekki mikið heima við þegar ég var lítil. Mamma hélt utan um heimilið og það var samstaða í samfélaginu um þær fjölskyldur sem þarna bjuggu. Tálknafjörður var og er einangraður staður. Ég flutti að heiman um leið og ég gat, enda sjálfstæður unglingur. Það er erfitt fyrir ungt fólk utan af landi að fara í framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu og það er ekki hægt að ætlast til þess að foreldrar greiði fyrir hana og búsetu barna sinna. Skólaganga mín hófst á Akranesi, svo fór ég í Iðnskólann í Reykjavík. Ég kláraði seinna stúdentsprófið á Keili á Ásbrú."

Hvernig nærir þú þig andlega? „Ég spila blak og nú tekur við strandblakið. Ég fer í göngutúra með hundana og nýt þess að vera með börnunum. Maður fer að horfa öðruvísi á stundirnar eftir erfiða lífsreynslu. Ég hugsa meira um það hvernig ég get nýtt tíma minn, ekki endilega í vinnu og verkefnum heldur til að bæta líf mitt og annarra á einhvern hátt."

Hver er fallegasti staður sem þú hefur komið á? „Seljalandsfoss."

Uppáhaldsborg utan landsteinanna? „Ég elska Ísland svo mikið að ég á bágt með að svara þessari spurningu. Kannski það sé einhver menningarborg, á við London. En ég er samt lítið fyrir ys og þys."

Hvert langar þig mest að ferðast? „Mig langar mest til að fara til Rio de Janeiro og ég á eftir að gera það einhvern tímann."

Hvernig verðu helgarfríum? „Það fer eftir því hvernig skipulagið er hjá börnunum. Það er oft mikil dagskrá; fótbolta og fimleikamót. En þess á milli finnst mér gott að eiga kósístundir með krökkunum á pallinum og mér finnst gaman að fara með þeim í sund."

BÓKAÐU SÓL Á SPOTTPRÍS

Sólarferðir frá kr. **48.795** m/afslætti*

Allt að **39.950 kr.** afsláttur á mann

Allt að **159.800 kr.** afsláttur fyrir fjögurra manna fjölskyldu

MAÍ & JÚNÍ

Síðustu sætin

BÓKAÐU SÓL ALLUR PAKKINN Íslensk fararstjórn, taska og handfarangur innifalið.

*Öll verð eru með afslætti.

BIBIONE

NÝR ÁFANGASTAÐUR

Hotel Luna ☺☺☺☺

Frá kr. 104.930 m/allt innifalið
Netverð á mann frá kr. 104.930 m.v. 2 fullorðna og 1 barn í herb. Netverð á mann frá kr. 117.995 m.v. 2 fullorðna í herbergi.
30. maí í 7 nætur.

KRÓATÍA

NÝR ÁFANGASTAÐUR

Sol Katoro Apartments ☺☺☺

Frá kr. 61.190 m/ekkert fæði innif.
Netverð á mann á frá kr. 61.190 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð. Netverð á mann frá kr. 82.185 m.v. 2 fullorðna í íbúð.
6. júní í 7 nætur.

PORTOROZ

NÝR ÁFANGASTAÐUR

Remisens Hotel Bel Moreto ☺☺☺☺

Frá kr. 108.895 m/morgunv. innif.
Netverð á mann frá kr. 108.895 m.v. 2 fullorðna í herbergi.
6. júní í 7 nætur.

BENIDORM

Hotel Melia Benidorm ☺☺☺☺

Frá kr. 73.365 m/hálft fæði innif.
Netverð á mann frá kr. 73.365 m.v. 2 fullorðna og 1 barn í herbergi. Netverð á mann frá kr. 83.395 m.v. 2 fullorðna í herbergi.
30. maí í 7 nætur.

ALTEA

Hotel Cap Negret ☺☺☺☺

Frá kr. 63.595 m/morgunverð innif.
Netverð á mann frá kr. 63.595 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herbergi. Netverð á mann frá kr. 77.095 m.v. 2 fullorðna í herbergi.
30. maí í 7 nætur.

COSTA DE ALMERÍA

Estrella de Mar Apartments ☺☺☺

Frá kr. 52.095 m/ekkert fæði innif.
Netverð á mann frá kr. 52.095 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð. Netverð á mann frá kr. 67.195 m.v. 2 fullorðna í íbúð.
23. júní í 7 nætur.

COSTA DEL SOL

MS Aguamarina Suites ☺☺☺☺

Frá kr. 70.945 m/ekkert fæði innif.
Netverð á mann frá kr. 70.945 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð. Netverð á mann frá kr. 101.895 m.v. 2 fullorðna í íbúð.
4. júní í 7 nætur.

KRÍT

2 FYRIR 1

Toxo Hotel & Apartments ☺☺☺

Frá kr. 72.345 m/ekkert fæði innif.
Netverð á mann frá kr. 72.345 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð. Netverð á mann frá kr. 85.145 m.v. 2 fullorðna í stúdíó.
5. júní í 10 nætur. 2fyrir1 á flugsæti m/gistingu.

ALBIR

Hotel Sun Palace Albir ☺☺☺☺

Frá kr. 57.795 m/morgunverð innif.
Netverð á mann frá kr. 57.795 m.v. 2 fullorðna og 1 barn í herbergi. Netverð á mann frá kr. 70.195 m.v. 2 fullorðna í herbergi.
30. maí í 7 nætur.

MALLORCA

Hotel Sorrento / Portofino ☺☺+

Frá kr. 60.895 m/ekkert fæði innif.
Netverð á mann frá kr. 60.895 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð. Netverð á mann frá kr. 83.895 m.v. 2 fullorðna í íbúð.
8. júní í 11 nætur.

SALOU

Hotel Villa Romana ☺☺☺☺

Frá kr. 71.085 m/ekkert fæði innif.
Netverð á mann frá kr. 71.085 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herbergi. Netverð á mann frá kr. 87.085 m.v. 2 fullorðna í herbergi.
20. júní í 9 nætur.

TENERIFE

Arena Suites Apartments ☺☺☺

Frá kr. 48.795 m/ekkert fæði innif.
Netverð á mann frá kr. 48.795 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð. Netverð á mann frá kr. 60.195 m.v. 2 fullorðna í íbúð.
3. júní í 7 nætur.

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara. ENNEMM / SIA • NM82281

595 1000 • heimsferdir.is

Heimsferðir – fáðu meira út úr fríinu

Hveitilausa súkkulaðikakan sligast undan gómsætum berjunum.

Mest í því sem er frekar fljótlegt

Helena Gunnarsdóttir, verkefnastjóri við HÍ, er matargúrú af guðs náð og heldur úti matarblogginu Eldhúsperlur. Hér riggar hún upp sumarlegu kjúklingasalati og til að gleðja heimilisfólkið sitt enn frekar bakaði hún súkkulaðibombu af bestu gerð.

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is

Frá því ég man eftir mér hef ég haft gaman af að elda og baka. Það er enn fyrst og fremst áhugamál því ég er í fullu starfi við annað en tek líka aðeins að mér verkefni sem snúa að matargerð. Það er góð hvíld frá hinni vinnunni en hvort tveggja er skemmtilegt," segir Helena Gunnarsdóttir, verkefnastjóri í Háskóla Íslands.

„Ég elda alltaf eitthvað sem mig langar í sjálfa. Eitt af því er þetta sumarlega kjúklingasalat með bragðmikilli hunangs/chili-dressingu sem er bæði marinering og sósan yfir salatið," segir Helena. „Súkkulaðikakan er líka klassísk og algert uppáhald á mínu heimili."

Upplagt er að marinera kjúklingabringurnar og eiga þær tilbúnar í ísskáp til að henda á grillið, að mati Helenu. „Þær kólna svo meðan maður græjar salatið," bendir hún á. „Heimagerðu brauðteningarnir úr súrdeigsbrauðinu eru algert möst, steiktir upp úr smjöri. Ég er mest í því sem er svolítið fljótlegt, hef ekkert rosa mikla þolinmæði og vil að hlutirnir gangi hratt."

Helena hefur verið með matarbloggið eldhúsperlur.com frá árinu 2012 en segir hafa heldur dregið úr virkninni þar eftir að hún fór að vinna meira utan heimilis. „Ég er aðeins að elda fyrir Gott í matinn.is og sjá um matarþátt fyrir tímarit. En matarbloggið var byrjunin."

Þetta girnilega salat ber sumarið í hús og best er að snæða það um leið og það er komið á borð. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Helena hefur haft gaman af matargerð og bakstri frá því hún man eftir sér fyrst.

Hunangs/chili kjúklingasalat

fyrir 2–3

Marinering og sósa

- ½ dl hunang
- ½ dl dijon-sinnep
- ½ dl ólífuolía
- 2-3 tsk. chili-mauk (t.d. sambal oelek) eða 1 rauður hakkaður chili
- 1 tsk. sjávarsalt
- Safi úr einni límónu
- 2 kjúklingabringur
- Brauðteningar
- 2 vænar sneiðar súrdeigsbrauð
- 3 msk. smjör og 1 msk. ólífuolía
- Salt og pipar

Salat

- Einn poki salatblanda eða annað salat eftir smekk
- 1 mangó
- 1 lárpera
- Kirsuberjatómatar
- Fetaostur

Þeytið saman allt sem fer í marineringuna. Leggið kjúklingabringurnar á disk, takið fjórar matskeiðar af sósunni og hellið yfir bringurnar. Látið marinerast í ísskáp í tvær klukkustundir eða á borði í 30 mínútur. Geymið restina af sósunni til að hella yfir salatið.
Rífið brauðið í litla teninga. Bræðið smjörið á pönnu og hitið ásamt ólífuolíunni. Steikið brauðteningana þar til þeir eru stökkir og kryddið með salti og pipar. Færið þá yfir á disk með eldhúspappír og látið bíða.
Steikið eða grillið kjúklingabringurnar þar til þær eru eldaðar í gegn. Skerið allt sem á að fara í salatið niður og leggið á stórt fat. Sneiðið að lokum kjúklinginn í þunnar sneiðar, dreifið brauðteningunum yfir ásamt fetaosti og hellið sósu eftir smekk yfir allt saman. Berið fram strax.

Hveitilaus súkkulaðikaka

- 250 g dökkt súkkulaði
- 150 g smjör
- 1 tsk. vanilluextrakt
- 1/4 tsk. salt
- 2 dl sykur (skipt í tvennt)
- 6 egg (2 heil, 4 eggjarauður og hvítur aðskilið)

Hitið ofn í 180 gráður (160 með blæstri). Bræðið smjör og súkkulaði við vægan hita, takið það af eldinum, bætið salti og vanillu saman við og látið það kólna aðeins.
Þeytið fjórar eggjahvítur ásamt einum dl af sykri í skál þar til þær eru stífþeyttar. Setjið tvö heil egg og fjórar eggjarauður í aðra skál ásamt 1 dl af sykri og þeytið vel. Hellið brædda súkkulaðinu saman við eggjarauðublönduna og hrærið vel. Bætið svo eggjahvítunum varlega saman við og hrærið hægt og rólega með sleif eða sleikju.
Hellið deiginu í ósmurt 24 cm lausbotna smelluform og bakið í 40 mínútur. Kælið í minnst klukkustund áður en þið fjarlægið hringinn varlega af smelluforminu. Gott er að renna hníf meðfram hliðunum á forminu. Toppurinn á kökunni á að vera svolítið sprunginn. Skreytið kökuna með ferskum berjum og berið fram með þeyttum rjóma.

Fólk
Helgin
LAUGARDAGUR 27. MAÍ 2017

Þau Dagný Marínósdóttir, Pétur Hafþór Jónsson, Sigrún Lilja Jónasdóttir, Nína Magnúsdóttir og Guðmundur Sighvatsson standa að sýningunni ásamt fleiri hollvinum Austurbæjarskóla. MYND/GVA

Opna skólamunasýningu í Austurbæjarskóla

Nokkrir fyrrverandi og núverandi kennarar Austurbæjarskóla hafa í gegnum árin varðveitt gamla muni sem hafa tilheyrt skólastarfinu og skólanum og opna skólamunasýningu á lofti skólans í dag.

Vera Einarsdóttir
vera@365.is

Austurbæjarskóli á sér langa og merka sögu en hann tók til starfa haustið 1930 og er annar elsti starfandi skóli Reykjavíkur. Lengi vel fór auk skólahalds fram ýmis önnur starfsemi í skólanum. Þar var Sjúkrastöð Reykjavíkur áður en Heilsuverndarstöðin kom til, aðsetur Hallgrímskirkjusafnaðar áður en Hallgrímskirkja var vígð og kjördeild og aðsetur yfirkjörstjórnar og talningar atkvæða til margra ára.

Nokkrir fyrrverandi og núverandi kennarar skólans hafa upp á sitt einsdæmi tekið að sér að varðveita gamla muni og skólabækur sem hafa tilheyrt skólastarfinu og skólanum í gegnum tíðina og opna skólamunasýningu á lofti skólans á árlegri vorhátíð hans í dag. Þar hafa þeir sett upp gamla kennslustofu, handavinnustofu, kennarastofu og skólastjóraskrifstofu ásamt fjölda bókaskápa og sýningarspjalda þar sem saga skólans er rakin í máli og myndum.

„Við gömlu kennararnir við skólann erum mörg svolítið gamaldags og byrjuðum snemma að safna öllu sem hægt var að safna; bæði bókum, húsmunum, kortum og hverskyns kennslutækjum. Guðmundur Sighvatsson, sem var skólastjóri á árunum 1995-2014, lét okkur hafa geymslu til afnota til að geta varðveitt þessa muni. Við köllum hana gullgeymsluna eða gullageymsluna og hefur hún bjargað miklu," segir stærðfræðikennarinn Sigrún Lilja Jónasdóttir. „Þegar haldið var upp á 80 ára afmæli skólans árið 2010 gátum við tínt niður úr geymslunni og sett upp sýningu. Hún vakti mikla athygli og höfðu margir á orði að gaman hefði verið að leyfa henni að standa lengur," bætir hún við.

„Að sama tilefni settum við upp nokkra sýningarskápa með gömlum munum á göngum skólans og hafa þeir fengið að standa síðan," segir Guðmundur en upp frá þessu var farið að gæla við að gera eitthvað stærra og meira. Hollvinafélag Austurbæjarskóla hafði þá verið stofnað en tilgangur þess er að standa vörð um velferð skólans og sögu. Meðlimir þess vinna meðal annars að flokkun og skrásetningu gamalla bóka, kennslutækja og skjala sem hafa safnast í áranna rás auk þess sem stendur til að láta skrifa sögu skólans.

„Fyrir tveimur árum afhenti Kristín Jóhannesdóttir, núverandi skólastjóri, okkur í Hollvinafélaginu rými á lofti skólans til afnota. Í haust fórum við svo á fullt í að undirbúa sýninguna. Við hittumst alla fimmtudaga og höfum unnið að uppsetningunni jafnt og þétt. Þá hafa aðrir kennarar skólans og nemendur verið duglegir að hjálpa til," segir Sigrún Lilja.

Framhald á síðu 2 →

Sonja Rut Valdin er ein heitasta stjarnan á samfélagsmiðlunum. Hún sló í gegn með laginu Nei, nei með Áttunni og stefnir hátt á stjörnuhimininn.

Helgin →10

Fyrir þarmaflóruna þína
www.icecare.is

Framhald af forsíðu

Meðlimir Hollvinafélagsins eru gífurlega fróðir um sögu skólans og er afar annt um að varðveita hana sem best. Öll þeirra vinna fer fram í sjálfboðavinnu. „Við Guðmundur, Nína Magnúsdóttir og fleiri hollvinafélagar erum nú svo forn að við náðum að kynnast fyrstu kynslóð kennara við skólann. Þeir voru flestir hættir þegar við byrjuðum en við hittum á þá yfir kaffi og fengum söguna beint í æð. Við höfum síðan reynt að halda henni til haga," segir Pétur Hafþór Jónsson, tónmenntakennari.

„Einhvern tíma undir lok síðustu aldar stóð svo til að hreinsa til í skólanum og innrétta loftið," rifjar hann upp. „Við vissum að það stæði til og tókum eitt páskafríið í að reyna að bjarga eins og þrjátíu eintökum af hverri bók, eða einu bekkjarsetti," skýtur Sigrún Lilja inn í. „Svo var það einhvern tíma í júníbyrjun þegar skóla var lokið að ég ákvað fyrir rælni að hjóla upp í port," segir Pétur. „Þá var þar stór gámur við útidyrnar og verið að bera mikið af húsmununum og öðru sem er hér á sýningunni út. Andartaki síðar komu Guðmundur skólastjóri, Héðinn Pétursson aðstoðarskólastjóri og Jason Ívarsson kennari á svæðið, stöðvuðu framkvæmdina og báru þetta með mér aftur inn," lýsir Pétur. Hann segir samskonar hreinsun hafa átt sér stað í flestum skólum landsins og að varðveislu skólamuna sé því verulega ábótavant. „Okkur er að minnsta kosti ekki kunnugt um að það sé til samskonar skólamunasafn á landinu. Grunnskólanum hefur einfaldlega ekki verið sýnd sú virðing," segir Dagný Marínósdóttir, kennari og meðlimur í Hollvinafélaginu.

Sýningin, sem hefur fengið nafnið Loftið, verður opnuð klukkan 10 í dag og stendur opin til klukkan 15, en nú þegar hafa allir nemendur skólans fengið leiðsögn um hana. En hvert verður framhaldið? „Það fer svolítið eftir því hvernig viðbrögðin verða en við höfum verið að ræða um að í framtíðinni geti gamlir kennara- og nemendahópar pantað skoðun og sömuleiðis aðrir sem áhuga hafa. Þá höfum við verið að gæla við hvort við ættum að hafa opið á Menningarnótt svo dæmi sé nefnt," segja þær Nína og Sigrún Lilja. „Næsta verk er svo að koma öllum ljósmyndunum og myndbandsupptökunum fyrir almenningssjónir en mikið er til af slíku efni sem starfsmenn skólans hafa tekið og varðveitt. Pétur á til dæmis allar jólaskemmtanir skólans frá árinu 1985 á bandi sem gæti verið gaman fyrir gamla nemendur að sjá," segir Dagný.

„Ég er búinn að koma þeim yfir á stafrænt form en nú þarf ég bara að læra að klippa," segir Pétur og rifjar upp þegar fyrsta upptakan var gerð. „Þá hafði Guðmundur fjárfest í myndarlegu upptökutæki og tók upp á meðan ég lék fyrir dansi. Börnin, sem þá voru ólík símakynslóðinni í dag, fengu svo að sjá upptökuna einhverju síðar og geðshræringin sem braust út við að sjá sig á skjánum var engu lík," segir Pétur og hlær.

Að sögn Sigrúnar Lilju standa vonir hollvinafélaga ekki síst til þess að sýningin verði til þess að fólk átti sig á mikilvægi þess að varðveita þessa muni og halda sögunni til haga. „Það er ekki endalaust hægt að treysta á góðvild. Við vonumst því til að geta hlotið styrki til áframhaldandi verka."



Hér má sjá gömul smíðaverkfæri og -muni. MYNDIR/GVA

Ýmis handavinna nemenda er til sýnis.

Þessum muna eflaust einhverjir eftir.

Gömlum skólabókum hefur verið haldið vel til haga.

Hægt er að leggja Hollvinafélaginu lið með frjálsum framlögum. Öll vinna í kringum sýninguna er unnin í sjálfboðavinnu.

Mikið er til af myndum og myndbandsupptökum úr skólastarfinu.

Austurbæjarskóli státar af eigin sundlaug. Hér má sjá gamla sundkúta.

Veglegt hlaðborð með fjölbreyttum og bragðgóðum réttum

Tilvalið fyrir fjölskyldur!

Krakkar að 5 ára aldri borða frítt
5 -12 ára börn 1.200kr.

HLAÐBORÐ ALLA DAGA FRÁ KL. 11:00 - 14:00
Verð kr. 2.100

Opið alla daga vikunnar frá kl. 11:00 - 22:00

Kínahofið

Kínahofið veitingahús | Nýbýlavegi 20 | 200 Kópavogi
www.kinahofid.is | kinahofid@kinahofid.is | Sími 554 5022

Við erum á facebook

www.kinahofid.is

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir fréttablaðinu daglega.

Umsjónarmenn efnis: **Elín Albertsdóttir,** elin@365.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@365.is, s. 512 5367 | **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351 **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@365.is, s. 512 5358 | **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357

Útgefandi: 365 miðlar

Ábyrgðarmaður: Svanur Valgeirsson

Sölumenn: **Atli Bergmann,** atlib@365.Is, s. 512 5457 | **Jóhann Waage,** johannwaage@365.Is, s. 512 5439 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.Is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@365.Is, s. 512 5433

Betri stjórn – betra jafnvægi

Femarelle er náttúruleg lausn fyrir konur á breytingaaldri. Hormónalaus lausn fyrir mismunandi stig tíðahvarfa. Tvær nýjar Femarelle vörur eru nú komnar á markað. Þær Selma, Valgerður og Eva mæla með Femarelle.

Selma Björk Grétarsdóttir

Eva Ólöf Hjaltadóttir

Valgerður Kummer Erlingsdóttir

Virkni Femarelle hefur verið staðfest með fjölda rannsókna á undanförnum árum. Nú hefur Femarelle verið gert enn betra og bætt í það B6-vítamíni. Þrjár vörur eru nú í Femarelle-línunni, Femarelle Rejuvenate sem hentar konum fyrir tíðahvörf, Femarelle Recharge sem veitir stjórn yfir tíðahvörfunum á öruggan og áhrifaríkan hátt og Femarelle Unstoppable sem hjálpar konum eftir tíðahvörf að viðhalda eðlilegum lífsstíl og lífsþrótti eftir því sem árin færast yfir.

Vertu þú sjálf á ný

Samsetning Femarelle Rejuvenate hentar best til að mæta þörfum kvenna 40 ára og eldri til að vinna á einkennum forstigs tíðahvarfa. Það inniheldur hörfræjaextrakt sem stuðlar að eðlilegri líðan þegar kemur að tíðahvörfum og bíótín sem hjálpar konum að halda eðlilegu andlegu jafnvægi. B2-vítamín og bíótín (B7) stuðla að viðhaldi eðlilegs hárs og húðar og eðlilegum efnaskiptum ásamt eðlilegri sálfræðilegri starfsemi og minni þreytu og sleni.

Taktu stjórn á líkamanum

Femarelle Recharge hefur áhrif á þau einkenni sem konur þjást af á meðan á tíðahvörfum stendur. Femarelle Recharge er sama vara og upprunalega Femarelle að við bættu B6-vítamíni en það magnar þau áhrif sem Femarelle hefur. Femarelle Recharge inniheldur hörfræjaextrakt sem hjálpar konum á aldrinum fimmtíu ára og eldri til að taka stjórnina á einkennum tíðahvarfa á öruggan og áhrifaríkan hátt.

Sigraðu framtíðina

Femarelle Unstoppable hjálpar konum að halda aftur af einkennum í kjölfar tíðahvarfa. Það inniheldur kalk og D-vítamín fyrir eðlilega starfsemi beina og vöðva ásamt B2 og B7 fyrir jafnvægi slímhúðar sem og að minnka þreytu og slen. Femarelle Unstoppable hjálpar konum á aldrinum sextíu ára og eldri að viðhalda kraftmiklum lífsstíl þegar árin færast yfir.

40+ Femarelle Rejuvenate

- Minnkar skapsveiflur
- Stuðlar að reglulegum svefni
- Eykur orku
- Eykur teygjanleika húðar
- Viðheldur eðlilegu hári

50+ Femarelle Recharge

- Slær hratt á einkenni (hitakóf og nætursviti minnka)
- Stuðlar að reglulegum svefni
- Eykur kynhvöt
- Hefur engin áhrif á vef í brjóstum eða legi

60+ Femarelle Unstoppable

- Inniheldur kalsíum og D3-vítamín sem eru nauðsynleg til að styrkja bein að innan
- Stuðlar að heilbrigðri slímhúð legganga
- Eykur liðleika
- Stuðlar að reglulegum svefni
- Eykur orku sem stuðlar að sálfræðilegu jafnvægi

Góð reynsla af Femarelle

Þær Eva Ólöf Hjaltadóttir, Selma Björk Grétarsdóttir og Valgerður Kummer Erlingsdóttir hafa allar góða reynslu af Femarelle. „Ég hef notað Femarelle um nokkurt skeið og finn það núna hve miklu máli það skipti fyrir mig að byrja á þessari snilldarvöru," segir Valgerður. Eva Ólöf tekur í sama streng og segir: „Ég er svo ánægð með Femarelle, ég er hressari af þeim og ég mæli með þeim við allar vinkonur mínar." Selmu Björk líður líka betur eftir að hún fór að nota Femarelle. „Ég er mjög ánægð með áhrifin af Femarelle, ég er í betra jafnvægi og er öruggari með sjálfa mig."

Melissa Dream

- Töflurnar fá þig til að slake á, sofa betur og vakna endurnærð/ur

- Náttúruvara hönnuð til að stuðla að góðum nætursvefni
- Engin sljóvgandi áhrif
- Sítrónumelis (Lemon Balm) notað í gegnum aldirnar af jurtalæknum
- Magnesíum, L-theanine, kamilla og B-vítamínblanda

Svefntruflanir úr sögunni

„Sef betur alla nóttina, vakna úthvíld og er laus við fótaóeirðina."
Elsa Ásgeirsdóttir

2 töflur fyrir svefn
Náttúruleg leið til að sofa betur.

Útsölustaðir: Öll apótek, heilsuverslanir og heilsuhillur stórmarkaða. Nánar á Icecare.is

Stundar hreyfingu án verkja

Sigurður Ólafsson kynntist Amínó Fiskprótín Liðir eftir ábendingu frá fjölskyldumeðlimi sem vissi að hann var búinn að glíma við ónot í hnjám. Sigurður hefur alla tíð verið duglegur að stunda einhvers konar hreyfingu, en fyrir um það bil fimm árum fór að bera á verkjum í hnjám.

„Árið 2012 byrjaði ég að stunda fjallgöngur í töluvert miklum mæli en það eina sem skyggði á ánægjuna voru verkir sem ég fór að finna fyrir þegar leið á göngurnar," segir Sigurður.

„Þegar ég byrjaði að taka þátt í Landvættaprógrammi hjá Ferðafélagi Íslands haustið 2015, þar sem mikið er um hlaupa- og hjólaæfingar, fór enn meira að bera á þessum verkjum. Eftir að hafa reynt ýmsar vörur prófaði ég Amínó Fiskprótín Liði. Mjög fljótlega tók ég eftir gríðarlega miklum mun. Þetta er í fyrsta skipti sem ég tek fæðubótarefni sem algjörlega breytir aðstæðum mínum þannig að ég get stundað hreyfingu án verkja," segir hann.

„Haustið 2016 byrjaði ég að æfa fyrir IronMan keppni sem verður haldin í Kaupmannahöfn seinnipart sumars 2017.

Sigurður Ólafsson er að vonum ánægður með árangurinn.

Æfingaálagið er töluvert mikið og ef ekki væri fyrir Amínó Fiskprótín Liði þá væri ég ekki að ná sama magni af æfingatímum í viku."

Amínó® vörulínan samanstendur af fæðubótarefnum sem innihalda IceProtein® ásamt öðrum lífvirkum efnum. Amínó® Liðir er liðkandi blanda með náttúrulegum efnum úr hafinu við Ísland. Það inniheldur sæbjúgu (cucumaria frondosa) og IceProtein® (vatnsrofin þorskprótín). Skrápurinn samanstendur að mestu leyti af brjóski og er því mjög ríkur af kollageni en einnig lífvirka efninu chondroitin sulphate sem verndar liði fyrir skemmdum og örvar endurbyggingu á skemmdu brjóski.

Fyrir utan að innihalda kollagen og chondroitin sulphate er sæbjúgna-extraktið ríkt af sinki, joði og járni sem og bólguhemjandi efnum sem nefnast saponin. Auk sæbjúgna og IceProteins® innihalda Amínó Liðir túrmerik, D- og C-vítamín og mangan. Rannsóknir hafa sýnt að vatnsrofin fiskprótín, eins og eru í IceProtein®, auka upptöku á kalki úr meltingarvegi og styðja þannig við liðaheilsu. Kollagen, chondroitin sulphate, D- og C-vítamín og mangan eru allt efni sem eru mikilvæg fyrir liðaheilsu. Amínó® vörulínan samanstendur af fæðubótarefnum sem innihalda þorskprótín, ásamt öðrum lífvirkum efnum sem styðja við eða auka heilsubætandi virkni þorskpeptíðanna.

Að sögn dr. Hólmfríðar Sveinsdóttur, stofnanda og framkvæmdastjóra PROTIS ehf., sem framleiðir Amínó® vörulínuna, er fiskprótínið unnið úr hágæða hráefni sem fellur til við flakavinnslu á íslenskum þorski. „Markmiðið er að hámarka nýtingu á einstakri náttúruauðlind og bæta lýðheilsu."

Fæst í apótekum, heilsuverslunum og í heilsuhillum stórmarkaða. Nánari upplýsingar má finna á www.icecare.is.

Tilraunaverkefni á söngsviðinu

Á þriðjudagskvöldið ætla þrjár söngkonur og einn píanóleikari að halda áhugaverða tónleika í sal Tónlistarskólans í Garðabæ klukkan 20.

Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@365.is

Í vetur hafa Heiðdís Hanna Sigurðardóttir, Guðbjörg Hilmarsdóttir og Sólveig Sigurðardóttir tekið þátt í tilraunaverkefni á vegum Listaháskóla Íslands.

Í vetur hafa söngkonurnar Heiðdís Hanna Sigurðardóttir, Guðbjörg Hilmarsdóttir og Sólveig Sigurðardóttir tekið þátt í tilraunaverkefni á vegum Listaháskóla Íslands og má sjá og heyra afraksturinn í sal Tónlistarskólans í Garðabæ í næstu viku. „Við erum saman í meistaranámi í söng við Listaháskóla Íslands en bakgrunnur okkar er ólíkur. Við höfum allar lokið grunnnámi í klassískum söng frá mismunandi löndum. Ein okkar lærði í Hollandi, önnur í Bandaríkjunum og ég sjálf í Þýskalandi. Í vetur tókum við þátt í tilraunaverkefni við skólann, sem við áttum sjálfar hugmyndina að," útskýrir Heiðdís Hanna.

Læra hver af annarri

Þær stöllur voru á leið til Ísafjarðar á námskeið, sem var hluti af meistaranáminu, þegar sú hugmynd kviknaði að þær myndu halda saman námskeið og læra hver af annarri. „Við vorum í raun án kennara en hver og ein miðlaði af sinni þekkingu og deildi með hinum. Við vorum svo heppnar að fá að vinna þetta verkefni með Guðrúnu Dalíu Salómonsdóttur píanóleikara, en hún er afar fær á sínu sviði. Undanfarna mánuði höfum við prófað að syngja alls konar tónlist hver fyrir aðra, skoðað mismunandi stíla og helst sungið eitthvað óhefðbundið. Við höfum allar kynnst nýrri tónlist og bætt við okkur þekkingu. Við höfum líka kastað fram hugmyndum og krufið málin til mergjar," segir Heiðdís Hanna en í kringum námskeiðið skapaðist skemmtilegt samfélag.

Úrval af því besta

„Í hinum klassíska heimi er hefðin oftast sú að hver og einn er lokaður inni í herbergi að syngja en við vorum mikið þrjár saman að syngja. Félagslega var þetta mjög skemmtilegt. Við þurftum stundum að stoppa okkur af því þetta var svo gaman," segir Heiðdís Hanna hlæjandi.

Þar sem um tilraunaverkefni var að ræða er ekki víst að framhald verði næsta vetur en Heiðdís Hanna vonast þó til að þetta fyrirkomulag fái að halda sér og fleiri fái að njóta góðs af því. Það væri þó eflaust endurmetið eftir nemendafjölda. „Við reiknum með að halda áfram að þróa þetta og syngja saman," segir hún.

Tónleikarnir á þriðjudagskvöldið munu spanna stórt svið og eru í raun úrval af því besta sem þær þrjár hafa sungið í vetur. „Dagskráin verður mjög fjölbreytt. Við munum meðal annars syngja skandinavíska tónlist, t.d. eftir þá Grieg og Sibelius en sú tónlist er nokkuð ný fyrir okkur. Svo ætlum við að syngja alls konar aríur, sem dæmi eina eftir Verdi og aðra eftir Beethoven en það er ekki til mikið af söngtónlist eftir hann."

> **Félagslega var þetta mjög skemmtilegt. Við þurftum stundum að stoppa okkur af því þetta var svo gaman.**

Ástin togaði hana heim

Þegar Heiðdís Hanna er spurð hvað hafi togað hana heim úr námi frá Þýskalandi segir hún það hafa verið persónulegar ástæður. „Ég var í fjarsambandi í langan tíma svo það var ástin sem togaði mig heim. Svo finnst mér gaman að læra söng hér heima og geta blandað saman þýskum aga og íslensku kæruleysi."

Draumurinn þeirra Heiðdísar Hönnu, Guðbjargar og Sólveigar er að hasla sér völl á sínu sviði hérlendis. „Við erum allar í verkefnum fyrir utan skólann. Ég hef verið að syngja í íslensku óperunni, Sólveig er í átta manna sönghópi sem kallast Fjárlaganefnd og Guðbjörg er í Dómkórnum þar sem hún syngur stundum einsöng. Í augnablikinu langar mig mest að starfa sem söngkona hérlendis, það er mitt fyrsta val. Svo veit maður ekki hvað gerist. Það er krefjandi vinna að finna út úr því," segir Heiðdís Hanna.

Ferðamálaskólinn

Ævintýralegur starfsvettvangur
Starfstengt ferðafræðinám

Langar þig að starfa í ört vaxandi atvinnugrein – eða ertu starfandi í ferðaþjónustu?

Ferðamálaskólinn býður upp á fjölbreytt og spennandi nám fyrir fólk á öllum aldri sem er með brennandi áhuga á Íslandi sem ferðamannalandi.

INNRITUN STENDUR YFIR TIL 9. JÚNÍ. **Sjá mk.is**

Ferðamálaskólinn í Kópavogi
Sími: 594 4020

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
HÓTEL- OG MATVÆLASKÓLINN | FERÐAMÁLASKÓLINN | LEIÐSÖGUSKÓLINN

VOR SPRENGJA*

30%

AFSLÁTTUR

GILDIR EKKI AF NÝJUM VÖRUM

CINTAMANI

dress code iceland

snapchat/cintamani.is + facebook/cintamani_iceland + instagram/cintamani.iceland

bankastræti + kringlan + smáralind + austurhraun + akureyri + www.cintamani.is

*gildistími er 26. maí - 28. maí

Eigendur P. Karlssonar eru Þrúðmar Karlsson (t.v.) og Geir Bachmann.

Stórglæsilegir húsbílar

Sölusýning P. Karlssonar fer fram um helgina. Margar útfærslur af húsbílum verða sýndar en vinsældir þeirra hafa aukist mikið undanfarin ár.

Fyrirtækið P. Karlsson ehf. hefur um langt skeið rekið ferðavagnasölu hér á landi með góðum árangri. Árið 2013 hóf fyrirtækið samstarf við stærstu húsbílaleigu Evrópu, þýska fyrirtækið McRent, sem er nú orðin þriðja stærsta húsbílaleiga veraldar eftir opnun leigustöðva í Norður Ameríku en fyrir var hún stærsta húsbílaleiga Evrópu. Í sameiningu stofnuðu fyrirtækin félagið McRent Iceland sem er í eigu beggja aðila og heldur úti einni stærstu einstöku húsbílaleigu landsins. „Frá stofnun fyrirtækisins höfum við sérhæft okkur í leigu og sölu á húsbílum og telur leigubílafloti okkar nú 98 húsbíla," segir Geir Bachmann, annar eigandi P. Karlssonar. „Við höfum verið að auka á fjölbreytina í flotanum en við bættum við flóruna hjá okkur stórglæsilegum LMC lágþekjum fyrir sumarið. Í sumar verður svo tekin ákvörðun um kaup fyrir næsta ár. Flotinn mun stækka nokkuð á næstu árum en 49 af bílunum eru nýir."

Góð þjónusta

Meðeigandi Geirs, Þrúðmar Karlsson, bendir á að allt árið um kring sé einnig fjöldi bifreiða til sölu og sýnis en markmið P. Karlsonar sé að bjóða viðskiptavinum nýlega húsbíla til sölu á mjög góðu verði. „Allir bílarnir okkar eru frá Erwin Hymer Group en undir hatti fyrirtækisins eru framleidd hin vel þekktu vörumerki Dethleffs, Sunlight og LMC sem eru uppistaðan í flota okkar." Viðskiptavinir P. Karlssonar njóta góðs af þessu samstarfi segir Þrúðmar sem endurspeglast helst í endursöluverði bifreiðanna. „Við erum að kaupa inn allt að 50 bíla í einu og fáum þar af leiðandi allt önnur verð en almennt þekkist.

Húsbílar njóta vaxandi vinsælda enda eru þeir frábær ferðamáti.

Svefnaðstaðan er einstaklega notaleg og minnir helst á hótelherbergi.

Lítið mál er að snúa stólunum við til að útbúa fyrirtaks aðstöðu.

Þetta skilar sér auðvitað beint til ánægðra viðskiptavina okkar."

Báðir eru sammála um að fyrirtækið leggi mikið upp úr góðri þjónustu. Þessi samblanda af húsbílaleigu og sölu hafi einnig gefist mjög vel. „Leigustöð McRent Iceland er þegar orðin með stærri leigum McRent-keðjunnar á heimsvísu. Auk þess hefur salan tekið verulega við sér á síðustu árum en í fyrra seldust 33 bílar."

Aukin sala

Þannig er lagt upp úr góðri þjónustu og góðri vöru á báðum vígstöðvum að sögn Geirs. „Við viðhöldum og þjónustum stóran flota af bílum sem eru í útleigu og við leggjum mjög mikla áherslu á gott viðhald tækjanna. Þeir sem kaupa bílana geta svo að sjálfsögðu sótt alla þjónustu er viðkemur húsunum til okkar enda höldum við úti stórum varahlutalager og eigum yfirleitt þá varahluti sem vantar, ef eitthvað kemur upp á."

Það hefur ekki farið fram hjá landsmönnum að ferðamannastraumur til landsins hefur stóraukist undanfarin ár vegna sívaxandi áhuga á Íslandi segir Þrúðmar. „Húsbílainnflutningur dróst verulega saman eftir hrun en nú hefur orðið mikil endurnýjun í flotanum. Salan á tækjunum sjálfum hefur tekið mikinn kipp síðustu árin sem sýnir svart á hvítu að það eru ekki bara erlendir ferðamenn sem hafa áhuga á því að skoða landið, upplifa frelsið og þægindin sem fylgir því að ferðast um í húsbíl á Íslandi."

Gott starfsfólk

Geir og Þrúðmar segja gríðarlega vinnu hafa fylgt því að koma á fót fyrirtæki sem standi þeim stærstu og bestu í Evrópu fyllilega á sporði en sérhæfingin hjálpi þar mikið til og ekki síst gott starfsfólk. „Sérhæfing starfsmanna okkar hefur þann kost að við þekkjum mjög vel þau tæki sem við bjóðum upp á. Þessir bílar verða eins og börnin manns. Við búum að mjög langri reynslu í bæði leigu og sölu á þessum tækjum og vitum nákvæmlega hvað þarf til að ná árangri. Eins höfum við verið afskaplega lánsamir með starfsfólk. Það er viðskiptavinurinn sem skiptir mestu máli og leggja starfsmenn okkar allan metnað í að þjónusta alla viðskiptavini okkar eins og best verður á kosið."

Um helgina verður sölusýning á húsbílum P.Karlssonar að Smiðjuvöllum 5a í Reykjanesbæ en hún er jafnan mjög vel sótt. „Þar sýnum við margar mismunandi útfærslur af bílum og hlökkum til að sjá sem flesta. Bílarnir eru allir mjög vel útbúnir þar sem þægindin eru í fyrirrúmi. Sýndar verða margar útfærslur af bílum; tveggja, fjögurra og sex manna bílar frá Sunlight, Dethleffs og LMC. Þar ættu flestir að geta fengið eitthvað við sitt hæfi á góðu verði en einnig verður sýndur nýi LMC billinn sem verður forsmekkurinn af því sem koma skal á næsta ári."

Sýningin verður opin á laugardag og sunnudag frá kl. 12 til 16.

Sölusýning á húsbílum um helgina

- Sýnum margar mismunandi útfærslur -

Sjón er sögu ríkari
Verð frá: 6.990.000 kr.

P.Karlsson ehf. – fimm stjörnu ferðafrelsi

Sýningin er á Smiðjuvöllum 5a, Reykjanesbæ

Opnunartíminn er:

Sýningarhelgin:

Laugardagur 27. maí: 12-16.
Sunnudagur 28. maí: 12-16.

Virkir dagar:

Mánudaga til fimmtudaga: 10-17.
Föstudaga frá kl. 10-16.

P. KARLSSON EHF.

Sunlight Dethleffs McRent

P. Karlsson ehf | Smiðjuvöllum 5a, 230 Reykjanesbæ | 517 5200 | www.pkarlsson.is

Síð pils vinsæl í sumar

Síð mynstruð pils verða mjög vinsæl í sumar. Reyndar mega þau líka vera stutt eða niður á hné. Plíseruð, einlit pils eru til dæmis mjög vinsæl um þessar mundir. Hægt er að nota þau við peysur, boli eða léttar skyrtur. Olivia Palermo, bloggari og raunveruleikastjarna, er leiðandi í tískuheiminum. Hún hefur stóran hóp fylgjenda á Instragram og Snapchat. Undanfarið hefur Olivia, sem er 31 árs, klæðst alls kyns pilsum og vakið mikla athygli. Í uppáhaldi hjá henni eru kálfasíð pils sem líta svolítið út fyrir að vera afturhvarf til fortíðar. Pils eru klæðileg og þægileg yfir sumartímann. Tískulöggurnar segja að vinsælustu verslanir hinnar almennu konu, HM, Zara og fleiri, bjóði núna upp á glæsileg síð pils í fallegum litum.

Olivia Palermo mætti á Armani sýningu í Mílanó á dögunum..

Olivia Palermo mætir hér á sýningu Valentino í París í síðu pilsi.

BYLGJAN 30 ÁRA 989

Daníel syngur lög eftir Leonard Cohen um helgina.
MYND/ERNIR

Syngur Cohen og útskrifar nema

Söngvarinn og kennarinn Daníel Hjálmtýsson byrjaði helgina á Café Rosenberg þar sem hann söng lög hins goðsagnakennda Leonards Cohen.

Sólveig Gísladóttir
solveig@365.is

Daníel Hjálmtýsson starfar sem umsjónarkennari í Vesturbæ Reykjavíkur og sem tónlistarmaður og tónleikahaldari til hliðar við kennsluna. Hann hefur sungið og spilað frá blautu barnsbeini en hefur vakið hvað mesta athygli fyrir frammistöðu sína á heiðurs- og minningartónleikaröð um Leonard Cohen sem lauk í gærkvöldi.

Áttu þér gælunafn? Móðir mín á erfitt með það en margir vinir og fjölskyldumeðlimir kalla mig Danna.

Kærasta æskuminningin? Mér þykir mjög vænt um minningu skagfirska hundsins Pjakks en hann var mér góður félagi á uppeldisárunum.

Neyðarlegasta atvikið? Þau eru nokkur en yfirleitt hægt að hlæja dátt að þeim ...

Heitur pottur eða gufubað? Bæði gott.

Klukkan hvað ferðu að sofa á kvöldin? Yfirleitt um miðnætti en nátthrafninn blundar ávallt í manni.

Hvenær vaknar þú á morgnana? Ég reyni að vera kominn á fætur um sjö – það gengur stundum.

Áttu bíl? Já. Ég á enn þá fyrsta bílinn minn. Gamlan, rauðan blæjubíl sem situr í geymslu. Annars notast ég við tvo jafnfljóta og gula vagninn við flest tilefni.

Ástin er ... Bezt í heimi!

Bíómyndin sem þú getur horft á aftur og aftur? Of margar en ef ég ætti að velja eina þá yrði það kannski Sideways. Bókin er ekkert síðri og Paul Giamatti er yndislegur.

Þinn helsti löstur? Ég á það til að taka of mikið að mér í einu og get verið allt of harður við sjálfan mig.

Þinn besti kostur? Ég á mjög auðvelt með að fyrirgefa og tel mig vera traustan og góðan vin.

Áttu þér leikaratvífara? Ég á víst að vera mjög líkur hinum og þessum en get ekkert sagt til um það sjálfur.

Áttu gæludýr? Hef átt þau mörg en hljóðfærin mín komast næst gæludýrum þessa dagana.

Við hvað ertu hræddur? Það er ýmislegt en flug, trúðar, það að bregðast og að gefnu tilefni; tívolítæki, er eitthvað sem er hægt að nefna og sumt á kómískan hátt. Ég glímdi til að mynda við ofsahræðslu við Brúðubílinn sem barn. Það er ógeðslega fyndið.

> **Ég glímdi til að mynda við ofsahræðslu við Brúðubílinn sem barn. Það er ógeðslega fyndið.**

Draumahelgin? Óvænt (og ókeypis!) utanlandsferð með góðum vinum (t.d. til Lissabon eða New York) eða bara gott veður, gott kaffi, góður matur og góður félagsskapur með góða músík, í hvaða aðstæðum (eða borg) sem er.

Næst á dagskrá? Við lukum við Leonard Cohen seríuna í gær á Rosenberg. Það var uppselt í þriðja sinn, sem er alveg frábært og gaman að enda þetta þannig. Svo er að útskrifa nemendur mína í næstu viku, anda að sér sumrinu og ævintýrunum sem því fylgja, spila músík með góðu fólki og njóta þess að vera í núinu og vera til.

ENDURMENNTUN HÁSKÓLA ÍSLANDS

Endurmenntun Háskóla Íslands er í afgerandi forystuhlutverki á sviði sí- og endurmenntunar á Íslandi. Þar starfar samhentur hópur fólks að því að efla hæfni og getu viðskiptavina í starfi og einkalífi. Endurmenntun er skilvirkur farvegur fyrir miðlun þekkingar Háskóla Íslands til samfélagsins.

Viðskiptastjóri

Við leitum að einstaklingi sem býr yfir mikilli samstarfshæfni, sýnir frumkvæði og sjálfstæði í síbreytilegu og spennandi umhverfi og er tilbúinn að takast á við krefjandi starf. Viðskiptastjóri vinnur í teymi með öðrum starfsmönnum Endurmenntunar og heyrir undir markaðs- og kynningarstjóra.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Reynsla af viðskiptastjórnun og sölu nauðsynleg
- Drifkraftur, frumkvæði og geta til að starfa sjálfstætt og í teymi
- Jákvæðni og lipurð í mannlegum samskiptum
- Góð íslensku- og enskukunnátta

Starfs- og ábyrgðarsvið

- Samskipti við viðskiptavini og samstarfsaðila
- Sala og þarfagreining
- Stýring viðskiptatengsla og öflun nýrra viðskiptavina
- Umsjón með sérsniðnum námskeiðum fyrir fyrirtæki og stofnanir

Upplýsingar veitir:

Geirlaug Jóhannsdóttir
geirlaug@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 11. júní nk.

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700

DISTICA

Jafnlaunaúttekt PwC 2015

Kraftmikill stjórnandi innkaupadeildar

Distica óskar eftir að ráða metnaðarfullan leiðtoga sem deildarstjóra innkaupadeildar. Við leitum að dugmiklum einstaklingi sem hefur til að bera frumkvæði, yfirsýn og áhuga á að reka öfluga deild sem annast birgðastýringu og þjónustu fyrir marga af stærstu lyfjaframleiðendum heims. Deildarstjórinn er hluti af öflugum stjórnendahópi félagsins og heyrir beint undir framkvæmdastjóra Distica.

HELSTU VERKEFNI OG ÁBYRGÐ

- Ábyrgð á stjórnun, rekstri og starfsmannamálum innkaupadeildar
- Ábyrgð á vörustjórnunarferli Distica
- Verkefnastýring og framkvæmd umbótaverkefna
- Fagleg ábyrgð á sérhæfðum tölvukerfum
- Samskipti og samningar við innri og ytri viðskiptavini
- Gerð og ábyrgð á rekstraráætlunum
- Skipulag innkaupadeildar og stefnumótun til framtíðar
- Faglegur leiðtogi innkaupadeildar

MENNTUN OG REYNSLA

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi og framhaldsmenntun er kostur
- Þekking og reynsla af stjórnun og sambærilegum störfum
- Afburða hæfni í samskiptum og stjórnun starfsmanna
- Góð færni í notkun upplýsingakerfa
- Reynsla af verkefnastjórnun

Umsóknarfrestur er til og með 7. júní nk.

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um starfið í gegnum ráðningarvef á heimasíðu Distica (www.distica.is).

Umsókn um starfið þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Nánari upplýsingar um starfið veita:

- GYLFI ÞÓR RÚTSSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI
  ☎ 665 7514 | gylfi@distica.is
- VILBORG GUNNARSDÓTTIR, MANNAUÐSSTJÓRI
  ☎ 824 7136 | vilborg@distica.is

Distica sérhæfir sig í dreifingu á lyfjum, heilsuvörum, neytendavörum og vörum fyrir heilbrigðisþjónustu og rannsóknarstofur. Fyrirtækið er með um 70% markaðshlutdeild í lyfjadreifingu á Íslandi. Nánar á www.distica.is.

GILDI DISTICA ERU ÁREIÐANLEIKI, HREINSKIPTNI OG FRAMSÆKNI

BIRTA LÍFEYRISSJÓÐUR

Starfsmaður í móttöku

Birta lífeyrissjóður er fjórði stærsti lífeyrissjóður landsmanna með yfir 18.000 virka sjóðfélaga.

Sjóðurinn tók formlega til starfa 1. desember 2016 en hann varð til við samruna Sameinaða lífeyrissjóðsins og Stafa lífeyrissjóðs.

Nánari upplýsingar um sjóðinn má finna á ***www.birta.is***

Birta lífeyrissjóður óskar eftir að ráða starfsmann í móttöku sjóðsins.

Helstu verkefni:

- Móttaka gesta
- Símsvörun
- Umsjón póstmála
- Skjalavarsla, skönnun og flokkun
- Undirbúningur funda

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun sem nýtist í starfi
- Þjónustulund
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Skipulögð vinnubrögð
- Góð almenn tölvukunnátta

Nánari upplýsingar veita Bylgja Björk Pálsdóttir (bylgja@intellecta.is) og Ari Eyberg (ari@intellecta.is) í síma 511-1225. Umsóknarfrestur er til og með 6. júní 2017. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is og henni þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf. Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.

Intellecta, Síðumúli 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225.

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

Sérfræðingur í lífeyrisdeild

Lífeyrissjóðurinn var stofnaður 1. febrúar 1956 á grundvelli kjarasamninga. Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri.

Sjóðurinn er stærsti lífeyrissjóður á almennum vinnumarkaði. Eignir hans nema um 600 milljörðum króna. Um 50 þúsund sjóðfélagar greiddu iðgjöld til sjóðsins á liðnu ári og lífeyrisþegar eru rúmlega 15 þúsund. Á skrifstofu sjóðsins starfa 40 manns.

Nánari upplýsingar um sjóðinn má finna á heimasíðu hans www.live.is

Lífeyrissjóður verzlunarmanna óskar eftir að ráða starfskraft til starfa í lífeyrisdeild sjóðsins.

Helstu verkefni eru þjónusta við sjóðfélaga varðandi upplýsingagjöf og ráðgjöf um lífeyrismál, öflun og skráning gagna sem og úrskurður lífeyris. Um fullt starf er að ræða og æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Ráðgjöf um lífeyrismál til sjóðfélaga
- Úrskurður lífeyris
- Öflun og skráning gagna
- Önnur tilfallandi verkefni

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun eða reynsla sem nýtist í starfi
- Jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum
- Samviskusemi og nákvæmni í vinnubrögðum
- Vilji til að tileinka sér nýja þekkingu og vinnubrögð
- Rík þjónustulund

*Nánari upplýsingar veita Ari Eyberg (**ari@intellecta.is**) og Bylgja Björk Pálsdóttir (**bylgja@intellecta.is**) í síma 511 1225. Umsóknarfrestur er til og með 6. júní 2017.* ***Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál og þeim svarað.*** *Umsókn þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf.*

Intellecta Síðumúli 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225.

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

Rio Tinto

Verkfræðingur / Tæknifræðingur

RioTinto

Rio Tinto á Íslandi óskar eftir að ráða verk- eða tæknifræðing á vélasviði til að sinna fjölbreyttum störfum í viðhaldsmálum fyrirtækisins.

Umsóknarfrestur
5. júní

Upplýsingar og umsókn
capacent.is/s/5134

Starfssvið

- Gerð verklýsinga fyrir viðhaldsverkefni og uppfærsla gagna eftir breytingar.
- Gerð og uppfærsla viðhaldsáætlana.
- Undirbúningur og verkefnastjórnun viðhaldsverkefna.
- Skipulagning viðhaldsverka.
- Samskipti við framleiðsludeildir.
- Ástands- og bilanagreining á framleiðslubúnaði.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Verk- eða tæknifræði próf á vélasviði.
- Frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð og hæfileiki til að vinna í hópi.
- Góðir samskiptahæfileikar.
- Góð kunnátta í ensku og almenn tölvuþekking æskileg.
- Þekking á CAD forritum svo sem Autocad og Solidworks góður kostur.

Rio Tinto á Íslandi hf. er þekkingarfyrirtæki sem rekur álver í Straumsvík. Við bjóðum upp á margbreytileg störf þar sem hugvit, þekking og kunnátta starfsmanna gegnir lykilhlutverki. Við leggjum áherslu á markvisst fræðslustarf, frammistöðuhvetjandi starfsumhverfi og gott upplýsingaflæði ásamt tækifærum til starfsþróunar. Við setjum umhverfis-, öryggis-, og heilbrigðismál í öndvegi og vinnum stöðugt að umbótum á verkferlum og vinnuaðferðum. Við leggjum áherslu á að starfa í góðri sátt við umhverfið.

Capacent — leiðir til árangurs

capacent

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

Ef þú ert með rétta starfið — erum við með réttu manneskjuna

capacent

www.capacent.is

Deloitte.

Vilt þú starfa í leiðandi fjármálaráðgjöf í alþjóðlegu umhverfi?

Vegna aukinna umsvifa leitum við að öflugum sérfræðingum í hópinn okkar.

Verkefnastjóri

Fjármálaráðgjöf Deloitte leitar að verkefnastjóra sem mun bera ábyrgð á daglegri stjórnun einstakra verkefna, undir handleiðslu reyndra ráðgjafa í stjórnendateymi fjármálaráðgjafar. Verkefnastjóri mun meðal annars sinna faglegri gæðastýringu, samskiptum við viðskiptavini og þjálfun þeirra sérfræðinga sem vinna að verkefnum undir verkefnastjóra.

Sérfræðingur

Fjármálaráðgjöf Deloitte leitar af útskrifuðum meistaranemum til að bætast í hóp öflugra ráðgjafa. Fjármálaráðgjafar Deloitte vinna náið með fyrirtækjum að úrlausn krefjandi verkefna. Unnið er í verkefnateymum undir handleiðslu verkefnastjóra og reyndra ráðgjafa. Nýr sérfræðingur þarf að vera tilbúinn til að sækja þjálfun erlendis í 6 mánuði í kjölfar ráðningar.

Nánari starfslýsingar og hæfniskröfur eru að finna á heimasíðu okkar www.deloitte.is

Æskilegt er að umsækjendur geti hafið störf sem fyrst. Umsókn ásamt fylgigögnum skal skila í gegnum heimasíðu Deloitte, **www.deloitte.is** fyrir **11. júní**.
Nánari upplýsingar veitir Harpa Þorláksdóttir, mannauðsstjóri,
harpa.thorlaksdottir@deloitte.is

Sunnuhlíð
Hjúkrunarheimili aldraðra í Kópavogi

Í Sunnuhlíð vinnur samhentur hópur starfsmanna sem leggur metnað sinn í að veita heimilisfólkinu góða þjónustu.

Matreiðslumenn

Hjúkrunarheimilið Sunnuhlíð óskar eftir að ráða matreiðslumann

Viðkomandi þarf að geta hafið störf fljótlega eða eftir samkomulagi

Upplýsingar gefur: **Kristín Sigurþórsdóttir**, mannauðsstjóri í síma **560-4107**

Umsókn ásamt ferilskrá sendist á netfangið: **kristinsig@sunnuhlid.is**

Kópavogsbraut 1C • 200 Kópavogur • Sími 560 4100 • Fax 560 4175

BYGGINGAR

Verkefnastjóri

Við leitum að kraftmiklum einstaklingi til að stýra byggingarsvæði.
Æskilegt er að viðkomandi sé iðnmeistari eða með tæknimentun og reynslu af stjórnun vinnusvæðis.

Verkstjóri

Við leitum að duglegum einstaklingi til vinna við verstjórn á byggingarsvæði.
Farið er fram á reynslu af verkstjórn í byggingarvinnu.

Smiðir

Leitum að duglegum smiðum til margskonar verkefna í mælingu.
Næg verkefni.

Upplýsingar veitir Reynir í síma 696 0199.

Eldisstöðin Ísþór ehf framleiðir laxaseiði sem sett er í sjó við strendur Íslands. Félagið er í jafnri eigu Fiskeldis Austfjarða hf. og Arnarlax hf. Í eldisstöð félagsins í Þorlákshöfn eru framleiddar árlega um þrjár milljónir seiða en áætlanir eru uppi um verulega stækkun á stöðinni samhliða auknu laxeldi á Íslandi.

Rekstrarstjóri

Eldisstöðin Ísþór ehf. í Þorlákshöfn leitar að rekstrarstjóra fyrir félagið. Leitað er að kraftmiklum stjórnanda sem bera mun ábyrgð á daglegum rekstri félagsins og framtíðaruppbyggingu.

Starfslýsing:
- Yfirumsjón með daglegum rekstri félagsins
- Fjármála- og starfsmannastjórn félagsins
- Áætlanagerð þ.m.t. fjárhagsáætlanir og einnig eftirfylgni með áætlunum
- Regluleg skýrslugjöf til stjórnar
- Yfirumsjón með framtíðaruppbyggingu stöðvarinnar og reglulegu viðhaldi

Hæfniskröfur:
- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af stjórnun og rekstri
- Þekking og/eða reynsla af fiskeldi kostur
- Viðkomandi þarf að vera sjálfstæður og búa yfir frumkvæði og áræðni

Upplýsingar veitir:
Geirlaug Jóhannsdóttir
geirlaug@hagvangur.is
Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is
Umsóknarfrestur er til og með 5. júní nk.

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700

ÍSFELL

Ísfell er eitt öflugasta fyrirtæki á sviði veiðarfæraþjónustu á Íslandi. Fyrirtækið rekur alhliða heildsölu með útgerðar-, björgunar- og rekstrarvörur að Óseyrarbraut 28 í Hafnarfirði. Að auki rekur Ísfell veiðarfæragerðir á sjö stöðum á landinu. Sterk staða fyrirtækisins markast helst af góðu úrvali af gæðavörum, áreiðanleika gagnvart viðskiptavinum og frábæru starfsfólki með góða þekkingu á sviði veiðarfæra, útgerðar-, björgunar- og rekstrarvara.

Sölumaður

Ísfell leitar að öflugum sölumanni á vinnufatnaði og rekstrarvörum.

Helstu verkefni:
- Sala á vinnufatnaði, öryggisskóm og tengdum vörum
- Öflun og viðhald viðskiptasambanda við viðskiptavini fyrirtækisins
- Innkaup í samvinnu við innkaupastjóra
- Samskipti við innlenda og erlenda birgja
- Gerð kynningar- og markaðsefnis í samráði við sölu- og markaðsstjóra
- Söluferðir og heimsóknir til viðskiptavina

Menntun- og hæfniskröfur:
- Reynsla af sölustörfum
- Menntun með áherslu á sölu- og markaðsfræði
- Góð íslensku- og enskukunnátta, danska er kostur
- Góð almenn tölvukunnátta
- Mjög góð færni í mannlegum samskiptum
- Skipulagshæfileikar, frumkvæði og sjálfstæði í starfi

Upplýsingar veitir:
Geirlaug Jóhannsdóttir
geirlaug@hagvangur.is
Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is
Umsóknarfrestur er til og með 7. júní nk.

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700

Fjárhagslegar áhættugreiningar

Reykjavíkurborg

Leitum að deildarstjóra og sérfræðingi með mikla greiningarhæfni og færni í stærðfræði og tölfræði

Fjármálaskrifstofa Reykjavíkurborgar óskar eftir að ráða áhugasama og metnaðarfulla einstaklinga í störf deildarstjóra og sérfræðings í áhættumatsdeild skrifstofunnar. Um er að ræða litla deild sem gegnir mikilvægu hlutverki við úrlausn fjölbreyttra og krefjandi greiningarverkefna sem varða fjárhagslega hagsmuni borgarinnar og borgarbúa. Samstæða Reykjavíkurborgar veltir rúmlega 155 milljörðum árlega og stærð efnahagsreiknings er rúmlega 535 milljarðar króna.

Áhættumatsdeild ber ábyrgð á fjárhagslegum áhættugreiningum m.a. á tillögum, verkefnum, skuldbindingum og lagafrumvörpum sem geta haft veruleg áhrif á fjárhag borgarinnar og fyrirtækja hennar, þ.m.t. Orkuveitu Reykjavíkur sef. og Félagsbústaða hf. Deildin ber jafnframt ábyrgð á þróun aðferða við mat á fjárhagslegum áhættum borgarsjóðs (A-hluta borgarinnar) og tekur ríkan þátt í stefnumótun um fjármálastjórn og fjárhagslega áhættustýringu borgarsjóðs.

Starf deildarstjóra felur í sér mannaforráð yfir tveimur starfsmönnum en lögð er áhersla á að viðkomandi sé faglega sterkur og taki virkan þátt í úrlausn verkefna deildarinnar.

Deildarstjóri

Hæfniskröfur:

- Sterk rökhugsun og greiningarhæfni og færni til að hafa yfirsýn yfir flókin og viðamikil verkefni
- Góð þekking á stærðfræði og tölfræði og haldgóð reynsla af stærðfræðilegri líkanagerð eða greiningarvinnu úr námi eða starfi
- Framhaldsmenntun sem nýtist í starfi, s.s. á sviði hagfræði, fjármála eða verkfræði
- Reynsla af starfi tengdu stærðfræðilegum eða hagfræðilegum greiningum, fjármálum fyrirtækja og/eða fjárhagslegri áhættustýringu er æskileg
- Nákvæm og vönduð vinnubrögð, atorka og frumkvæði
- Mikil færni í íslensku og ensku, sér í lagi ritfærni á íslensku, og hæfileiki að setja fræðilegt efni fram á skýran hátt
- Örugg framkoma
- Færni í mannlegum samskiptum og geta til að starfa sjálfstætt sem og í hópi
- Þekking á forritun og gagnagrunnum er kostur

Sérfræðingur

Hæfniskröfur:

- Sterk rökhugsun og greiningarhæfni og færni til að hafa yfirsýn yfir flókin og viðamikil verkefni
- Góð þekking á stærðfræði og tölfræði og haldgóð reynsla af stærðfræðilegri líkanagerð eða greiningarvinnu úr námi eða starfi
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, s.s. á sviði hagfræði, fjármála eða verkfræði
- Framhaldsmenntun eða starfsreynsla er æskileg
- Nákvæm og vönduð vinnubrögð, atorka og frumkvæði
- Mikil færni í íslensku og ensku, sér í lagi ritfærni á íslensku, og hæfileiki að setja fræðilegt efni fram á skýran hátt
- Færni í mannlegum samskiptum og geta til að starfa sjálfstætt sem og í hópi
- Þekking á forritun og gagnagrunnum er kostur

Nánari upplýsingar veitir:
Sveina Berglind Jónsdóttir, sveina@hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 11. júní nk.

Umsókn þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf.

Æskilegt er að viðkomandi einstaklingar geti hafið störf sem fyrst.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir. Umsóknir gilda í 6 mánuði ef staðan losnar á ný.

Kjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélags.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er. Við ráðningar í störf hjá Reykjavíkurborg er tekið mið af mannréttindastefnu borgarinnar.

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700

Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi

www.hagvangur.is

VESTURBYGGÐ

Staða leikskólastjóra við leikskólann Araklett á Patreksfirði er laus til umsóknar.

Vesturbyggð auglýsir lausa til umsóknar stöðu leikskólastjóra hjá leikskólanum Arakletti á Patreksfirði, sem er þriggja deilda leikskóli, fyrir um 50 börn, sjá nánar http://www.araklettur.is

Á verksviði leikskólastjóra eru; stjórn og ábyrgð á daglegri starfsemi, starfsmannahaldi, fjárhagsáætlanagerð og rekstri. Leikskólastjóri ber ábyrgð á faglegri forystu í vinnu með starfsfólki að markmiðum leikskólans. Lögð er áhersla á öflugt og gott samstarf og samráð við foreldrafélag leikskólans og fræðsluráð sveitarfélagsins. Næsti yfirmaður er bæjarstjóri.

Leikskólinn Araklettur starfar samkvæmt gildum Lífsmenntar og lauk þróunarverkefni í Lífsmennt árið 2016. Hann er einnig Sólblómaleikskóli, Heilsueflandi leikskóli og tekur þátt í Vináttuverkefni Barnaheilla, auk þess að vera leikskóli á Grænni grein. Unnið er eftir skólastefnu Vesturbyggðar frá 2014 og Uppbyggingarstefnu sem samræmd er í öllu skólastarfi í Vesturbyggð.

Umsækjandi skal hafa starfsheitið leikskólakennari og viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynslu á leikskólastigi. Við leitum að einstaklingi með framúrskarandi færni í mannlegum samskiptum og jákvæð lífsviðhorf, auk skipulagshæfni, frumkvæðis, sjálfstæðis og fagmennsku í vinnubrögðum. Stjórnunarreynsla og reynsla af starfsmannahaldi er æskileg.

Launakjör verða skv. kjarasamningi launanefndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélaga.

Umsóknarfrestur er til og með 17. júní.

Nánari upplýsingar veitir Friðbjörg Matthíasdóttir, bæjarstjóri Vesturbyggðar, baejarstjori@vesturbyggd.is eða í síma 450-2300

Vesturbyggð er tæplega 1100 manna samfélag í mikilli sókn. Þar eru tveir þéttbýliskjarnar, Patreksfjörður er stærstur með 700 íbúa og svo Bíldudalur með 220 íbúa. Í kring er blómlegt dreifbýli með öflugum landbúnaði og ferðaþjónustu. Um 5 tíma akstur er til Reykjavíkur og þá gengur ferjan Baldur árið um kring milli Stykkishólms og Brjánslækjar. Áætlunarflug er frá Bíldudal.

Öll almenn þjónusta svo sem leik- grunn og tónskóli, heilsugæsla ásamt frábærri aðstöðu til almennrar íþróttaiðkunar er á staðnum.

Verkefnastjóri teiknistofu

Umhverfis- og mannvirkjasvið Akureyrarbæjar óskar eftir að ráða drífandi einstakling í fjölbreytt starf, með áherslu á gerð mæliblaða og viðhalds teiknigrunna, auk annarra verkefna. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Helstu verkefni eru:
- Gerð og viðhald mæliblaða.
- Umferðaröryggismál og slysaskráning
- Umsjón og viðhalds teiknigrunna og korta (Akureyrargrunnur)
- Tilfallandi verkefni á Umhverfis- og mannvirkjasviði.

Menntunar- og/eða hæfniskröfur:
- Gerð krafa um háskólamenntun í byggingartækni-, byggingariðn- eða byggingarverkfræði, eða sambærilega menntun sem nýtist í starfi.
- Góð almenn tölvukunnátta þekking og reynsla af teikniforritum s.s. Microstation, Excel.
- Þekking á One system er kostur.
- Þekking og reynsla af mælingartækjum eins og GPS og alstöð og þeim hugbúnaði er þeim fylgir er kostur.
- Hæfni til skipulagningar, nýsköpunar og innleiðingar nýrra hugmynda og vinnubragða.
- Góð íslensku- og enskukunnátta ásamt einu Norðurlandamáli.
- Færni í mannlegum samskiptum og samstarfsvilji.
- Sveigjanleiki, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Stundvísi og samviskusemi.
- Gerð er krafa um vammleysi, s.s. að vera með gott orðspor og að framkoma og athafnir á vinnustað og utan hans sam rýmist starfinu.

Nánari upplýsingar um starfið er að finna á heimasíðu Akureyrarbæjar, www.akureyri.is þar sem sótt er um rafrænt.

Umsóknarfrestur er til og með 12. júní 2017

Akureyri ÖLL LÍFSINS GÆÐI

Akureyrarbær · Geislagata 9 · Sími 460 1000 · Bréfasími 460 1001

VILT ÞÚ VERÐA **HLUTI** AF GÓÐU **FERÐALAGI**?

Hjá Isavia starfar öflugur hópur fólks sem allt hefur það að markmiði að vera hluti af góðu ferðalagi þeirra sem fara um flugvelli félagsins og íslenska flugstjórnarsvæðið.

Nú vantar okkur fleiri til að vera hluti af góðu ferðalagi með okkur.

KENNSLURÁÐGJAFI

Helstu verkefni eru gerð kennslugagna, skipulagning náms flugleiðsögusviðs, aðstoð við kennara deildarinnar og kennsla.

Hæfniskröfur:
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi er skilyrði, t.d. kennaramenntun
- Reynsla af kennslu og gerð námsefnis er nauðsynleg
- Mjög góð íslensku– og enskukunnátta, bæði í ræðu og riti
- Reynsla sem tengist flugi er kostur

HERMAFLUGMAÐUR

Hermaflugmaður sinnir verkefnum í flughermi, æfingagerð, veitir aðstoð með tækjabúnað og tekur þátt í þjálfun starfsmanna flugleiðsögusviðs.

Hæfniskröfur:
- Stúdentspróf eða sambærileg menntun
- Mjög góð tölvukunnátta
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta
- Reynsla sem tengist flugi er kostur

Nánari upplýsingar um störfin veitir Gunnlaugur Guðmundsson, deildarstjóri Þjálfunar og ATS Verklags, **gunnlaugur.gudmundsson@isavia.is**.

Jafnlaunaúttekt PwC 2015

Isavia hlaut gullmerki PwC fyrir launajafnrétti í jafnlaunaúttekt PwC 2015 og 2016. Við erum stolt af þeirri niðurstöðu og er hún í takt við jafnréttisáætlun félagsins sem hefur það að markmiði að nýta hæfni, krafta og kunnáttu starfsmanna til fulls án þess að kynbundin mismunun eigi sér stað.

Hringur er flugumferðarstjóri í flugstjórnarmiðstöðinni í Reykjavík. Hann er hluti af góðu ferðalagi.

HVÍTA HÚSIÐ — SÍA 2017

STARFSSTÖÐ:
REYKJAVÍK

UMSÓKNARFRESTUR:
5. JÚNÍ 2017

UMSÓKNIR:
ISAVIA.IS/ATVINNA

isavia

MOSFELLSBÆR Lágafellsskóli

Lágafellsskóli Mosfellsbæ

Má bjóða þér að taka þátt í metnaðarfullu skólastarfi?

Viltu vera hluti af góðum og öflugum starfsmannahópi sem vinnur saman að því að mæta ólíkum einstaklingum í krefjandi verkefnum.

Eftirtaldar stöður eru lausar til umsóknar frá og með 1. ágúst 2017

- Umsjónarkennsla á yngsta og miðstigi
- Afleysing í umsjónarkennslu á yngsta stigi til 1. mars 2018 vegna fæðingarorlofs
- Íslenskukennsla á unglingastigi, tímabundin afleysing til eins árs
- Enskukennsla á unglingastigi, afleysing til áramóta vegna fæðingarorlofs
- Dönskukennsla í unglingadeild, 50 – 60% ráðning

Frekari upplýsingar um störfin er að finna á www.mos.is
Laun samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélaga.

Upplýsingar veitir Jóhanna Magnúsdóttir skólastjóri í síma 525 9200/896 8230. Umsóknir, með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðila sendist rafrænt á netfangið johannam@lagafellsskoli.is
Umsóknarfrestur um stöðurnar framlengist til 9. júní 2017.

Við hvetjum fólk af báðum kynjum til að sækja um.

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær
Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA



BYGG býður þér til starfa

BÚUM BETUR

BYGG

Píparar

Framtíðarstarf, öll vinna við nýlagnir Atvinnuhúsnæði og Íbúðabyggingar. Mikil mælingavinna framundan. Upplýsingar veitir Ólafur S:693-7325 olafur@bygg.is

Vörubílstjóra

Vantar vana vörubílstjóra í vinnu.
Framtíðarstarf í boði.
Upplýsingar veitir Guðjón S:617-3000
guðjon@bygg.is

www.bygg.is

Byggingarfélag Gylfa og Gunnars hf. (BYGG) hefur á undanförnum árum byggt yfir 3.000 glæsilegar íbúðir á almennum markaði. Fyrirtækið hefur einnig byggt íbúðir fyrir Félag eldri borgara og húsnæðisnefndir í Reykjavík og Kópavogi. Hjá fyrirtækinu starfa nú um 200 manns og er meðalstarfsaldur hár. Öll verkefni fyrirtækisins eru á höfuðborgarsvæðinu. Hjá fyrirtækinu er öflugt starfsmannafélag. Traust atvinna í boði.

BYGG byggir á 32 ára reynslu á íslenskum byggingamarkaði.



ER FRAMTÍÐ ÞÍN HJÁ OKKUR?

UX HÖNNUÐUR FYRIR INNOVA

Marel leitar að öflugum einstaklingi í starf hönnuðar notendaviðmóts (User Experience Designer). Viðkomandi mun bera ábyrgð á notendamiðaðri hönnun næstu kynslóðar Innova framleiðsluhugbúnaðarins frá Marel. Einstaklingurinn þarf að búa yfir áhuga og þekkingu til að hanna notendaviðmót á heimsmælikvarða. Starfið felur í sér náið samstarf við þróunarteymi fyrirtækisins á Íslandi, Hollandi og í Danmörku.
Innova hugbúnaðurinn er notaður af yfir 1600 matvælaframleiðendum um allan heim. Nánari upplýsingar um hugbúnaðinn má finna á marel.com/innova.

Starfssvið:

- Ábyrgð á hönnun notendaviðmóts Innova.
- Gerð hönnunarleiðbeininga í samvinnu við notendur og þróunarteymi.
- Þjálfun þróunarteyma í notkun hönnunarleiðbeininga í daglegu starfi og aðstoð við rétta útfærslu notendaviðmóta.
- Ábyrgð á hönnunarverkefnum sem unnin eru af verktökum.
- Samstarf við markaðssvið og tækjaþróunarhópa við heildarsamræmingu á notendaupplifun.

Nánari upplýsingar um starfið og hæfniskröfur má finna á heimasíðu Marel, marel.is/störf.
Umsóknarfrestur er til og með 10. júní 2017. Sækja þarf um rafrænt á marel.is/störf.

Marel er alþjóðlegt hátæknifyrirtæki með hátt í 4700 starfsmenn, þar af 550 á Íslandi. Fyrirtækið er brautryðjandi á heimsvísu í þróun og framleiðslu tækja og hugbúnaðar fyrir matvælaiðnað. Við leggjum ríka áherslu á nýsköpun og framþróun í öllu okkar starfi. Þess vegna viljum við ráða til okkur öflugar konur og karla sem hafa áhuga á að mæta nýjum og spennandi áskorunum á hverjum degi. Starfsumhverfið er fjölskylduvænt, vinnutíminn er sveigjanlegur, félagslífið gott, lögð er áhersla á heilsueflingu starfsfólks m.a. með góðu mötuneyti og framúrskarandi íþróttaaðstöðu.

marel

ALÞJÓÐA SKÓLINN á Íslandi

Alþjóðaskólinn á Íslandi (The International School of Iceland) er öflugur og vaxandi alþjóðlegur grunnskóli sem staðsettur hefur verið í Garðabæ frá árinu 2006. Skólinn á rætur sínar að rekja til bandaríska sendiráðsskólans en varð alþjóðlegur skóli árið 2004. Skólinn býður upp á tvítyngda námsbraut samhliða enskri námsbraut fyrir nemendur í 5 ára bekk og upp í 10. bekk. Skólinn hefur nýlokið ströngu alþjóðlegu faggildingarferli.

Gæði í kennslu – Gjöfult nám – Gleði í starfi

Við leitum að metnaðarfullum íslenskukennara til að bætast í okkar hóp og taka þátt í skemmtilegu og spennandi uppbyggingarstarfi með grunnskólabörnum frá öllum heimshornum.

Hæfniskröfur:
- Kennsluréttindi
- Góð reynsla af að vinna með börnum
- Íslenska sem móðurmál
- Fagmennska, sveigjanleiki, stundvísi og heiðarleiki
- Vinnur vel í teymi

Við bjóðum:
- Tækifæri til að taka þátt í öflugu frumkvöðlastarfi
- Krefjandi og skemmtilegt starfsumhverfi
- Góðan starfsanda

Nánari upplýsingar um starfsemina má finna á heimasíðu okkar: **www.internationalschool.is**

Áhugasamir vinsamlega sendið umsókn ásamt ferilskrá til Hönnu Hilmarsdóttur skólastjóra á netfangið hanna@internationalschool.is, eigi síðar en föstudaginn 2. júní 2017.

FINANCIAL ASSISTANT
GJALDKERI / BÓKHALD

Sendiráð Bandaríkjanna auglýsir stöðu Gjaldkera/Bókhald lausa til umsóknar.

Umsóknarfrestur er til 2 júní, 2017.
Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu sendiráðsins:
http://iceland.usembassy.gov/vacancies.html

The U.S. Embassy in Reykjavik is seeking an individual for the full time position of Financial Assistant.

The closing date for this postion is June 2, 2017.
Application forms and further information can be found on the Embassy's home page:
http://iceland.usembassy.gov/vacancies.html

Please send your application and resumé to:
reykjavikvacancy@state.gov

Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi

Við leitum að kraftmiklum og framsæknum fjármálastjóra

Sjávarútvegur er öflug þekkingargrein og innan hennar er eftirspurn eftir fólki með fjölbreytta reynslu, menntun og bakgrunn. Forsenda þess að sjávarútvegur megi eflast og þróast er að Íslendingar þekki þessa fjölþættu atvinnugrein og þau tækifæri sem sjávarútvegur býður upp á.

Helstu verkefni
- Daglegur rekstur skrifstofu
- Umsjón með fjármálum, reikningshaldi, uppgjörum og fjárreiðum
- Regluleg skýrslugerð til framkvæmdastjóra og stjórnar
- Gerð rekstrar- og fjárhagsáætlana
- Aðstoð við fjármálatengd verkefni og hagsmunamál atvinnugreinarinnar
- Umsjón með launagreiðslum
- Kostnaðareftirlit

Menntun og hæfni
- Háskólamenntun á sviði viðskipta eða reksturs skilyrði
- Haldgóð reynsla af sambærilegum verkefnum
- Mjög góð þekking á reikningshaldi, uppgjörum og áætlanagerð
- Hæfni til að greina, setja fram og miðla fjármálaupplýsingum á skýran hátt
- Mjög góð samskipta- og samvinnufærni
- Góð tölvukunnátta, þ.á.m. mjög góð þekking og færni í notkun á Excel
- Góð íslensku- og enskukunnátta

Umsóknir skulu berast í gegnum vef SFS, www.sfs.is, ásamt ferilskrá og kynningarbréfi með rökstuðningi fyrir hæfni í starfið. Umsóknarfrestur er til og með 11. júní 2017. Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál. Nánari upplýsingar veitir Heiðrún Lind Marteinsdóttir, framkvæmdastjóri SFS, í síma 591 0300.

Nánari upplýsingar um starfsemi SFS má nálgast á www.sfs.is.

JÓNSSON & LEMACKS • JL.IS • SÍA

Sunnulækjarskóli

Við Sunnulækjarskóla á Selfossi er laus staða kennara á elsta stigi frá og með næsta hausti. Meðal kennslugreina eru stærðfræði og upplýsingatækni.

Umsækjandi þarf að hafa kennsluréttindi, góða skipulagshæfileika og mikla hæfni í mannlegum samskiptum. Reynsla af teymisvinnu og áhugi á þróunarstarfi eru mikilvægir eiginleikar.

Í skólanum eru um 650 nemendur og þar er lögð áhersla á sveigjanlega og fjölbreytta kennsluhætti, einstaklingsmiðað nám, teymisvinnu kennara, ábyrgð nemenda og góða samvinnu allra sem að skólastarfinu koma. Laun og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningi Launanefndar Sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands. Starfið hentar jafnt konum sem körlum.

Nánari upplýsingar má finna á vefsíðu skólans:
http://www.sunnulaekjarskoli.is
Umsóknarfrestur er til 1. júní 2017 en ráðið er í stöðuna frá 1. ágúst 2017.

Umsókn með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðilum sendist Birgi Edwald, skólastjóra, birgir@sunnulaek.is eða Sunnulækjarskóli, Norðurhólum 1, 800 Selfoss.

Skólastjóri



Raforkuverkfræðingur

Viltu taka þátt í þróun flutningskerfa framtíðarinnar?

ARA Engineering leitar að raforkuverkfræðingi til að vinna að greiningu og hönnun flutningskerfa raforku. Nýútskrifaðir verkfræðingar eru sérstaklega hvattir til þess að sækja um.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- BSc/MSc í rafmagnstæknifræði/rafmagnsverkfræði/eðlisfræði
- Áhuga á að tileinka sér nýja þekkingu, miðla henni og leysa krefjandi verkefni
- Þekking af raforkugreiningarhugbúnaði og forritun er kostur

ARA Engineering

ARA er alþjóðlegt ráðgjafafyrirtæki með starfstöðvar á Íslandi, í Noregi, í Póllandi og í Kanada og er sérhæft í raforkuflutningsmannvirkjum og raforkukerfum.Verkefni ARA eru meðal annars hönnunareftirliti vegna 550 km, 500 kV flutningslína í Malasíu, hönnun 400 kV jarð- og sæstrengja í Noregi og hönnun háspennulína í Ghana og Tansaníu í Afríku.

ARA leggur áherslu á jafnfrétti og eru konur 66% stjórnenda fyrirtækisins. Í boði er sveigjanlegur vinnutími, góð laun og umhyggja fyrir heilsu og fjölskyldu.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Jóhannes Þorleiksson í síma 820 5915. Netfang: johannes@araengineering.is

Umsóknir sendist á netfangið: birna@araengineering.is fyrir 17. júní.

ARA Engineering ehf, Hlíðarsmára 4, 210 Kópavogi

HEFUR ÞÚ ÁHUGA Á ÞVÍ AÐ TAKA ÞÁTT Í UPPBYGGINGU?

Munck Íslandi ehf. er ungt og framsækið fyrirtæki á verktakamarkaði sem býður upp á spennandi og metnaðarfullt starfsumhverfi. Fyrirtækið hefur vaxið hratt undanfarin misseri og er byggt upp af miklum eldmóð og fagmennsku.

Munck Íslandi var stofnað í október 2013 og er dótturfélag danska félagsins Munck Gruppen AS. Markmið Munck Íslandi er að vera leiðandi verktakafyrirtæki á Íslandi.

> Sækja um

Nánari upplýsingar um störfin veitir Mannauðsdeild Munck Íslandi, í gegnum tölvupóst: hr@munck.is

Áhugasamir sendi umsókn í gegnum ráðningarkerfi fyrirtækisins á heimasíðu: www.munck.is - fyrir 12. júní 2017.

Eldri umsóknir óskast endurnýjaðar.

> Staðarstjóri / Verkefnastjóri

Hæfniskröfur eru m.a.
> B.Sc. eða M.Sc próf í byggingaverkfræði/byggingatæknifræði
> Haldbær reynsla af verkefnastjórnun á byggingavinnustað
> Gott vald á íslensku og ensku

> Trésmíðaverkstjóri

Hæfniskröfur eru m.a.
> Sveinspróf í trésmíði
> A.m.k. 5 ára reynsla af trésmíðavinnu
> Haldbær reynsla af verkstjórn
> Gott vald á íslensku og ensku

> Verkfræðingur/Tæknifræðingur

Hæfniskröfur eru m.a.
> B.Sc eða M.Sc. próf í byggingaverkfræði/byggingatæknifræði
> Reynsla af störfum á sviði verkfræði eða tæknifræði
> Gott vald á íslensku og ensku

Munck Íslandi
Hlíðasmára 4 · Kópavgur · Iceland
munck@munck.is
Sími +354 511 7040
www.munck.is

MUNCK ÍSLANDI

Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

Starf	Stofnun	Staður	Nr. á vef
Framhaldsskólakennari, enska	Flensborgarskólinn	Hafnarfjörður	201705/973
Stuðningsfulltrúi	Flensborgarskólinn	Hafnarfjörður	201705/972
Sjúkraliði	Sjúkrahúsið á Akureyri	Akureyri	201705/971
Hjúkrunarfræðingur	Sjúkrahúsið á Akureyri	Akureyri	201705/970
Starfsmaður í ræstingu og búri	Sjúkrahúsið á Akureyri	Akureyri	201705/969
Lektor/dósent/prófessor í sálfræði	Háskólinn á Akureyri	Akureyri	201705/968
Sérfræðingur í lyfjadeild	Sjúkratryggingar Íslands	Reykjavík	201705/967
Skjalastjóri	Sjúkratryggingar Íslands	Reykjavík	201705/966
Deildarstjóri launadeildar	Landspítali	Reykjavík	201705/965
Hjúkrunarfræðingur	Landspítali, skilunardeild	Reykjavík	201705/964
Námsstöður deildarlækna	Landspítali, geðlækningar	Reykjavík	201705/963
Félagsráðgjafi	Heilsugæslan, Þroska- og hegðunarst.	Reykjavík	201705/962
Sálfræðingur	Heilsugæslan, Þroska- og hegðunarst.	Reykjavík	201705/961
Hjúkrunarfræðingur	Heilsugæslan, Geðheilsust. Breiðholts	Reykjavík	201705/960
Hjúkrunarfræðingur	Heilsugæslan Seltjarnarn./Vesturbæ	Reykjavík	201705/959
Yfirhjúkrunarfræðingur	Heilbrigðisstofnun Norðurlands	Akureyri	201705/958
Starfsmaður við svepparannsóknir	Náttúrufræðistofnun Íslands	Akureyri	201705/957
Sérfræðingur í sameindafræði	Náttúrufræðistofnun Íslands	Akureyri	201705/956
Framhaldsskólakennarar	Kvennaskólinn í Reykjavík	Reykjavík	201705/955
Sérfræðilæknir	Landspítali, móttökugeðdeild	Reykjavík	201705/954
Sjúkraliði	Landspítali, kvenlækningadeild	Reykjavík	201705/953
Hjúkrunarfræðingur	Landspítali, kvenlækningadeild	Reykjavík	201705/952
Aðstoðardeildarstjóri	Landspítali, bráðageðdeild	Reykjavík	201705/951
Hjúkrunarfræðingar	Landspítali, öldrunarteymi	Reykjavík	201705/950
Sérfr. í fjármálum og rekstri	Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti	Reykjavík	201705/949
Framkvæmdastjóri hjúkrunar	Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	Reykjanesbær	201705/948
Verkefnastjóri	Fjársýsla ríkisins	Reykjavík	201705/947
Gæðastjóri	Fjársýsla ríkisins	Reykjavík	201705/946

BORGARBYGGÐ

Leikskólakennari óskast á leikskólann Hnoðraból í Reykholtsdal

Leikskólinn Hnoðraból er tveggja deilda leikskóli staðsettur í fallegu umhverfi sem starfar eftir hugmyndafræðinni Leiðtoginn í mér. Þar dvelja að jafnaði 21 börn á aldrinum 12 mánaða til 5 ára.

Óskað er eftir leikskólakennara sem getur hafið störf sem fyrst.

Helstu verkefni og ábyrgðarsvið:
- Leikskólakennari vinnur að uppeldi og menntun leikskóla barna samkvæmt starfslýsingu leikskólakennara.

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Leikskólakennaramenntun
- Færni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Skipulagshæfni, frumkvæði og metnaður
- Góð íslenskukunnátta

Ef ekki fæst leikskólakennari í stöfin kemur til greina að ráða starfsmenn með háskólapróf eða aðra uppeldismenntun og / eða reynslu.

Í samræmi við jafnréttisstefnu Borgarbyggðar eru jafnt karlar sem konur hvött til að sækja um störf hjá sveitarfélaginu.

Umsóknarfrestur er til 11. júní 2017

Umsóknir skulu sendar rafrænt á sjofn@borgarbyggd.is

Nánari upplýsingar veitir Sjöfn G.Vilhjálmsdóttir leikskólastjóri í síma 433-7180 eða 862-0064, eða í tölvupósti, sjofn@borgarbyggd.is

Leikskólinn Hnoðraból
Lífið er yndislegt með sól í hjarta

Ráðgjafi á sviði starfsendurhæfingar

VIRK Starfsendurhæfingarsjóður í samvinnu við Eflingu leitar að ráðgjafa í 100% starf með starfsstöð í Reykjavík. Um er að ræða mjög krefjandi og fjölbreytt starf og einstakt tækifæri til þátttöku í þróun og þjónustu á sviði starfsendurhæfingar á vinnumarkaði.

Helstu verkefni

- **Ráðgjöf, stuðningur og hvatning við einstaklinga með skerta starfsgetu**
- **Upplýsingaöflun, skráning og mat samkvæmt gildandi verkferlum**
- **Umsjón og eftirfylgd með einstaklingsbundnum áætlunum sem gerðar eru í samvinnu við þverfagleg teymi VIRK**
- **Vinnur í nánu samstarfi við sérfræðinga VIRK, fagaðila í starfsendurhæfingu og vinnustaði**
- **Samskipti við stéttarfélög og atvinnurekendur**

Menntunar- og hæfnikröfur

- **Háskólamenntun á sviði heilbrigðis- eða félagsvísinda, s.s. á sviði félagsráðgjafar, hjúkrunar, iðjuþjálfunar, sálfræði eða sjúkraþjálfunar**
- **Víðtæk reynsla og þekking á sviði einstaklingsráðgjafar og/eða starfsendurhæfingar**
- **Framúrskarandi samskiptahæfni, jákvætt viðmót og þjónustulund**
- **Sveigjanleiki og sjálfstæði í vinnubrögðum**
- **Skipulagshæfni og kostnaðarvitund**
- **Góð þekking á vinnumarkaði**
- **Gott vald á íslensku og ensku, bæði í ræðu og riti**

Ráðgjafar VIRK starfa hjá stéttarfélögum samkvæmt samningi við VIRK. Að VIRK standa öll helstu samtök launamanna og atvinnurekenda á vinnumarkaði. Hlutverk VIRK er að efla starfsgetu einstaklinga í kjölfar veikinda eða slysa með árangursríkri starfsendurhæfingarþjónustu.

VIRK hefur í samstarfi við fagaðila, fyrirtæki og stofnanir skilað samfélagslegum ávinningi með aukinni þátttöku einstaklinga á vinnumarkaði og er leiðandi í rannsóknum og þróun á sviði starfsendurhæfingar.

Nánari upplýsingar um Eflingu er að finna á **efling.is** og um VIRK á **virk.is**.

Upplýsingar veita:
Leifur Geir Hafsteinsson, **leifurgeir@hagvangur.is**
Geirlaug Jóhannsdóttir, **geirlaug@hagvangur.is**

Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is.
Umsóknarfrestur er til og með 5. júní 2017.

Umsókn þarf að fylgja starfsferilsskrá og einnar blaðsíðu kynningarbréf þar sem á kerfisbundinn hátt er gerð grein fyrir því hvernig viðkomandi uppfyllir hæfnikröfur starfsins.

EFLING STÉTTARFÉLAG

VIRK STARFSENDURHÆFINGARSJÓÐUR

RAFVIRKI ÓSKAST

Meitill - GT Tækni ehf. - Grundartanga óskar eftir að ráða rafvirkja í vinnu.

Starfssvið / Helstu verkefni
- Almenn rafvirkjastörf
- Ýmis verkefni tengd verksmiðjuviðhaldi

*Með umsóknir og fyrirspurnir verður farið sem trúnaðarmál. Nánari upplýsingar veitir Friðrik Veigar í síma **842 6430**. Tekið er á móti umsóknum á **meitill@meitill.is***

MEITILL GTTÆKNI

PÓSTURINN/©2017

Meitill - GT Tækni ehf • Grundartanga 301 Akranes • www.meitill.is

Viltu vinna með okkur?

Óskum eftir að ráða **deildarstjóra fyrir dagdvöl** Hrafnistu Kópavogi. Um 80% stöðu er að ræða. Æskilegt er að umsækjandi sé sjúkraliði eða félagsliði. Um 30 einstaklingar nýta sér þjónustu dagdvalarinnar á hverjum degi.

Hæfniskröfur:
- Reynsla af stjórnun og félagsstarfi æskileg
- Skipulagshæfni
- Góð tölvukunnátta
- Góð samskipta- og samstarfshæfni

Nánari upplýsingar um starfið veitir Bjarney Sigurðardóttir forstöðumaður Hrafnistu í Kópavogi, bjarney.sigurdardottir@hrafnista.is. S: 664-9555

Sótt er um starfið hjá Fast ráðningum, www.fastradningar.is

Umsóknarfrestur er til og með 06.06.17.

das HRAFNISTA
Reykjavík | Hafnarfjörður
Kópavogur | Reykjanesbær | Garðabær

IDEX

Söluráðgjafi

Fyrirtæki í sölu til byggingarverktaka óskar eftir að ráða öflugan sölumann

Starfssvið:
- Sala og heimsóknir til núverandi og verðandi viðskiptavina fyrirtækisins.

Hæfniskröfur:
- Sölumannshæfileikar
- Rík þjónustulund og framúrskarandi mannleg samskipti
- Metnaður til að ná árangri
- Nákvæmni og hugkvæni
- Reynsla í sölumennsku og þekking á byggingum nauðsynleg.

Umsóknum skal skilað með tölvupósti til idex@idex.is

FLÓASKÓLI
HUGUR HJARTA HÖND

Flóaskóli auglýsir kennarastöður

Flóaskóli er fámennur skóli með um hundrað nemendum, þar sem velferð og líðan nemenda er sett í forgrunn og lögð er áhersla á einstaklingsmiðað nám. Flóaskóli vinnur eftir hugmyndafræði Uppeldi til ábyrgðar - uppbygging sjálfsaga og eftir Olweusaráætlun gegn einelti. Nám í skólanum einkennist af teymiskennslu.

Sjö kennara vantar í fullar stöður. Um er að ræða umsjónarkennara á yngsta-, mið- og unglingastigi og íslensku-, stærðfræði- og tungumálakennara á mið- og unglingastigi, auk sérkennslu. Einnig vantar kennara í heimilisfræði, sviðslistum og hönnun og smíði.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi KÍ og LS.

Umsóknarfrestur er til 6. júní n.k.

Umsóknum skal skilað skriflega til skólastjóra með upplýsingum um menntun, réttindi og starfsreynslu, ásamt ábendingu um meðmælendur og sakavottorði.

Mikilvægt er að umsækjendur hafi áhuga á að starfa með börnum, búi yfir færni í mannlegum samskiptum, frumkvæði í starfi, jákvæðni, sjálfstæði og skipulögðum vinnubrögðum og séu tilbúnir að vinna eftir stefnu og gildum skólans, sjá heimasíðu http://www.floaskoli.is/

Í samræmi við jafnréttisstefnu Flóahrepps eru jafnt karlar sem konur hvött til að sækja um störf hjá sveitarfélaginu.

Nánari upplýsingar veitir Katrín Ósk Þráinsdóttir skólastjóri í síma 486 3460 netfang: katrin@floaskoli.is

ERT ÞÚ ÞESSI

STARFSMAÐUR Á LYFTARA

SEM VIÐ LEITUM AÐ?

FAGMENNSKA
DUGNAÐUR
LIPURÐ
TRAUST

BYKO vöruhús Kjalarvogi leitar eftir starfsmönnum með reynslu á lyftara í **kvöldvinnu**.

Leitað er að stundvísum og öflugum aðilum, 20 ára eða eldri með lyftarapróf. Tölvukunnátta er æskileg.

Umsóknarfrestur er til 2. júní en umsækjendur þurfa að geta hafið störf strax.

Nánari upplýsingar veitir Aðalsteinn Einarsson adalsteinn@byko.is og í síma 821-4060.

Sótt er um á www.byko.is

byko.is

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

AÐSTOÐARSKÓLASTJÓRI TÓNLISTARSKÓLA HAFNARFJARÐAR

Laus er staða aðstoðarskólastjóra við Tónlistarskóla Hafnarfjarðar þar sem fram fer fjölbreytt og metnaðarfull tónlistarkennsla á öllum námsstigum. Nemendur skólans eru um 600 og kennarar um 50. Skólinn er þekktur fyrir góðan árangur og hefur yfir að ráða reyndu starfsliði. Við skólann er starfræktur rytmiskur skóli – Tónkvísl sem hefur aðsetur í Íþróttahúsinu við Gamla Lækjarskólann.

Aðstoðarskólastjóri þarf að vera reiðubúinn til þess að taka þátt í að móta skólasamfélag Hafnarfjarðar með uppbyggilegum og framsýnum hætti í samvinnu við skólastjóra.

Upplýsingar og umsóknarform á **hafnarfjordur.is**

Nánari upplýsingar veitir Gunnar Gunnarsson, skólastjóri **gunngun@tonhaf.is**

Samkvæmt jafnréttisstefnu Hafnarfjarðar eru karlar jafnt sem konur hvött til að sækja um starfið.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf í hljóðfæraleik/tónlist
- Framhaldsmenntun á sviði tónlistar æskileg
- Reynsla af stjórnun og þróunarstarfi í tónlistarskóla
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Reynsla af starfi með börnum og ungmennum
- Metnaður og hugmyndaauðgi
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð

Umsóknarfrestur er til og með 12. júní nk.

HAFNARFJARÐARBÆR
RÁÐHÚS HAFNARFJARÐAR
STRANDGÖTU 6

ÞJÓNUSTUVER
OPIÐ FRÁ KL. 8.00 – 16.00
ALLA VIRKA DAGA

585 5500
hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

Þrif

Óska eftir að ráða starfmann við þrif á bílum, verkstæðinu, skrifstofum og önnur tilfallandi verkefnum

Umsóknir sendast á bilaretting@bilaretting.is

BÍLARÉTTING & SPRAUTUN SÆVARS
Skútuvogi 12 H

Sérfræðingur í sameindafræði við svepparannsóknir

Náttúrufræðistofnun Íslands óskar eftir að ráða sérfræðing í sameindafræði við svepparannsóknir, einkum á myglusveppum innanhúss, við stofnunina á Akureyri þar sem starfsþjálfun fer fram.

Starfið felur í sér:
- Rannsóknir og greiningar á smásjársýnum af myglusveppum úr byggingum
- Þróun á sameindafræðilegum aðferðum til greiningar á myglusveppum

Menntun og hæfniskröfur:
- Háskólapróf í líffræði, líftækni eða sambærilegum greinum.
- Reynsla af sameindafræðilegum rannsóknum nauðsynleg
- Reynsla af vinnu með smásjá æskileg
- Lipurð í mannlegum samskiptum og ritfærni

Umsækjandi þarf að geta hafið störf sem allra fyrst.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Guðmundur Guðmundsson, forstöðumaður Safna- og flokkunarfræðideildar (gg@ni.is), í síma 590 0500. Umsókn, ásamt ítarlegri starfsferilsskrá og kynningarbréfi, skal senda á netfangið nia@ni.is eða á heimilisfang Náttúrufræðistofnunar Íslands, Akureyrarsetur, Borgir við Norðurslóð, 600 Akureyri.

Umsóknarfrestur er til 11. júní 2017.

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningum stéttarfélaga opinberra starfsmanna við fjármálaráðuneytið. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Við ráðningar í störf hjá Náttúrufræðistofnun Íslands er tekið mið af jafnréttisstefnu stofnunarinnar.

Starfsmaður við svepparannsóknir

Náttúrufræðistofnun Íslands óskar eftir að ráða starfsmann við svepparannsóknir, einkum á myglusveppum innanhúss. Starfsþjálfun fer fram Akureyri. Æskilegt er að viðkomandi verði á Akureyri, en stofnunin er einnig með aðsetur í Garðabæ.

Starfið felur í sér:
- Rannsóknir og greiningar á sýnum af myglusveppum úr byggingum

Menntun og hæfniskröfur:
- Háskólapróf í líffræði, líftækni eða sambærilegum greinum.
- Reynsla af vinnu með smásjá æskileg
- Lipurð í mannlegum samskiptum og ritfærni

Umsækjandi þarf að geta hafið störf sem allra fyrst.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Guðmundur Guðmundsson, forstöðumaður Safna- og flokkunarfræðideildar (gg@ni.is), í síma 590 0500. Umsókn, ásamt ítarlegri starfsferilsskrá og kynningarbréfi, skal senda á netfangið nia@ni.is eða á heimilisfang Náttúrufræðistofnunar Íslands, Akureyrarsetur, Borgir við Norðurslóð, 600 Akureyri.

Umsóknarfrestur er til 11. júní 2017.

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningum stéttarfélaga opinberra starfsmanna við fjármálaráðuneytið. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Við ráðningar í störf hjá Náttúrufræðistofnun Íslands er tekið mið af jafnréttisstefnu stofnunarinnar.

JOHAN RÖNNING
www.ronning.is

JAFNLAUNAVOTTUN VR
VR FYRIRTÆKI ÁRSINS 2017
Fyrirmyndarfyrirtæki VR 7 ár í röð

Er kraftur í þér?

Starfsmaður í þjónustudeild

Johan Rönning óskar eftir að ráða hörkuduglegan liðsmann í þjónustudeild fyrirtækisins að Klettagörðum 25, Reykjavík. Þjónustudeild sér um alla umsýslu á vörum félagsins gagnvart viðskiptavinum og útibúum. Um er að ræða framtíðarstarf þar sem viðkomandi hefur möguleika á að vinna sig upp innan fyrirtækisins.

Hæfniskröfur:
- Öguð og áreiðanleg vinnubrögð
- Rík þjónustulund
- Samskiptahæfni
- Lyftararéttindi kostur

Starfið felst í:
- Tiltekt og frágangi á pöntunum
- Samskiptum við viðskiptavini
- Öðrum tilfallandi störfum innan þjónustudeildar

Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um starfið.
Upplýsingar veitir Svanur Karlsson þjónustustjóri í síma 5200 800 eða svanur.karlsson@ronning.is.
Umsóknum skal skilað fyrir **9. júní**.

Johan Rönning hf. var stofnað árið 1933. Fyrirtækið er leiðandi á sviði rafbúnaðar og rekur jafnframt verslunar- og þjónustufyrirtækin Sindra, Sindra Vinnuföt og Efnissölu G.E. Jóhannssonar. Hjá félaginu starfa 95 starfsmenn í Reykjavík, Kópavogi, Fjarðabyggð, Reykjanesbæ, Hafnarfirði, á Grundartanga, Selfossi og Akureyri. Höfuðstöðvar félagsins eru að Klettagörðum 25 í Reykjavík. Johan Rönning hf. er góður og eftirsóttur vinnustaður.

PIPARTBWA • SÍA • 172423

REYKJAVÍK	SELFOSSI	AKUREYRI	REYÐARFIRÐI	REYKJANESBÆ	HAFNARFIRÐI	GRUNDARTANGA
Klettagörðum 25	Eyravegi 67	Draupnisgötu 2	Nesbraut 9	Hafnargötu 52	Bæjarhrauni 12	Mýrarholtsvegi 2
Sími 5 200 800	Sími 4 800 600	Sími 4 600 800	Sími 4 702 020	Sími 4 207 200	Sími 5 200 800	Sími 5 200 830

BORGARBYGGÐ

Félagsráðgjafi óskast til starfa hjá félagsþjónustu Borgarbyggðar

Félagsþjónusta Borgarbyggðar auglýsir lausa stöðu félagsráðgjafa. Um er að ræða 100% starf.

Helstu verkefni og ábyrgð:
- Greining og meðferð barnaverndarmála
- Félagsleg ráðgjöf og fjárhagsaðstoð
- Þjónusta og ráðgjöf við fólk með fötlun
- Þátttaka í þverfaglegri teymisvinnu
- Forvarnarstarf og fræðsla

Menntun og hæfniskröfur:
- Starfsréttindi sem félagsráðgjafi
- Reynsla á sviði barnaverndar æskileg
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og sveigjanleiki í starfi
- Skipulagshæfileikar og sjálfstæð vinnubrögð

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Félagsráðgjafafélags Íslands við Samband íslenskra sveitarfélaga.

Samkvæmt jafnréttisstefnu Borgarbyggðar eru karlar jafnt sem konur hvattir til að sækja um starfið.

Umsóknir með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðilum berist til borgarbyggd@borgarbyggd.is fyrir **1. júní 2017.**

Frekari upplýsingar um starfið veitir Inga Vildís Bjarnadóttir, félagsráðgjafi í síma 433 7100, netfang: vildis@borgarbyggd.is og Anna Magnea Hreinsdóttir, sviðsstjóri fjölskyldusviðs í síma 840 1522, netfang: annamagnea@borgarbyggd.is

MOSFELLSBÆR

Forstöðumaður í Búsetukjarna

MOSFELLSBÆR AUGLÝSIR EFTIR FORSTÖÐUMANNI Í BÚSETUKJARNA

Forstöðumaður búsetukjarna rekur starfsstöðvar fyrir fatlað fólk í samræmi við lög og reglugerðir. Forstöðumaður ber ábyrgð á á búsetukjörnum, íbúðum og velferð þeirra sem þar búa og stuðlar að því að starfsmenn tileinki sér starfshætti í samræmi við það sem best gerist hverju.

Hlutverk fjölskyldusviðs Mosfellsbæjar er að annast félagslega ráðgjöf, fjárhagsaðstoð, félagslega heimaþjónustu, málefni barna og ungmenna, eldri borgara og fatlaðs fólks, húsnæðismál, aðstoð vegna áfengis- og fíkniefnavanda og vímuvarnir samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga og reglum Mosfellsbæjar.

Mosfellsbær er öflugt og framsækið sveitarfélag þar sem gildin virðing, jákvæðni, framsækni og umhyggja eru leiðarljós starfsmanna í daglegu starfi. Ráðning forstöðumanns búsetukjarna er háð samþykki bæjarráðs.

Menntunar- og hæfnikröfur:
- Þroskaþjálfamenntun eða önnur sambærileg háskólamenntun sem nýtist í starfi er skilyrði, framhaldsmenntun æskileg
- Góð stjórnunar- og rekstrarreynsla er skilyrði
- Þekking á hugmyndafræðinni um þjónandi leiðsögn er æskileg
- Mikil reynsla og þekking á vaktaskýrslugerð er skilyrði
- Þekking og reynsla á Tímon viðverukerfi er skilyrði
- Víðtæk þekking og reynsla á málefnum fatlaðs fólks og á samningi sameinuðu þjóðanna
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar er skilyrði
- Góð alhliða tölvukunnátta er skilyrði
- Frumkvæði, sjálfstæði og metnaður í starfi

Umsóknarfrestur er til og með 07. júní 2017.
Umsóknir ásamt starfsferilsskrá og kynningarbréfi sem greinir frá ástæðu umsóknar og rökstuðningi fyrir hæfni í starfið skulu berast á netfangið mos@mos.is. Nánari upplýsingar um starfið veitir Vibeke Þ Þorbjörnsdóttir, deildastjóri búsetu og þjónustudeildar upplýsingar í síma 525 6700. Um framtíðarstarf er að ræða. Öllum umsóknum verður svarað. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Við hvetjum fólk af báðum kynjum til að sækja um starfið.

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær • Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA

ReSource International

LÍFORKA • ENDURVINNSLA • ÚRGANGSSTJÓRNUN • VATNS- OG FRÁVEITA • LOFTGÆÐI • MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM

ReSource International (RSI) er vaxandi verkfræði- og þjónustufyrirtæki sem sérhæfir sig í umhverfismálum. RSI leitar að umhverfisráðgjafa/auðlindafræðingi til að vinna í rannsóknarverkefnum og þróun á þjónustusviðum fyrirtækisins.

UMHVERFISRÁÐGJAFI – AUÐLINDAFRÆÐINGUR (60-100%)

MENNTUN
BS eða MS í verkfræði, umhverfis- og auðlindafræði og/eða sambærilegum greinum.

HELSTU VERKEFNI
Verkefnastjórnun í rannsóknarverkefni sem snýr að nýtingu fiskúrgangs frá fiskvinnslu í lífeldsneytisframleiðslu • Ráðgjöf vegna úrgangsstjórnunar, mengunarmála og fráveitumála, útreikningar á losun gróðurhúsalofttegunda, umhverfiseftirlit og mælingar • Önnur verkefnaþróun

Frekari upplýsingar um starfið og hæfniskröfur má finna á heimasíðu RSI, **www.resource.is/is/storf**

Umsóknarfrestur er til **6. júní 2017.**

EFLA

EFLA leitar að liðsauka

Landfræðingur, verk- eða tæknifræðingur

EFLA leitar að öflugum starfsmanni á starfstöð félagsins á Selfossi. Starfið felur í sér vinnu við stafræna kortagrunna, gerð lóðablaða, landskipta- og deiliskipulagsáætlana auk tilfallandi landmælinga.
Á starfsstöðinni á Selfossi starfa 14 starfsmenn á sviði bygginga og þéttbýlistækni. Náið samstarf er við aðrar starfsstöðvar EFLU sem og Steinsholt ehf. á Hellu. EFLA Suðurland hefur verið leiðandi í á sviði landmælinga og kortagerð í þvívídd með notkun dróna.

Hæfniskröfur:
- Háskólamenntun á sviði landafræði, verkfræði eða tæknifræði.
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Reynsla af notkun AutoCad Map og Civil 3D, Microstation eða öðrum kortagerðarhugbúnaði æskileg.

Umsókn með upplýsingum um menntun og starfsreynslu skal berast gegnum heimasíðu EFLU, www.efla.is/umsokn-um-starf, fyrir 8. júní næstkomandi. Öllum umsóknum verður svarað og farið verður með þær sem trúnaðarmál.

Umsóknarfrestur
8. júní 2017

Nánari upplýsingar
412 6000 eða job@efla.is

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál

EFLA er alhliða verkfræði- og ráðgjafarfyrirtæki sem starfar á öllum helstu sviðum verkfræði og tækni. EFLA býður upp á afbragðs starfsumhverfi, áhugaverðan starfsvettvang í alþjóðlegu umhverfi og sterka liðsheild yfir 300 samhentra starfsmanna.

ÍSLAND • NOREGUR • SVÍÞJÓÐ • FRAKKLAND • PÓLLAND • TYRKLAND

Ertu að leita að talent?

Við finnum starfsmanninn fyrir þig

Umsækjendur, skráið ykkur á

www.talentradning.is

talent@talentradning.is/bryndis@talentradning.is - **Sími: 552-1600**

TALENT RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF

Læknamóttökuritari

59% staða sem getur tímabundið krafist hærra hlutfalls. Nauðsynlegt er að viðkomandi reyki ekki, sé sjálfstæður, vanur tölvuvinnu, kassauppgjörsvinnu og helst bókhaldi. Ferill sem greinir menntun, starfsreynslu og fjarvistir í tímaröð ásamt upplýsingum um tölvureynslu, uppgjörs- og/eða bókhaldsvinnu, persónu- og fjölskylduhagi, launakröfur, hvers vegna hlutastarf henti auk valupplýsinga eins og um veikindi og meðmælendur óskast strax á starfsumsokn@gmail.com.

Lektorsstaða í íslensku við Humboldt-háskóla í Berlín

Staða lektors í íslensku við Norður-Evrópustofnun Humboldt-háskólans í Berlín er laus til umsóknar. Um er að ræða 80% stöðu til þriggja ára. Ráðið verður í stöðuna frá 1. október 2017. Laun eru skv. launataxta opinberra starfsmanna í Þýskalandi.

Lektornum er ætlað að kenna íslenskt mál og bókmenntir, 13 tíma á viku á misseri. Þá er honum ætlað að skipuleggja námsferðir stúdenta til Íslands, sinna bókasafns- og stjórnunarstörfum við stofnunina og íslenskri menningarkynningu í Berlín.

Umsækjendur hafi lokið háskólaprófi í íslensku. Þeir hafi reynslu af því að kenna íslensku sem annað mál og eigi íslensku að móðurmáli eða hafi málfærni sem jafngildi því. Æskilegt er að viðkomandi hafi kennt á háskólastigi og unnið að rannsóknum. Þýskukunnátta er nauðsynleg.

Frekari upplýsingar: www.arnastofnun.is og hjá Úlfari Bragasyni í síma 562 6050

Umsóknarfrestur er til 15. júní nk.

Umsóknir með fylgiskjölum
(starfsferilsskrá, prófskírteinum og ritaskrá) berist til:

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum
Stofa Sigurðar Nordals
Pósthólf 1220
121 Reykjavík

Lausar stöður

hjá grunnskóla Blönduósbæjar

Við Blönduskóla eru lausar til umsóknar kennarastöður frá 1. ágúst 2017. Um er að ræða þrjár stöður umsjónarkennara á öllum aldursstigum skólans. Almenna kennslu á yngsta- og miðstigi, heimilisfræði, textílmennt og dönsku.

Til afleysinga í eitt skólaár, frá 1. ágúst 2017, er stærðfræði á unglingastigi og náttúrufræði á mið- og unglingastigi, Í Blönduskóla eru um 130 nemendur í 1. – 10. bekk.

Skólaárið 2017 - 2018 hefst innleiðing nýrrar læsisstefnu og stærðfræðistefnu auk áframhaldandi vinnu við nýtt námsmat. Skólinn er að festa í sessi náms- og kennsluaðferðir sem tengjast Orð af orði. Á vef skólans www.blonduskoli.is er að finna fréttir úr starfi skólans og ýmsar nauðsynlegar upplýsingar.

Hæfniskröfur:
- Blönduskóli – Leyfisbréf til að nota starfsheitið grunnskólakennari, æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af starfi í grunnskóla með einstaklingsmiðaðar áherslur.
- Góð samskiptafærni.
- Góð tölvukunnátta.
- Góðir skipulagshæfileikar.
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi og faglegur metnaður.

Umsóknarfrestur er til 8. júní nk. og skal umsókn skilað með ferilskrá á netfang Þórhöllu Guðbjartsdóttur, skólastjóra: thorhalla@blonduskoli.is (frekari upplýsingar í síma 452-4147).

Blönduós er bær í alfaraleið, með allri helstu þjónustu og fjölbreyttum afþreyingarmöguleikum.

Byggingarstjóri viðhaldsdeild

Umhverfis- og mannvirkjasvið Akureyrarbæjar óskar eftir að ráða Byggingarstjóra í viðhaldi og endurbótum eigna. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf fljótlega.

Starfssvið
- Umsjón með viðhaldi og endurbótum fasteigna.
- Gerð viðhaldsáætlana.
- Stýring framkvæmda.
- Eftirlit með framkvæmdum.
- Samskipti og þjónusta við leigutaka og þjónustuaðila
- Tilfallandi verkefni á Umhverfis- og mannvirkjasviði.

Menntunar- og hæfniskröfur
- Meistari á byggingarsviði eða önnur haldgóð menntun sem nýtist í starfið.
- Þekking a byggingaframkvæmdum.
- Reynsla af sambærilegu starfi kostur.
- Góð almenn tölvukunnátta kostur.
- Góðir skipulagshæfileikar og frumkvæði.
- Hæfni til ákvarðanatöku og sjálfstæðra vinnubragða.
- Jákvætt hugarfar og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Gerð er krafa um vammleysi, s.s. að vera með gott orðspor og að framkoma og athafnir á vinnustað og utan hans samrýmist starfinu.

Nánari upplýsingar um starfið er að finna á heimasíðu Akureyrarbæjar, www.akureyri.is þar sem sótt er um rafrænt.

Umsóknarfrestur er til og með 12. júní 2017

Akureyri
ÖLL LÍFSINS GÆÐI

Akureyrarbær · Geislagata 9 · Sími 460 1000 · Bréfasími 460 1001

GRUNNSKÓLI GRINDAVÍKUR
VIRÐING — VELLÍÐAN — VIRKNI

Aðstoðarskólastjóri og deildarstjóri yngsta stigs

Grunnskóli Grindavíkur auglýsir stöðu aðstoðarskólastjóra og deildarstjóra yngsta stigs frá og með 1. ágúst næstkomandi. Leitað er að einstaklingum með mikinn metnað, sem sýnt hafa árangur í störfum sínum og leggja áherslu á vellíðan og árangur nemenda í góðu samstarfi við aðra starfsmenn skólans.

Meginhlutverk aðstoðarskólastjóra er að:
- Vera í forystu um mótun og framkvæmd faglegrar stefnu skólans innan ramma laga og reglugerða og í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla og skólastefnu Grindavíkurbæjar.
- Vera staðgengill skólastjóra, bera ábyrgð á og stjórna daglegri starfsemi skólans í samstarfi við skólastjóra.
- Hafa í samráði við skólastjóra umsjón með starfsmannamálum s.s. ráðningum, vinnutilhögun, starfsþróun og fl.
- Vinna að öflugu samstarfi innan skólasamfélagsins.

Meginhlutverk deildarstjóra er að:
- Vera millistjórnandi með mannaforráð og bera ábyrgð á skólahaldi á skólastigi.
- Fylgjast með nýjungum á sviði kennslu og vera leiðandi í faglegri umræðu.
- Vera í góðum samskiptum við nemendur og foreldra.
- Hafa umsjón með sérúrræðum nemenda í samráði við kennara og aðra stjórnendur.

Hæfniskröfur:
- Frumkvæði , sveigjanleiki og víðsýni í starfi og samskiptum.
- Góðir skipulagshæfileikar.
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Að vera reiðubúinn til að leita nýrra leiða í skólastarfi.
- Áhugi og reynsla til að leiða þróunarstarf.
- Góð tölvukunnátta og færni við skýrslugerð.
- Reynsla af faglegri forystu á sviði kennslu og skólaþróunar.
- Fjölbreytt reynsla af kennslu og vinnu með börnum og unglingum.

Menntunar og hæfniskröfur :
- Kennaramenntun og réttindi til kennslu í grunnskóla.
- Framhaldsmenntun á sviði stjórnunar, uppeldis- og menntunarfræða eða kennslureynsla á grunnskólastigi.

Grunnskóli Grindavíkur er heildstæður, einsetinn grunnskóli, með tæplega 500 nemendur í tveimur starfsstöðvum. Í Grunnskóla Grindavíkur er starfað eftir Uppbyggingarstefnunni og lögð áhersla á að skapa námsumhverfi í samráði við foreldra þar sem allir eru virkir, að öllum líði vel og allir læri að bera virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfi sínu. Í framtíðarsýn skólans kemur fram að skólinn er lærdómssamfélag þar sem áhersla er á að allir nemendur hljóti góða menntun og fái hvatningu til náms í samræmi við þroska sinn og áhuga í öruggu og uppbyggilegu umhverfi. Nemendur, starfsfólk og foreldrar eru virkir þátttakendur í lærdómssamfélaginu. Allur aðbúnaður og umhverfi skólans er til fyrirmyndar.
Sjá nánar á heimasíðu skólans http://www.grindavik.is/grunnskolinn.
Karlar jafnt sem konur eru hvött til að sækja um starfið.
Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands.

Nánari upplýsingar um störfin veitir Guðbjörg M. Sveinsdóttir væntanlegur skólastjóri í síma 420-1200. Umsóknir um aðstoðarskólastjórastöðuna ásamt greinargóðri skýrslu um störf umsækjanda og menntun, stjórnunarreynslu og verkefni sem viðkomandi hefur unnið að og varpað geta ljósi á færni viðkomandi, skulu berast Grunnskóla Grindavíkur Ásabraut 2, 240 Grindavík eða sendist á netfangið gudbjorgms@grindavik.is **fyrir 11. júní 2017** og umsóknir um deildastjórastarfið **fyrir 2. júní n.k.**

Teikning af nýju, vel tækjum búnu, Volvo atvinnutækjahúsnæði að Hádegismóum 8 í Árbæ.

VOLVO ATVINNUTÆKI VILJA ÞIG Í HÓPINN NÚNA

Við leitum að snillingum til starfa í nýtt og vel tækjum búið Volvo atvinnutækjahúsnæði þar sem vinnu- og starfsmannaaðstaða verður framúrskarandi. Húsnæðið er vel staðsett á stóru athafnasvæði að Hádegismóum 8 í Árbæ og verður tilbúið haustið 2017. **– Sæktu um í dag!**

SÖLURÁÐGJAFI VOLVO ATVINNUTÆKJAVARAHLUTA

Stutt lýsing á starfi
- Ráðgjöf til innri og ytri viðskiptavina varðandi kaup á varahlutum og þjónustu
- Móttaka viðskiptavina í sal, síma og á vef
- Þátttaka í þjálfun og símenntun

Hæfniskröfur
- Menntun sem nýtist í starfi
- Gilt bílpróf
- Framúrskarandi þjónustulund
- Almenn tölvuþekking
- Góð þjónustulund og vilji til að vera virkur hluti af góðri liðsheild

BIFVÉLAVIRKI Á VOLVO VÖRUBIFREIÐA- OG RÚTUVERKSTÆÐI

Stutt lýsing á starfi
- Vinna við bilanagreiningu og viðgerðir á vörubílum og rútum
- Þátttaka í þjálfun og símenntun

Hæfniskröfur
- Réttindi í bifrélavirkjun/vélvirkjun eða reynsla af vörubifreiðaviðgerðum
- Gilt bílpróf, meirapróf æskilegt
- Góð þjónustulund og vilji til að vera virkur hluti af góðri liðsheild

STARFSMAÐUR Í SMURÞJÓNUSTU Á VOLVO VÖRUBIFREIÐA-VERKSTÆÐI

Stutt lýsing á starfi
- Vinna við smurþjónustu á vörubifreiðum og hópferðabifreiðum
- Þátttaka í þjálfun og símenntun

Hæfniskröfur
- Reynsla af þjónustu við bifreiðar
- Menntun á sviðinu er kostur en ekki nauðsyn
- Gilt bílpróf
- Góð þjónustulund og vilji til að vera virkur hluti af góðri liðsheild

VÉLVIRKI Á VOLVO VINNUVÉLA- OG VOLVO PENTA VERKSTÆÐI

Stutt lýsing á starfi
- Vinna við bilanagreiningu og viðgerðir á vinnu- og bátavélum
- Þátttaka í þjálfun og símenntun

Hæfniskröfur
- Réttindi í vélvirkjun/ vélstjórn eða reynsla af atvinnutækjaviðgerðum
- Gilt bílpróf og vinnuvélaréttindi æskileg
- Góð þjónustulund og vilji til að vera hluti af góðri liðsheild

Kynntu þér starfið nánar og sæktu um á www.brimborg.is.

Umsóknarfrestur er til 5. júní 2017.

Þú færð allar upplýsingar hjá Jóhanni Rúnari, þjónustustjóra, í síma 515 7072.
Hringdu núna!

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Volvo atvinnutækjasvið Brimborgar býður heildarlausnir fyrir vöru- og flutningabíla frá Volvo og Renault, hópferðabíla- og strætisvagna frá Volvo Bus, Volvo vinnuvélar og Volvo Penta báta- og ljósavélar auk framúrskarandi þjónustu við atvinnubíla og atvinnutæki. Til að mæta sífellt vaxandi kröfum viðskiptavina um heildstæða þjónustulausn þá byggir Volvo atvinnutækjasviðið nú nýtt húsnæði á stóru athafnasvæði við Hádegismóa 8 þar sem margvísleg ný þjónusta verður í boði. Gakktu í hópinn!

MOSFELLSBÆR

Sumarstarfsmaður á Umhverfissvið

MOSFELLSBÆR AUGLÝSIR LAUST SUMARSTARF Á UMHVERFISSVIÐI MOSFELLSBÆJAR.

Laust er til umsóknar sumarstarf á Umhverfissviði Mosfellsbæjar. Umhverfissvið annast umsýslu skipulags- og byggingarmála, rekstur og viðhald fasteigna Mosfellsbæjar og rekstur og viðhald gatnakerfis sem og veitna.

Sumarstarfsmaður sinnir skráningu, skönnun og frágangi teikninga að beiðni framkvæmdastjóra sviðsins. Viðkomandi sinnir jafnframt skjalavörslu, símsvörun og skipulagstengdum verkefnum eftir þörfum.

Um 100 % starf í tvo mánuði er að ræða. Konur jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um starfið.

Mosfellsbær er öflugt og framsækið sveitarfélag þar sem gildin virðing, jákvæðni, framsækni og umhyggja eru leiðarljós starfsmanna í daglegu starfi.

Menntunar- og hæfnikröfur:

- Stúdentspróf er skilyrði
- Háskólanám í skipulagsfræðum eða námi sem nýtist á Umhverfissviði er æskilegt
- Reynsla af skráningu gagna og skönnun er kostur
- Mjög góð tölvukunnátta er nauðsynleg
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum og rík þjónustulund er nauðsynleg
- Dugnaður, skipulagshæfni, frumkvæði, jákvæðni og sjálfstæði í vinnubrögðum er nauðsynleg
- Góð íslenskukunnátta og færni til að tjá sig skipulega bæði í ræðu og riti er skilyrði

Umsóknarfrestur er til og með 10. júní 2017.

Umsóknir ásamt starfsferilsskrá og kynningarbréfi sem greinir frá reynslu, menntun og fyrri störfum ásamt rökstuðningi fyrir hæfni í starfið skulu berast á netfangið mos@mos.is. Nánari upplýsingar um starfið veitir Jóhanna B. Hansen, framkvæmdastjóri Umhverfissviðs í síma 525 6700. Um sumarstarf er að ræða. Öllum umsóknum verður svarað. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær • Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA

Laus störf hjá Kópavogsbæ

Menntasvið

- Forstöðumaður félagsmiðstöðva eldri borgara

Leikskólar

- Aðstoðarleikskólastjóri í leikskólann Austurkór
- Leikskólasérkennari í leikskólann Austurkór
- Aðstoð í eldhús í leikskólanum Baug
- Leikskólakennari í leikskólann Grænatún
- Deildarstjóri í leiksskólann Urðarhól
- Leikskólakennari í leikskólann Urðarhól

Grunnskólar

- Starfsmaður í dægradvöl í Álfhólsskóla
- Tónmenntakennari í Álfhólsskóla
- Sérkennari fyrir einhverfa í Álfhólsskóla
- Frístundaleiðbeinendur í Hörðuvallaskóla
- Starfsmenn í dægradvöl í Smáraskóla
- Forstöðumaður dægradvalar í Smáraskóla
- Dönskukennari í Smáraskóla
- Umsjónarkennarar í Smáraskóla
- Kennari á yngsta stig í Vatnsendaskóla
- Kennari á miðstig í Vatnsendaskóla
- Tónmenntakennari í Vatnsendaskóla

Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt á heimasíðu Kópavogsbæjar, www.kopavogur.is, þar sem jafnframt má finna fleiri störf og nánari upplýsingar.

Kópavogsbær

kopavogur.is

STRÁ



Starfsemi STRÁ ehf. býr að aldarfjórðungs reynslu og þekkingu á sviði starfsmanna- og ráðningarmála en stofan hefur unnið fyrir mörg helstu og leiðandi fyrirtæki landsins um árabil.

Rík áhersla er lögð á trúnað varðandi vörslu gagna og upplýsinga bæði gagnvart umsækjendum, sem og vinnuveitendum.

Ánægðir viðskiptavinir til margra ára hafa notið þjónustu STRÁ, en stofan hefur jafnframt umsjón með ráðningum í sérfræði- og stjórnunarstöður.

www.stra.is

Til hvers að auglýsa ?

Ef þú auglýsir sjálf-/ur eftir starfsmanni eyðir þú verulegum tíma í úrvinnslu innsendra umsókna.

Okkar styrkur er öflugur gagnabanki og yfir tveggja áratuga reynsla við að þjónusta fyrirtæki við leit að starfsmanni.

LIND Fasteignasala
Uppspretta ánægjulegra viðskipta

TIL SÖLU

200 km frá Reykjavík

HÓTEL BJARKALUNDUR

- í fögru og stórbrotnu umhverfi á sunnanverðum Vestfjörðum

Nánari upplýsingar
Karl Jónsson
Sími 896 2822

HÓTEL

19 tveggja til þriggja manna herbergi, stór veitingasalur/veislusalur, veitingasala, setustofa, bar, sjoppa, verslun, salernisaðstaða fyrir ferðafólk, fullbúið eldhús með öllum búnaði.

6 SMÁHÝSI

6 fullbúin 20 m². smáhýsi.

ÞJÓNUSTUSKÁLI OG TJALDSVÆÐI

Salernis-,eldunar og sturtuaðstaða. Góð aðstaða fyrir tjaldgesti, hjólhýsi og húsbýla. Heitt og kalt vatn. Rafmagnsinnstungur á tjaldstæði. Leiktæki fyrir börn.

VEIÐI

Berufjarðarvatn sem er ca. 15 hektarar er inn á landareigninni. Góð veiði í vatninu og aðstaða fyrir báta.

STÓR JÖRÐ

Landareignin er samtals 58,5 hektarar, þar af er Berufjarðarvatn 15. hektarar. Mikið og fjölbreytt fuglalíf er við vatnið.
Jörðin er mjög falleg og gróðursæl með miklu landslagi.
Margar fallegar gönguleiðir.



Til sölu Hótel Bjarkalundur og tilheyrandi eignir ásamt 58,5 hektara jörð á einum fallegasta stað landsins, margar náttúruperlur eru í nánasta umhverfi.
Fasteignir á landareigninni eru alls 9 talsins, samtals 1.015 fm. og skiptast í hótel, þjónustumiðstöð, 6 smáhýsi og starfsmannahús.
Samtals gistirými er fyrir yfir 50 manns og miklir stækkunarmöguleikar.
Hótelið býður uppá fjölbreytta möguleika. Stórt bílaplan er við hótelið til að taka á móti stórum rútum. Hótel Bjarkalundur stendur við þjóðveginn aðeins 200 km. frá Reykjavík.
N1 rekur bensínstöð á staðnum.

Hér er um að ræða einstakan og verðmætan möguleika fyrir réttan aðila.

Verið velkomin á sölusýningu á glæsilegum íbúðum við Holtsveg 45 Urriðaholti Garðabæ.

Sölusýning laugardaginn 27. maí milli kl. 13:00 - 15:00

Holtsvegur 45 er 5 hæða lyftuhús með 10 íbúðum.

Stærð íbúða er frá 110 fermetrum til 182 fermetrar (penthouse).
Í byggingunni er einn stigagangur með lyftu sem gengur niður í bílakjallara. Eitt bílastæði í lokuðu bílastæðahúsi fylgir hverri íbúð.
Um er að ræða glæsilegar íbúðir á einum fallegasta stað á höfuðborgarsvæðinu, staðsett í sunnanverðu Urriðaholti í Garðabæ.
Fallegt og gott útsýni, stutt í verslun þjónustu og óspillta náttúru.

- Íbúðum er skilað fullbúnum með gólfefnum.
- Parket og innréttingar frá Parka .
- Flísar brá Nýborg.
- Góð lofthæð er i öllum íbúðunum.

Verð frá 46.9 millj.

TIL AFHENDINGAR Í OKTÓBER 2017

Arkitektar: Alark

Nánari upplýsingar veita:

Kristbjörn Sigurðsson
Löggiltur fasteignasali
s. 692 3000

Ingólfur Ingvarsson
Löggiltur fasteignasali
s. 893 7806

Sigfús Aðalsteinsson
Söluráðgjafi
s. 898 9979

MIÐBÆR
www.midbaer.is Fasteignasala 588 3300

NÝJAR SENDINGAR

ALLIR EININGASÓFAR Á 20 - 30% AFSLÆTTI

SUMARVARA FRÁ HABITAT

habitat SÍÐAN 1964

TEKK COMPANY

TEKK COMPANY OG HABITAT
SKÓGARLIND 2, KÓPAVOGI
SÍMI 564 4400 | OPIÐ MÁN-LAU KL. 10–18
OG SUN KL. 13–17
VEFVERSLUN Á WWW.TEKK.IS

Lifi lífinu eins og ég vil

Hver kannast ekki við að hafa tekið undir í laginu Nei, nei í flutningi Sonju Rutar Valdin sem er nú heitari en allt heitt á sviði söngs, leiks og SnapChat?

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@365.is

Hver ertu, Sonja? Ég er 21 árs, lífsglöð, opin, með sterkar skoðanir, fylgin mér og hress að eðlisfari. Alin upp í Grafarvogi og Danmörku.

Hvaðan kemur eftirnafnið Valdin? Afi minn, sem ég lít mikið upp til, var skírður Valdin og síðan hefur það haldist í fjölskyldunni.

Hvernig barn og unglingur varstu? Ég var mjög opin og aldrei feimin. Alltaf til í að prófa eitthvað nýtt, vildi vera vinkona allra og leitaði mikið í leiklist.

Dreymdi þig um frægð og frama? Mig dreymdi svo sannarlega um að verða fræg og var aldrei með plan B þegar kom að leiklistardraumnum. Ég stefni langt í leiklistarbransanum og elska að lifa lífinu.

Þú varst uppgötvuð á SnapChat; hvað hefurðu fram að færa þar? Það er mjög misjafnt hvað mér liggur á hjarta þegar ég snappa því þar er ekkert þema en heldur engin gríma.

Hver eru þín helstu áhugamál? Leiklist, tónlist og ferðalög.

Þú er orðin vel þekkt. Kom frægðin þér á óvart og hvernig upplifirðu hana? Það er gaman að vera þekkt en á sama tíma getur það verið óþægilegt. Ég finn mikið fyrir því að fólk starir á mig. Það gerir mig meðvitaða um hvort ég sé nógu vel tilhöfð eða sé að gera eins vel og ég get. Ég get ekki lengur gert allt eins og ég vil, alls staðar. Mig langar að vera kurteis og almennileg en staðreyndin er sú að börn og unglingar bíða í hópum fyrir utan heimili mitt, dingla bjöllunni og hringja í mig. Mér finnst erfitt að ýta börnum frá mér því þau eru svo hjartahrein og einlæg. Því reyni ég alltaf að taka þeim fagnandi og vera hress til að særa engan. Fólk virðist þó ekki almennt skilja að ég er manneskja í þörf fyrir að lifa lífi mínu í friði þegar ég er heima og ekki alltaf í stuði til að spjalla eða láta taka myndir af mér með aðdáendum. Krakkar í dag eru líka svo ákveðnir og beinlínis segja manni að vera með þeim á mynd því að ég hafi valið að verða fræg. Fólk á mínum aldri hleypur líka á eftir mér, þegar ég fer út á lífið, ýmist til að hrósa mér eða gera lítið úr mér. Ég held að þeim líði eins og þau þekki mig. Ég er beðin um að gera eitthvað fyrir Snappið þeirra en vitaskuld vil ég það ekki alltaf því stundum vil ég eingöngu njóta lífsins með vinum mínum. Ég á mitt líf þótt ég sé orðin þekkt.

Sonju Rut Valdin dreymdi um að verða frægur YouTuber á yngri árum og fræg á samfélagsmiðlum. Draumurinn hefur svo sannarlega ræst. MYND/ERNIR

Heldurðu að frægir fái minni frið fyrir aðdáendum í dag en áður fyrr? Já, nú snýst allt um samfélagsmiðla og að grípa andartakið. Ef fólk sér mig í næsta bíl í umferðinni á ég að gjöra svo vel að skrúfa niður rúðuna, stoppa bílinn og vera til í mynd og spjall. Ég tek það þó ekki nærri mér því ég skil þetta að vissu leyti og hef sjálf upplifað þennan spenning þegar fræg manneskja sem ég hef fylgst með hefur óvænt birst í lífi mínu. Fólki finnst það þekkja mann og heldur að það geti sagt hvað sem er vegna þess að maður gefur mikið af sér á Snappinu. Tækifærin sem maður fær í gegnum samfélagsmiðla eru hins vegar ótrúlega skemmtileg og mér líður oft eins og ég geti gert allt sem mig langar til. Það er góð tilfinning.

> **Fólki finnst það þekkja mann og heldur að það geti sagt hvað sem er. Ef það sér mig í næsta bíl í umferðinni á ég að gjöra svo vel að skrúfa niður rúðuna, stoppa bílinn og vera til í mynd og spjall.**

Ertu meðvituð um að vera góð fyrirmynd? Ég vil auðvitað vera góð fyrirmynd og held að ég sé það frekar en hitt. Það eiga samt allir sitt líf og þurfa að fá að lifa því að eigin vild og vali. Ég þarf að fá að fara í bæinn og djamma þegar ég vil og mundi aldrei ýta undir að aðrir lifðu eins og ég, en ég get ekki hætt að vera ég sjálf. Ég gæti auðvitað lokað Snappinu en finnst gaman að snappa og mun halda því áfram. Hins vegar verða foreldrar að fylgjast miklu betur með því sem börn þeirra horfa á á SnapChat og krakkar undir 13 ára aldurstakmarkinu eiga ekkert erindi þangað.

Í hverju felast vinsældir Áttunnar og laganna sem hafa slegið í gegn? Galdurinn á bak við tónlistina er að vera með rétta fólkið í kringum sig og hafa gaman.

Koma nýir þættir og lög í kjölfar Nei, nei og Ekki seena? Já, þema Áttunnar eru þrír leiknir þættir og endalag í fjórða þætti. Það er okkar vörumerki og við munum halda því áfram á Facebook.

Hvað ætlar þú að gera um helgina? Það er alltaf mikið að gerast hjá mér um helgar og það eru uppáhaldsdagarnir mínir. Dæmigerð helgi er að njóta hennar með vinum og ferðast um landið. Mér líður oft eins og vinnan sé endalaus á virkum dögum því það er heilmikil vinna að vera á samfélagsmiðlum og með Áttunni. Þetta er samt draumavinnan mín og alltaf frábærlega gaman, en ég hef ríka þörf fyrir að vera með fjölskyldu og vinum í ró og næði.

Ertu kvöldsvæf eða morgunhani? Ég er alls ekki morgunfúl og vakna í tilhlökkun yfir því að vita hvað hver dagur hefur upp á að bjóða.

Uppáhaldshelgarmaturinn? Það er klárlega Taco Bell.

Uppáhaldslaugardagsnammið? Ég borða alltaf sterkar Djúpur frá Freyju á laugardögum.

Hver er þín helsta fyrirmynd í lífinu? Mín helsta fyrirmynd í lífinu er pabbi. Hann hefur kennt mér að hafa trú á sjálfri mér og að ég geti allt sem ég vil. Líka að það sé mikilvægt að lifa lífinu sem mann langar. Helsta fyrirmynd mín á samfélagsmiðlum er Aronmola.

Besta æskuminningin? Allar utanlandsferðirnar því ég elska að ferðast og skoða nýja staði. Ég gleymi því heldur aldrei þegar ég steig fyrst á svið í Skrekk í Borgarleikhúsinu í 8. bekk. Það var rosaleg tilfinning. Ég hafði alltaf vitað hvað ég ætlaði að verða en aldrei áður verið böðuð sviðsljósum frammi fyrir fullum sal af fólki. Það fullvissaði mig um að draumurinn væri réttur. Líka þegar ég eignaðist mína fyrstu upptökuvél sem ég keypti fyrir fermingarpeninginn og byrjaði að gera sketsa með vinum mínum. Þá opnaðist heill heimur. Mig langaði alltaf til að verða YouTuber og fræg á samfélagsmiðlum og vissi að ég var heppin að vita ung hvað ég vildi verða því ég gat byrjað strax á að láta draumana rætast.

Hvað ætlarðu að gera í sumar? Sumarið verður eitt allsherjar stórt ævintýri en spenntust er ég fyrir að standa á sviði með Áttunni. Að gigga með bestu vinum mínum er rosaleg tilfinning.

Gagnlegt og áhugavert nám sem nýtist þér

Viðurkenndur bókari
Lykill að góðu starfi

Nám til undirbúnings fyrir próf á vegum atvinnu- og nýsköpunarráðuneytisins skv, 43. grein laga nr. 145/1994 um bókhald. Kennslan fer fram í samvinnu við KPMG. Kennt er þrjá daga í viku frá kl. 16:30 – 19:30.

Starfsmennt greiðir skólagjöld sinna félagsmanna.

INNRITUN STENDUR YFIR TIL 9. JÚNÍ. **Sjá mk.is**

Menntaskólinn í Kópavogi
Sími: 594 4000

Frekari upplýsingar veita:
inga.karlsdottir@mk.is
gardar.vilhjalmsson@mk.is

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
HÓTEL- OG MATVÆLASKÓLINN | FERÐAMÁLASKÓLINN | LEIÐSÖGUSKÓLINN

Fæst í flestum apótekum, heilsuvöru-
búðum og í Hagkaup, Smáralind.

benecos
náttúruleg fegurð

Náttúrulegt og lífrænt
Án parabena
Ekki prófað á dýrum

Góðgæti með rabarbara

Rabarbari er einstaklega hollur og góður. Hægt er að nota hann á margvíslegan hátt. Rabarbarasulta er í miklu uppáhaldi hjá mörgum að ekki sé talað um rabarbaragraut eða kökur.

Rabarbari vex vel hér á landi eins og á öðrum Norðurlöndum. Hann getur orðið hávaxinn og sver. Flestum finnst hann bestur þegar hann er minna sprottinn. Talið er að rabarbari hafi flust til Norðurlanda frá Rússlandi, Mongólíu og Kína fyrir meira en þrjú þúsund árum. Ræturnar voru þurrkaðar og síðan muldar. Þá voru þær notaðar fyrir fólk sem átti við hægðatregðu að stríða. Rabarbari hefur lengi verið notaðar til matargerðar á Íslandi þrátt fyrir að vera súr. Talsverðan sykur þarf þess vegna með honum. Íslendingar ólust upp við rabarbaragraut, -saft og -sultu. Algengt var að borða sultuna með lambakjöti en einnig með pönnukökum og vöfflum.

Í Julita-garðinum í Katrínarhólmi í Svíþjóð eru ræktaðar 80 tegundir af rabarbara. Flestar eru frá Englandi, Þýskalandi, Póllandi og Danmörku. Algengasta tegundin í Svíþjóð nefnist Victoria. Rabarbari er ríkur af C-vítamíni.

Gamaldags rabarbaragrautur

Þessi uppskrift er miðuð við tvo en vel má stækka hana.

400 g rabarbari
5 dl vatn
50 g sykur
½ tsk. vanillusykur
5 tsk. kartöflumjöl
1 dl vatn
Rjómi

Hreinsið rabarbarann vel og skerið endana frá. Skerið í litla bita og setjið út í vatnið. Sjóðið upp og látið malla í 20-25 mínútur. Sigtið þá rabarbarann frá soðinu og setjið safann aftur í pottinn. Hitið upp aftur og bætið sykri og vanillusykri (eða vanillustöng) saman við. Hrærið kartöflumjöli í einum dl af vatni.
Takið grautinn af hitanum og bætið kartöflumjölinu saman við. Hrærið vel þar til grauturinn verður þykkur og kekkjalaus. Berið grautinn fram heitan eða kaldan með rjóma.

Æðisleg rabarbarabaka með mulningi.

Rabarbarabaka með kardimommum og engifer

Kryddið gerir þessa böku einstaklega ljúffenga. Auk þess er hún glútenfrí.

Deig

150 g smjör
3 dl haframjöl
3 dl möndlumjöl
1 dl hrásykur

Fylling

3 rabarbarar í sneiðum
½ tsk. kardimommudropar
½ tsk. engifer (duft)
1 tsk. hrásykur
Smávegis smjör

Hitið ofninn í 175°C. Hrærið smjör, hafragrjón, möndlumjöl og sykur saman í gróft deig. Steikið rabarbarann í smjöri með kardimommu, engifer og sykri þar til allt mýkist. Setjið blönduna í eldfast, smurt form. Stráið deiginu yfir á víð og dreif. Bakið í 35-40 mínútur.

Berið fram með þeyttum rjóma eða vanilluís.

Pannacotta með rabarbara

2 plötur matarlím
1 vanillustöng eða 1 tsk. vanillusykur
2 msk. sykur
5 dl rjómi
Rabarbari á toppinn
200 g rabarbari
0,5 msk. vatn
0,25-0,5 dl sykur

Þessi uppskrift miðast við sex glös. Setjið matarlímið í kalt vatn í skál.

Kljúfið vanillustöngina og skrapið út vanillufræin. Setjið vanillustöngina og fræin í pott. Bætið rjóma og sykri saman við. Látið suðuna koma upp, lækkið þá hitann og látið malla í 2-4 mínútur. Fjarlægið vanillustöngina og takið blönduna af hitanum.

Kreistið matarlímsblöðin og hrærið þau saman við heita rjómablönduna þar til þau leysast upp en það ætti að taka um hálfa mínútu.

Hellið blöndunni í sex falleg glös. Setjið í ísskáp og bíðið í tvo tíma þangað til blandan stífnar.

Skreytt er með rabarbara á toppnum. Skerið rabarbarann í ½-1 cm þykka sneiðar. Setjið í pott og bætið sykri og strásykri saman við. Magnið af sykri fer eftir því hversu súr rabarbarinn er og hversu mikinn sykur maður vill hafa. Látið sjóða upp og hrærið af og til. Eftir stutta stund fer rabarbarinn að malla í sínum eigin vökva. Látið malla áfram í um það bil tíu mínútur eða þar til rabarbarinn er orðinn mjúkur. Kælið. Eftir um 30 mínútur eða rétt áður en pannacottan er lögð á borð er rabarbarablandan sett á toppinn á réttinum.

Það má bera rabarbaragraut fallega fram sem eftirrétt.

Pannacotta með rabarbara.

NÝ SENDING AF SUNDFÖTUM

FRÁBÆRT ÚRVAL Í GÓÐUM STÆRÐUM
SKÁLASTÆRÐIR FRÁ C-K
SJÁÐU ÚRVALIÐ Á CURVY.IS EÐA
KOMDU VIÐ Í VERSLUN OKKAR AÐ FÁKAFENI 9

VERTU VELKOMIN Í VERSLUN OKKAR AÐ FÁKAFENI 9 EÐA PANTAÐU Á WWW.CURVY.IS

Afgreiðslutímar í verslun Curvy.is að Fákafeni 9 eru
Alla virka daga frá kl. 11-18 og Laugardaga frá kl. 11-16

SENDUM FRÍTT HVERT Á LAND SEM ER!

Vá erum á Snap chat - Curvy.is

Curvy.is - Fákafeni 9, 108 RVK | Sími 581-1552 | www.curvy.is

Smáauglýsingar

512 5000
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

RENAULT Master bus hópbifreið (15 farþegar). Árgerð 2007, ekinn 99 Þ.KM, dísel, 5 gírar. Verð 2.490.000. Rnr.280002 Hafið samband varðandi hugsanleg skipti.Bílabankinn S. 5880700 eða 7736262 www.bilabankinn.is

Bílabankinn
Eirhöfði 11, 110 Reykjavík
Sími: 588 0700
Opið virka daga 12-18 og laugard. 12-15
www.bilabankinn.is

bilauppbod.is

ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?

Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

Bílauppboð - Krókur
Sími: 522 4610
www.bilauppbod.is

STÓRA BÍLASALAN

100% LÁN

KIA Sorento. Árgerð 2006, ekinn 193 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. TILBOÐ 990.000 staðgreitt. Rnr.162478.

100% LÁN

TOYOTA Auris. Árgerð 2013, ekinn 63 Þ.KM, bensín, 6 gírar. TILBOÐ 1.790.000 staðgreitt. Rnr.159175.

100% LÁN

BMW X5 3.0i . Árgerð 2006, ekinn 206 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur 5 gírar. Verð 1.790.000. Rnr.159301.

STÓRA BÍLASALAN

100% LÁN

SUZUKI Swift. Árgerð 2007, ekinn 153 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 590.000. Rnr.159596.

100% LÁN

TOYOTA RAV4. Árgerð 2000, ekinn 220 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur 6 gírar. Verð 490.000. Rnr.159584.

Stóra bílasalan
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 5861414
http://www.stora.is



SUZUKI

SUZUMAR gúmmíbátar. Uppblásnir slöngubátar með álgólfi og mikla burðargetu. Til i stærðum frá 2,9m - 4,2m. Verð frá 255.000.- kr.

SUZUKI UMBOÐIÐ ehf
Skeifunni 17, 108 Reykjavík
Sími: 565-1725
suzuki@suzuki.is
Suzuki.is / suzukisport.is

Bílar til sölu

Yaris ,99 , skoðaður 2018 , beinskiptur ,ek 177þús ,300.000 kr. simi 860 4909

Til sölu er Mitsubishi Pajero GLS, dísel, árg "04, ek 214 þús. km. Mjög vel við haldið og í góðu ástandi - toppeintak. Ásett verð 1.700 þús. kr. Uppl. s. 896 5787

Nissan terrano , 2001 ,disel,beinskiptur, ek 170.þús verð 450.000 sími 860-4909

Volvo árg '98. Ek. 200 þús. Nýskoðaður, í þokkalegu standi. Verðhugmynd 350 þús. Uppl. í síma 664 7785.

ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA !

TOYOTA LANDCR VX 90 Benzín árg 2002 ek. 169 Þkm, Sjálfsk, leður, krókur, ofl ofl, 2 eigendur, 100% þjónustu og smurbók, möguleiki á 100% láni, tilboðsverð 990 þús. GSM 893-9500

Kia Sarento '99, vel með farin, 116.000 km, sjálfskiptur dísel 170 hö, með krók, krúser. Verð: 2,9. S: 8667022

ÚTSALA MÓTORSPORT !!!

M.BENZ SPRINTER árg 2004 ek 205 Þkm. 5 gíra, sérútbúin fyrir mótorsport/útivist, eldavél, svefnaðstaða, topp græjur, ný skoðaður og mjög gott viðhald, möguleiki á 100% láni, tilboðsverð 1.490.000.- GSM 893-9500

Wv póló árg 2003 3-dyra1,2 vél beinskiftur ek 176 þús skoðaður 18 ný kúpling góð dekk verð 295 þús gsm 8927852

Renault Megane árg. 2006. Diggur þjónn sem hlotið hefur gott viðhald og umönnun. Ekinn 180 þúsund +, nýskoðaður og á ársgömlum heilsársdekkjum. Verð 490 þús. Uppl. Í síma 663-2047

Opel Astra árg "06 4 dyra vél1,8 ss. Uppl. s. 894 3765

Góð kaup!

KOMDU OG PRÓFAÐU!

bill.is

Malarhöfða 2
Sími 5773777
www.bill.is

CADILLAC Escalade awd
Verð: 3.490.000
Árgerð: 2007 | Bensín
Ekinn: 149þ.km. | Sjálfskiptur.
Rnr.107709.

SKODA Octavia
Verð: 1.390.000
Árgerð: 2011 | Dísel
Ekinn: 163þ.km. | Beinskiptur.
Rnr.270254.

VW Polo disel
Verð: 1.290.000
Árgerð: 2011 | Dísel
Ekinn: 84þ.km. | 5 gírar
Rnr.270681.

HOBBY 495 ul premium
Verð: 4.390.000
Árgerð: 2017
Ekinn: 1þ.km.
Rnr.280013.

HOBBY 545 kmf delux
Verð: 4.790.000
Árgerð: 2017
Ekinn: 1þ.km.
Rnr.280011.

HOBBY 495 ul exellant
Verð: 3.890.000
Árgerð: 2017
Ekinn: 1þ.km.
Rnr.280012.

Húsbílar

Ford Rimor árgerð 2006, ekinn 50 þ., Ný dekk, markísa, hjólagrind, stór loftgluggi, bakkmyndavél. Verð 5,5 millj. uppl. s. 897 4753

Húsbíll til sölu. Ford Transit 125/350 árgerð 2006. Ekinn 76.000. Markísa, sólarsella, bakkmyndavél, sjónvarp ofl. Einn eigandi. Upplýsingar í síma 8624864

Fornbílar

Chrysler New port árg 1966 vél 383 ss þarfnast smá lagfæringar verð 1.5 millj. Uppl.s. 894 3765

Kerrur

Kerra - 1600 kg með bremsubúnaði, nefhjól. Teg. Henra. Verð 300 þús. Uppl. í síma 664 7785.

Hjólhýsi

NÝTT FENDT 465 HJÓLHÝS

Glæsilegt Fendt 465 TG, árg. 5/2017, með 2 rúmum. Fjármögnun frá fjármálastofnunum 75% til 7 ára. Afhent við kaup. Hagstætt verð 4.950 þús. Uppl. Stefanía s. 862 6519.

Vissir þú að... Barnaheill Save the Children á Íslandi
börn eiga rétt á nægum svefni

Fellihýsi

Rockwood fellihýsi, 12 ft, árg 2010. Mjög lítið notað. Verð 1990 þúsund. Uppl í s. 6919988.

VAGNAHÖLLIN

Köllunarklettsvegur 3
við Sæbraut
Sími 522 2222
www.vagnahollin.is

Vinnuvélar

TIL LEIGU
BYGGINGARKRANI
25 METRA HÁR/35 METRA LANGUR
SJÁLFREISANLEGUR OG ER Á DOLLY
892 5309

Bátar

Til sölu 30 feta skemmtibátur árgerð 1998 báturinn er allur sem nýr að innan sem utan. Vél Volvo Penta 260hö ekin aðeins ríflega 800 tíma, nýr vagn fylgir. Uppl. í s. 893-7900



HEIMAVÍK

Flotnet, sökknet. Heimavík. S. 892 8655 www.heimavik.is

Til sölu Pioner 10 plastbátur, 3ja manna ásamt 8 hp Evinrude tvígengismótor. Verðhugmynd 360 þús. Sími 8937720

Hjólbarðar

NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.

Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700

Varahlutir

Startarar & alternatorar
í bíla, báta og vinnuvélar

Bílaraf
Flatahrauni 25 - Hafnarfirði
Sími 564 0400
www.bilaraf.is

Þjónusta

Pípulagnir

PÍPULAGNIR

Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 699 6069 663 5315

Garðyrkja

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga og klippingar og umhirðu á görðum. Uppl. í s. 616 1569.

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Málarar

Faglæðir málarar geta bætt við sig útiverkefnum. Mikil reynsla og fagmennska í fyrirrúmi. Jón og Marteinn S. 861 1242

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

ÞAKVIÐGERÐIR APS VERKTAKI EHF

Þaklekar eru því miður alltof algengir í íslenskum húsum. Við tökum að okkur öll verkefni sem snúa að þakviðgerðir. Gsm.8417601

k2
LOFTSTOKKAHREINSUN
• FYRIRTÆKI
• FJÖLBÝLISHÚS
• SKIP
• VEITINGASTAÐIR

Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

Parketslípun
sólpallaslípun | parketlagnir
551 1309 / 690 5115
golflist@golflist.is
www.golflist.is
Gólflist
Parketlagnir og viðhald
99% RYKFRÍTT
Bona

TOYOTA Rav4
Árgerð 2012, ekinn 98 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur, krókur.
Verð 3.090.000. Rnr.182880.
Toyota Kauptúni
S. 570 5070 • www.toyotakauptuni.is

Club car golfbílar

Til afgreiðslu strax.
19019 ehf • S. 893-3393 • Gunnsteinn • www.19019.is

Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

LOK Á HEITA POTTA

Framleiðum einangrunarlok og yfirbreiðslur á allar tegundir potta.
Metum ástand og gerum við.
www.fjardarbolstrun.is
Fjarðarbólstrun S. 561 4188 • 840 0339 • fjardarbolstrun@gmail.com

Sími 550 9800 www.tjaldaleiga.is
Tjaldaleiga Skáta
Við leigjum samkomutjöld af ýmsum stærðum og gerðum sem henta við hin fjölbreyttustu tækifæri.

GLUGGA GERÐIN
Gamli glugginn úr, nýi glugginn í ...svo einfalt er það
Nýsmíði á gluggum og hurðum, ásamt ísetningum og viðhaldi.
Hafðu samband og við metum ástandið.
Smiðjuvegur 12, rauð gata - S. 566 6630 - gluggagerdin@gluggagerdin.is

viftur.is
Viftur • Blikkrör • Aukahlutir
ískúsið
S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

Parketslípun
sólpallaslípun | parketlagnir
551 1309 / 690 5115
golflist@golflist.is | www.golflist.is
99% RYKFRÍTT
Gólflist
Parketlagnir og viðhald
Bona

Snyrti & nuddstofan Smart
Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ
Alltaf frábær tilboð í gangi hjá okkur!
Kíkjið á facebook síðu okkar:
facebook.com/snyrti og nuddstofan smart
Verið hjartanlega velkomin.
Tímapantanir í s. 789 3031 & 897 3035 • helgasig2@gmail.com
og á Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@365.is sigrunh@365.is

Húsaviðhald

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Nudd

NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Zanna.

Spádómar

SÁ SÍMASPÁ Í
S. 844 6845 / 462 4564
Frá kl. 14:00. Spái í spil og bolla. Leiðb. Geymið auglýsinguna. Er á facebook: SÁ

SPÁSÍMINN 908 5666
Stjörnuspá. Tarot. Árasspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Trésmíði

Tek að mér að smíða sólpalla og aðra smíðavinnu. Upplýsingar í s: 6153995

Keypt & Selt

Til sölu

6 ha. land að sjó t Stafnesi á Suðurnesjum, á sögufrægum slóðum í umhverfi Hvalsneskirkju. Einstök náttúrufegurð og fuglalíf á heimsmælikvarða, staður fyrir náttúruunnendur, stutt í fyrsta flokks gólfvelli. Uppl. í síma 8601404

myranaut

Ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

TIL SÖLU

COMANCHE Tjaldvagnar
Montana með 13" dekkjum.

Með ferðaboxi **Kr. 1088.000,-**
Án ferðabox **Kr. 990.000,-**

Poulsen partur af lífinu
Sími 530 5900

"GRILL KAMADO"

12" = 39.000,-
16" = 87.000,-
18" = 107.000,-
22" = 115.000,-
24" = 125.000,-

orng05@simnet.is

STIGA®

Stiga Estate 3084 H
Sjálfskiptur sláttutraktór
B&S 3130 AVS mótor
Notendavænt sæti og stýri
240 lítra graskassi
Frábær traktór í meðalstór svæði

VETRARSÓL Askalind 4, Kóp. Sími 564 1864 www.vetrarsol.is

Óskast keypt

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
jonogoskar.is s.552-4910

Ýmislegt

Bílskúrsala Eyrartröð 5 Hafnarfirði 25. maí til 4. júni ýmislegt og allskonar til sölu til styrktar Safnaðarheimili Ástjarnarkirkju.

Skólar & Námskeið

Námskeið

ICELANDIC & ENGLISH F. FOREIGNERS - ENSKA
ÍSLENSKA f. útlendinga I, II, III. ENSKA f. Fullorðna & ENGLISH f. Adults I,II,III: Byrja/Start: 29/5, 26/6, 22/8, 11/9, 9/10, 6/11, 4/12: Morgna/Síð d/Kvölds - Morn/Aftern/Evening. 4 vikur/weeks x 5 daga/days. 2 - 5 nem/students - www.iceschool.is - ff@icetrans.is - Fullorðinsfræðslan-IceSchool, Ármúli 5. s. 5571155 / 8981175.

Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

GEFÐU HÆNU
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

Heimilið

Barnavörur

VAGNSTYKKI, KERRUSTYKKI OG SKIPTITASKA
Verð frá kr. 99.900. Frír aukahlutapakki að verðmæti kr. 27.880 fylgir fyrirfram pöntuðum vögnum út maí. Barnið Okkar Hliðasmára 4, 201 Kóp. Barnidokkar.is

Húsnæði

Húsnæði óskast

ÍBÚÐ ÓSKAST!

Óska eftir snyrtilegri 3-4 herbergja íbúð til leigu. Óska staðsetning er í póstnúmeri 110, en til greina koma hverfi 104,108 og 105. Greiðslugeta er um 200.000 kr.

Reglusemi og skilvísar greiðslur.

Nánari uppl. í s. 895 5086 Kristjana

Mótorhjólaklúbbur óskar eftir iðnaðarhúsnæði eða iðnaðarbili á höfuðborgarsvæðinu. Ca. 40-60 fermetra. Leigusamningur þarf að vera lengur en 1 ár og helst með salernisaðstöðu. Traustar og öruggar greiðslur auk tryggingu. S:7787026 eða 8572349

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Atvinna

Atvinna í boði

Olíudreifing

HÁSETI
Olíudreifing ehf. óskar eftir að ráða háseta í sumarafleysingar á olíuskipið Laugarnes. Almennt gildir að siglt er í tvær vikur og frí í tvær vikur. Helstu verkefni Laugarnes er olíuafgreiðsla til skipa á Faxaflóasvæðinu og birgðaflutningur frá Reykjavík. Starfið stendur báðum kynjum til boða. Umsóknir sendist á audunn@odr.is . Nánari upplýsingar veitir: Auðunn Birgisson í síma 550-9928.
Umsóknir sendist á audunn@odr.is . Nánari upplýsingar veitir: Auðunn Birgisson í síma 550-9928.

GINGER

KVÖLD- OG HELGARVINNA:
Ginger í Reykjavík óskar eftir hressu starfsfólki í kvöld og helgarvinnu. Ef þú ert orðinn 18 ára, reyklaus og vilt vinna á góðum og skemmtilegum stað sendu þá ferilskrá á brynja@ginger.is

GINGER

GINGER Í KEFLAVÍK
Ginger í Keflavík óskar eftir starfsfólki á dagvaktir alla virka daga.Ef þú ert orðinn 18 ára og vilt vinna á góðum og skemmtilegum stað hafðu samband við Ksynea í síma 856-2472 Ginger restaurant in Keflavík is looking for employees on day shifts all weekdays. If you are 18 or older and interested in working at a good restaurant please call Ksynea at 856-2472

Atvinna óskast

Lærður málari getur bætt við sig verkefnum. Tek einnig að mér að bera viðarvörn á sumarbústaði. Sími: 8511128. Netfang: haraldur1006@gmail.com

Tilkynningar

Fundir

AÐALFUNDUR FLUGFÉLAGSINS GEIRFUGL EHF
verður haldinn í Fluggörðum 25, 101 Reykjavík, miðvikudaginn 7. júní 2017, klukkan 20:00. Dagskrá í samræmi við 14. gr. samþykkta félagsins.
Nánari upplýsingar á heimasíðu félagsins: www.geirfugl.is

Ef þú ert með rétta starfið — erum við með réttu manneskjuna

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

capacent

www.capacent.is

XO LÍKLEGA BESTI HOLLI SKYNDIBITINN Á ÍSLANDI

TAKE AWAY

XO HEFUR OPNAÐ Í SMÁRALIND

ÞÖKKUM FRÁBÆRAR VIÐTÖKUR

NAUTASALAT XO

OPIÐ TIL KL 21:00 ÖLL KVÖLD

PAD THAI XO STYLE

XO

FUN · FAST · FUSION

JL HÚSINU & SMÁRALIND

WWW.XOFOOD.IS
571-3888

tripadvisor
4,5 ★

FACEBOOK.COM/
XO VEITINGASTAÐUR
4,7 ★

GARAM MASALA FLATBAKA

Þegar Mathias Rust lenti á Rauða torginu



Fyrir þrjátíu árum lagði nítján ára gamall Þjóðverji út á opið úthaf á eins hreyfils flugvél til Moskvu. Hann hafði orðið fyrir vonbrigðum með leiðtogafundinn í Höfða árið 1986 og vildi gera eitthvað róttækt í málinu. Hann komst í gegnum varnarmúr sovéska hersins sem þótti með algjörum ólíkindum.

Theodór Brynjólfsson

Fyrir þrjátíu árum, þann 28. maí 1987 lenti Þjóðverjinn Mathias Rust, smávél af tegundinni Cessnu Skyhawk 172 á Bolshoy Moskvoretsky brúnni. Hann var rétt tæplega tvítugur og hafði árinu áður fylgst með leiðtogafundinum sem var haldinn á Íslandi 1986. Hann hafði orðið fyrir miklum vonbrigðum með árangur fundarins og vildi gera eitthvað róttækt í málinu.

Hugljómun í Höfða

Rust hafði frá barnæsku haft mikinn áhuga á flugi. Hann tók sína fyrstu flugtíma hjá flugklúbbi í Hamborg aðeins tveimur árum fyrir flugið og undirbjó sig með æfingaflugi til Reykjavíkur.

Hann leigði Cessnu Skyhawk 172 í þrjár vikur af flugklúbbnum í Hamborg. Vélin var útbúin með auka eldsneytistanki sem jók flugdrægni vélarinnar. Þann 13. maí 1987 hóf hann sig á loft frá Uetersen-flugvelli fyrir utan Hamborg.

Þann 15. maí flaug hann til Reykjavíkur, dvaldi hér í vikutíma þar sem hann heimsótti m.a. Höfða og kom þar að lokuðu húsi, en taldi sig hafa orðið fyrir einhvers konar hugljómun sem hvatti hann til frekari dáða.

Hann hitti flugvirkjana Þóri Garðarsson og Guðbjart Torfason í skýli á Reykjavíkurflugvelli þar sem flugskólinn Geirfugl hefur starfsemi sína í dag og óskaði eftir smávægilegum viðgerðum. Hann var fámáll og hlédrægur og Þórir og Guðbjartur grunlausir um áform hans.

Nokkrum vikum seinna var töluverður ágangur af þýskum blaðamönnum í skýlinu sem vildu fá að vita allt um heimsókn Rusts.

Lagt af stað til Helsinki

Þann 22. maí lagði Rust af stað frá Reykjavík til Helsinki. Ferðin var farin fyrir tíma GPS-tækja með frumstæðum búnaði til stefnumiðunar.

Að morgni 28. maí lagði Rust svo af stað frá Helsinki og gaf upp þá flugáætlun að hann væri á leið til Stokkhólms. Rust hélt flugáætlun í 20 mínútur, eða þar til hann kvaddi finnska flugstjórnarsvæðið. Þegar hann kom að finnska bænum Nummela sneri hann flugvélinni í austurátt.

Flugumferðastjórar í Tampere Finnlandi tóku strax eftir nærri 180° stefnubreytingunni, og reyndu árangurslaust að ná sambandi, þar sem hann flaug m.a. yfir finnskt hernaðarbannsvæði.

Næst sást flugvélin á ratsjá frá sovéskri hernaðarstöð í Skrunda í Lettlandi og voru loftvarnareiningar settar í viðbragðsstöðu.

Sovéskir flugumferðarstjórar fylgdust með flugvélinni. Herdeildir á svæðinu voru einnig settar í viðbragðstöðu. Tvær orrustuflugvélar frá Tapa-herstöðinni voru sendar með hraði í loftið.

Þegar Rust var búinn að vera á lofti í tvo klukkutíma sá hann svartan skugga þjóta um himininn og hverfa. Augnabliki síðar kom flugvél á móti honum á ofsahraða og hvarf.

Hann hugsaði með sér „Nú er komið að því.“

Upp að vinstri hlið renndi MiG-23 orrustu flugvél, sem er risastór í samanburði við Cessnuna.

Hann fylgdist með orrustuvélinni og honum til undrunar komu engin boðmerki frá flugmanninum þess efnis að hann ætti að fylgja honum.

Sovéskir rannsakendur greindu Rust seinna frá því að orrustuflugmaðurinn hefði reynt árangurslaust að ná sambandi í gegnum talstöð.

Um þrjúleytið kom Rust að þjálfunarsvæði sovéska flughersins, þar sem sjö til tólf flugvélar voru við æfingaflug. Þessar vélar hegðuðu sér á svipaðan hátt og gáfu frá sér svipað ratsjárendurkast og Cessna Rusts.

Á þessari stundu voru varnarmálaráðherrann Sergei Sokolov og aðrir háttsettir menn innan hersins á fundi Varsjárbandalagsins í Austur-Berlín ásamt Gorbatsjev.

Um 60 km vestur af bænum Torzhok, varð stjórnandi ratsjár var við merki frá Cessnu Rusts, en taldi það vera merki frá tveimur þyrlum sem höfðu verið við leitarstörf skömmu áður, og í framhaldi var vélin flögguð sem „vinur“.

Rust hélt sem fyrr ótrauður áfram að yfirráðasvæði hersins við Moskvu. Hann flaug nú að svokölluðum „Stálhring“ sem er ysta loftvarnarbelti Moskvuborgar.

Rétt eftir 18.00 flaug Rust að borgarmörkum Moskvu.

Á meðan Rust flaug yfir borgina byrjaði hann að skima eftir Rauða torginu.

Hálfvilltur flaug hann frá byggingu til byggingar, á meðan á þessum æfingum stóð nálgaðist hann óafvitandi kjarna borgarinnar og allt í einu blasti við áberandi veggurinn sem umlykur Kreml.

Rust tók þegar stefnuna á Kreml, lækkaði flugið og hóf að leita að hentugum lendingarstað.

Hann lenti vélinni og ók vélinni að girðingu við Basilkirkjuna. Drap á hreyflinum, lokaði augunum og dró andann djúpt.

Mathias á Reykjavíkurflugvelli. Myndina tók Pétur P. Johnson ljósmyndari.

RUST FLAUG TIL REYKJAVÍKUR TIL AÐ ÆFA SIG FYRIR FLUGIÐ TIL MOSKVU. HANN VARÐ FYRIR HUGLJÓMUN VIÐ HÖFÐA.

Hann fann fyrir miklum létti. Hann leit á klukkuna á Kremlinturni og sá að klukkan var 18.43.

Fólk flykktist að. „Fólkið brosti, tók í höndina á mér og bað um áritun. Ég sagði ungum Rússa frá erindi mínu sem væri friðsamlegt. Andrúmsloftið var gott og kona gaf mér brauð sem tákn um vináttu,“ sagði Rust sjálfur frá.

Rust tók ekki eftir liðsmönnum KGB sem nálguðust, tóku viðtöl við fólk og lögðu hald á myndavélar.

Flugvélin var síðan tekin á Sheremetyevo-flugvöll þar sem hún var tekin í sundur til rannsóknar. Rust var færður í hið alræmda Lefortovo-fangelsi KGB. Þar dvöldu allir helstu andófsmenn Sovétríkjanna um lengri eða skemmri tíma. Fangelsið er enn í notkun og notað í dag af SVB, arftaka KGB.

Þegar þarlendir áttuðu sig á undirbúningi flugsins og eins þeim hindrunum sem Rust hafði yfirstigið, trúðu Sovétmenn ekki að flugið væri eins manns verk.

Rannsakendur trúðu því að ferðalag Rusts væri hluti af miklu stærri áætlun. Þeir ásökuðu hann einnig um að hafa orðið sér úti um kort frá CIA eða þýska hernum, sem var fjarri sannleikanum.

Fjölmiðlar settu fram ýmsar tilgátur um ástæðuna. Rust átti að hafa tapað veðmáli, ferðin var farin til að ganga í augun á tiltekinni stúlku, hann átti að hafa dreift bæklingum sem kröfðust lausnar Rudolfs Hess.

Pravda hélt því fram að Rust væri leiksoppur í alþjóðlegu samsæri þar sem reiknað hefði verið með að hann yrði skotinn niður til að koma af stað alþjóðlegu atviki. Það var sama hversu fáránlegar samsæriskenningarnar voru, Sovétmenn sáu ástæðu til að skoða þær allar.

Þann 23. júní 1987 luku Sovétmenn rannsókninni og Rust var ákærður fyrir ólöglega komu inn í landið, að hafa brotið flugreglur og unnið skemmdarverk. Rust lýsti yfir sekt sinni í öllum atriðum nema því síðasta.

Eftir þriggja daga réttarhöld sem lauk þann 4. september komust þrír dómarar að þeirri niðurstöðu að Rust væri sekur af öllum ásökunum og var hann dæmdur til fjögurra ára vistar í áðurnefndu Lefortovo-fangelsi.

Fangelsið sem var og er helsta öryggisfangelsi Rússa, tryggði Rust öryggi. Hann lét lítið fyrir sér fara og fékk ágætan aðbúnað, fékk að vinna í fangelsisgarðinum og foreldrar hans heimsóttu hann á tveggja mánaða fresti.

Þann 3. ágúst 1988, tveimur mánuðum eftir að Reagan og Gorbatsjev náðu samkomulagi um eyðingu á millidrægum kjarnorkuvopnum í Evrópu, ákvað hæstiréttur að láta Rust lausan.

Sögulegt mikilvægi þessa atburðar er mikið. Sergei Sokolov varnarmálaráðherra og Alexander Kolduknov, yfirhershöfðingi loftvarnarmála, viku úr stöðum sínum. Þá voru hundruð foringja rekin eða færð til. Um var að ræða mestu hreinsanir meðal stjórnenda sovéska hersins síðan á Stalíntímabilinu í kringum 1930. Goðsögnin um yfirburði og styrk sovéska hersins beið alvarlegan hnekki meðal þjóðarinnar.

Rust sneri aftur til Þýskalands 3. ágúst 1988 og vakti heimkoma hans gríðarlega athygli á heimsvísu. Það er af Rust að segja að honum hefur gengið illa að finna réttan takt í lífinu. Hann hefur ítrekað komist í kast við lögin. Hann neitaði á sínum tíma að gegna herþjónustu og var í framhaldi dæmdur í þegnskylduvinnu á spítala, þar hreifst hann af ungri hjúkrunarkonu, en sú hrifning var ekki gagnkvæm og stakk Rust stúlkuna ítrekað með hníf og lá hún alvarlega særð eftir. Hann var í framhaldi dæmdur í þriggja ára fangelsi og var látinn laus eftir fimmtán mánaða dvöl. Síðan hefur hann verið handtekinn margsinnis og hlotið endurtekna dóma fyrir þjófnað.

Heimildir

- https://www.youtube.com/watch?v=10SPHevZFZY
- http://www.airspacemag.com
- https://en.wikipedia.org/wiki/

Mathias við réttarhöldin eftir atvikið. NORDICPHOTOS/GETTY

ENSKI BIKARINN | LAUGARDAG 16:30 | 2 SPORT

ÚRSLIT

#EmiratesFACup

SPORTPAKKINN

Tryggðu þér áskrift á aðeins 399 kr. á dag*
11.990 kr. á mánuði

SONAX

2 SPORT BESTA SÆTIÐ

SÍMI 1817 | 365.IS | 365

*miðað við 12 mánaða bindingu

Saga til næsta bæjar

Stefán Pálsson skrifar um skotárás og ráðabrugg



Tilræðið átti sér stað á Pétursstorginu í Róm síðdegis þann þrettánda maí. Ódæðismennirnir voru að öllum líkindum tveir Tyrkir, þeir Mehmet Ali Ağca og Oral Çelik.

Þegar páfinn var skotinn

Vorið 2000 lýsti Jóhannes Páll II því yfir að morðtilræði það sem honum var sýnt nítján árum fyrr, hefði í raun verið boðað í spádómi á árum fyrri heimsstyrjaldarinnar. Samkvæmt því hefði María mey birst þremur barnungum kindasmölum í Portúgal og varað þau við nokkrum af helstu stóratburðum tuttugustu aldar: risi Sovétríkjanna, síðari heimsstyrjöldinni og fyrrnefndu morðtilræði.

Þótt ýmsir kynnu að telja síðastnefnda atburðinn öllu veigaminni en tvo þá fyrri, er hugmyndin um að reynt sé að drepa æðsta trúarleiðtoga heims með köldu blóði á götu úti stórmál í huga kaþólikka. Fátt var meira fjallað um í fjölmiðlum veraldarinnar þessa maídaga árið 1981.

Tilræðið átti sér stað á Pétursstorginu í Róm þann þrettánda maí. Ódæðismennirnir voru að öllum líkindum tveir Tyrkir, þeir Mehmet Ali Ağca og Oral Çelik. Þeir sátu og þóttust önnum kafnir við að skrifa póstkort þegar páfann bar að. Ağca spratt þá á fætur og hóf skothríð. Fjögur skotanna hæfðu páfa, en sköðuðu engin mikilvæg líffæri. Öryggisverðir og gangandi vegfarendur stukku þegar á byssumanninn, afvopnuðu hann og héldu föstum.

Çelik lét sig hverfa, en svo virðist sem hann hafi á síðustu stundu brostið kjark til að beita sinni byssu og kveikja á lítilli sprengju sem þeir félagarnir hugðust sprengja í þeirri von að sleppa í glundroðanum á eftir. Ákafi ítölsku lögreglunnar við að kæra Ağca og fá hann dæmdan sem skjótast olli því hins vegar að saksóknarar skrifuðu hinn tilræðismanninn út úr atburðarásinni og slógu því föstu að Ağca hefði verið einn að verki. Síðar var Çelik handtekinn í Sviss fyrir aðra glæpi eftir að hafa verið á flótta í fjöldamörg ár. Að lokinni afplánun í fangelsi hóf hann þátttöku í stjórnmálum og var kjörinn á tyrkneska þingið. Er talið að meint aðkoma hans að morðtilræðinu 1981 hafi fremur aukið pólitískar vinsældir hans en hitt.

Þeir Ağca og Çelik voru engir nýgræðingar á sviði ofbeldis og morða. Árið 1979 drápu þeir ritstjórann Abdi İpekçi, kunnan baráttumann fyrir mannréttindum, fyrir utan heimili hans í Istanbúl. Çelik slapp en Ağca var handsamaður og dæmdur í lífstíðarfangelsi. Eftir einungis sex mánuði bak við rimla tókst honum hins vegar að sleppa úr haldi með því einfaldlega að ganga út úr fangelsinu í fangavarðarbúningi sem smyglað hafði verið til hans. Þótti flóttinn benda til þess að hátt-sett yfirvöld hafi verið honum innan handar.

Vargöld í Tyrklandi

Ástæður morðsins á ritstjóranum voru pólitískar. Mehmet Ali Ağca var meðlimur í Gráu úlfunum, sem eru í raun vopnaður armur fasíska stjórnmálaflokksins MHP. Báðar hreyfingarnar voru stofnaðar af stjórnmálamanninum Alparslan Türkeş á árunum 1968 til 1969. Hann aðhylltist harða tyrkneska þjóðernisstefnu og taldi sig hinn eina sanna merkisbera stefnu Atatürks. Einkum var flokknum uppsigað við Kúrda og stefndi að útþenslu Tyrklands til að vinna undir sig tyrknesk þjóðarbrot í grannríkjunum.

> SAGÐIST HANN HAFA ÆTLAÐ AÐ DREPA ENGLANDSKONUNG

MHP er um þessar mundir þriðji stærsti flokkurinn á tyrkneska þinginu og fékk 16,3% atkvæða í síðustu þingkosningum. Á liðnum árum hafa áherslur íslamista orðið sífellt veigameiri í stefnu hans. Segja má að flokkurinn gagnrýni Erdogan Tyrklandsforseta úr þveröfugri átt en hinir stjórnarandstöðuflokkarnir, sem gerir það að verkum að útilokað er að stjórnarandstaðan geti sameinast um að ná völdum í landinu.

Gráu úlfarnir héldu úti dauðasveitum sem myrtu vinstrisinnaða stjórnmálamenn, einkum úr röðum Kúrda. Vinstrimenn svöruðu í sömu mynt og má segja að allan áttunda áratuginn hafi ríkt hrein borgarastyrjöld í landinu. Meira en fimm þúsund manns lágu í valnum í þessari óöld, meirihluti þeirra fórnarlömb Gráu úlfanna.

Árið 1980 rændi herinn loks völdum í Tyrklandi, meðal annars undir því fororði að binda enda á hjaðningavígin. Hefur því þó verið haldið fram að áhrifaöfl í hernum hafi beinlínis róið undir ofbeldinu í þeim tilgangi að geta réttlætt valdaránið.

Hvað sem því líður þrengdist staða Gráu úlfanna nokkuð eftir valdatöku hersins og margir meðlimir flúðu til höfuðstöðva hreyfingarinnar í Búlgaríu, en þar starfaði hún á laun í nánum tengslum við tyrknesku mafíuna og aflaði sér meðal annars tekna með heróínsmygli til Evrópu. Mehmet Ali Ağca var meðal þeirra sem fór huldu höfði í Búlgaríu.

Heilaspuni

Eftir að nafn Ağca var fyrst birt í fjölmiðlum eftir tilræðið við páfa upplýsti tyrkneskt dagblað að því hefði einhverjum mánuðum fyrr borist yfirlýsing með undirritun hans. Þar lýsti hann þeirri ætlun sinni að drepa páfann, af þeirri ástæðu að hann væri höfuðpaur í samsæri amerískra heimsvaldasinna og kommúnista. Virtist þar ástæða tilræðisins fundin, þótt ekki gæti hún talist rökrétt eða skynsamleg.

En Ağca reyndist málglaður fangi í gæsluvarðhaldinu. Við yfirheyrslur gaf hann lögreglumönnum stöðugt nýjar og misvísandi upplýsingar um tilefni morðtilræðisins. Í einni yfirheyrslunni sagði hann stjórnvöld í Teheran standa að baki málinu, í annarri skellti hann skuldinni á palestínsku samtökin PLO og í þeirri þriðju að búlgarska leyniþjónustan hafi verið að verki. Samkvæmt einni útgáfunni sagðist hann hafa ætlað að drepa Englandskonung, en þá uppgötvað að Englandi væri stýrt af drottningu og heiðursmenn dræpu ekki konur. Loks sagðist hann vera Jesús endurfæddur og því haft fullan rétt á að skjóta páfann.

Fregnir af yfirheyrslunum láku linnulaust í fjölmiðla og fljótlega sannfærðust flestir um að Ağca væri vísvitandi að spinna sögur til að flækja málin fyrir lögreglunni. Yfirvöld töldu því mikilvægt að ljúka málinu sem allra fyrst. Réttarhöld hófust um tíu vikum eftir tilræðið og tóku aðeins tvo daga. Niðurstaða dómsins var sú að Ağca hefði verið einn að verki og líklega stjórnast af ranghugmyndum. Þessi skjóta afgreiðsla varð þó vitaskuld aðeins vatn á myllu samsæriskenningasmiða um að verið væri að leyna einhverju.

Í ljósi forsögu tilræðismannsins og rökstuddra grunsemda um aðkomu eins eða fleiri meðlima Gráu úlfanna að málinu, er rökréttast að álykta að einhverjar brenglaðar tyrkneskar þjóðernisofstækishugmyndir hafi einfaldlega legið að baki tilræðinu. Margt í hegðun Ağca á seinni árum bendir líka til þess að honum sé hætt við ranghugmyndum. Jóhannes Páll II heimsótti Ağca í fangelsið nokkrum misserum eftir tilræðið og ákvað hann í kjölfarið að þeir páfi væru nánir vinir. Eftir lausn úr fangelsi hefur Ağca meðal annars tekið kaþólska trú, reynt árangurslaust að ná fundi páfa og sent frá sér bækur með ólíkum útgáfum af sögunni, þar á meðal að yfirkardinálinn í Róm hafi staðið á bak við ráðabruggið.

Plottað í Kreml

Ekki hugnaðist þó öllum sú skýring að hálfgerður einfeldningur úr lítt þekktum tyrkneskum hryðjuverkasamtökum hafi meira og minna einum síns liðs nærri tekist að drepa sjálfan páfann – eitthvað annað og meira hlyti að liggja að baki svo veigamiklum atburði. Tilræðið átti sér stað í miðju kalda stríðinu. Jóhannes Páll II var einarður andstæðingur kommúnisma og litu stjórnvöld í Moskvu á kjör hans sem bandaríska fléttu sem miðaðist að því að veikja stöðu kommúnistastjórnarinnar í hinu rammkaþólska Póllandi. Þegar við bættist að Ağca hafði verið langdvölum í kommúnistaríkinu Búlgaríu, þóttust margir sjá augljós tengsl.

Kenningin um að Búlgarar hafi haft milligöngu fyrir Sovétstjórn um að ráða Ağca eða Gráu úlfana til að drepa páfann naut strax nokkurra vinsælda. Samkvæmt þessari tilgátu fengu Búlgarar tyrkneskan fasista til verksins einmitt vegna þess hversu fjarstæðukennd tengingin væri, svo auðvelt yrði að sverja af sér ásakanir ef til þess kæmi. Þótt áþreifanlegar sannanir fyrir kenningunni væru fáar eða engar, sáu vestrænar leyniþjónustur og stjórnmálamenn sér hag í því að hún fengi útbreiðslu og yrði höfð til marks um illsku Sovétmanna og félaga þeirra í Varsjárbandalaginu. Sovétmenn voru á sama hátt viðkvæmir fyrir sögusögnunum, sem þeir óttuðust að myndu enn auka á vandræði þeirra í Póllandi þar sem stjórn Jaruzelskis stóð tæpt vegna víðtækrar andstöðu.

Árið 2006 var nýju lífi blásið í tilgátuna um búlgörsku tenginguna. Kosningar stóðu fyrir dyrum á Ítalíu og lét Berlusconi forsætisráðherra skipa nefnd sem hafði þann tilgang að rannsaka ýmsar aðgerðir Sovétmanna á Ítalíu á árum kalda stríðsins. Niðurstaða nefndarinnar var sú að KGB hefði staðið á bak við morðtilræðið og vakti sú niðurstaða hörð viðbrögð í Moskvu. Flestir litu þó á skýrslu nefndarinnar sem pólitíska brellu, enda var megintilgangur hennar að klína því á Romano Prodi og nokkra aðra pólitíska andstæðinga forsætisráðherrans að þeir hafi verið á launaskrá KGB.

HÁRÆÐASLIT Í ANDLITINU ?
ÞAÐ ER TIL LAUSN - VIÐ FJARLÆGJUM HÁRÆÐASLIT ENDANLEGA Í ANDLITI

PANTAÐU FRÍAN TÍMA
Í SKOÐUN STRAX Í SÍMA
893-0098

Snyrtistofan Hafblik

Hraunbæ 102 • Reykjavík • S. 893 0098 • snyrtistofanhafblik@gmail.com

unicef

Gleðilegan 9. JÚNÍ-CEF!

Fylgstu með beinni útsendingu kl 19:40 á RÚV föstudaginn 9. júní!

Saga Garðarsdóttir, Dóra Jóhannsdóttir, Páll Óskar, Kött Grá Pje, Sigríður Thorlacius, Halldóra Geirharðsdóttir, Ari Eldjárn, Sturla Atlas, Grrrrls, Reykjavíkurdætur, Berglind Festival, Emmsje Gauti, Sigyn Blöndal, Jóhann Alfreð, Bylgja Babýlons, Aron Can, Alvia Islandia, Pétur Jóhann, Ólafur Darri, Glowie, Erpur, Andri Freyr, Hugleikur Dagsson, Ilmur Kristjánsdóttir, Kriðpleir, Halldór Gylfason, Anna Svava, Valdimar, Úlfur Úlfur, Gunnar Hansson, Katla Margrét, Snjólaug, Halla Oddný, Steiney, Hr. Hnetusmjör, Birnir, Gísli Marteinn, Edda Björgvinsdóttir, Alexander Jarl, Björgvin Frans, Sveppi, Björg Magnúsdóttir, Gísli Einarsson, Karó, Sigríður Halldórsdóttir, Kristján Eldjárn, Jón Mýrdal, Sara Dís, Dóri DNA, Auður, Svala Björgvins, Kristbjörg Kjeld, Kristín Þóra Haraldsdóttir, Auðunn Blöndal, Steindi, Ólafía Hrönn, Ragnhildur Steinunn, Between Mountains, Sigurbjartur Sturla, Jóhann Kristófer Stefánsson, Vök, Katrín Halldóra Sigurðardóttir, Improv Ísland, Randver Þorláksson, Hilmir Snær, Heimir Hallgrímsson, Lóa Hjálmtýsdóttir, Bergur Ebbi, Snorri Helgason, Never2L8, Þorvaldur Davíð – og allskonar leynigestir!

#heimsforeldri

unicef.is

DAGUR RAUÐA NEFSINS

09/06/17

vodafone LINDEX KVIKA

FRÁBÆRAR BÆKUR Í FORS



3.
Metsölulisti Eymundsson

Stofuhiti
VILDARVERÐ: 3.599.-
Verð: 4.299.-



Leitin að Alösku
VILDARVERÐ: 3.099.-
Verð: 3.799.-

Þrjár mínútur
VILDARVERÐ: 3.299.-
Verð: 3.899.-



Í skugga valdsins
VILDARVERÐ: 3.299.-
Verð: 3.899.-



Hjálp, barnið mitt er grænmetisæta!
VILDARVERÐ: 2.399.-
Verð: 2.999.-

Náttúrulega sætt
VILDARVERÐ: 3.299.-
Verð: 3.999.-

Rökkurhæðir - Rústirnar
VILDARVERÐ: 2.299.-
Verð: 2.799.-

Risasyrpa - Glóandi gull
VILDARVERÐ: 2.239.-
Verð: 2.799.-



Doktor Proktor og gullránið mikla
VILDARVERÐ: 3.599.-
Verð: 4.299.-

VILDARKLÚBBUR EYMUNDSSON

ÆLUNNI!



Íslensk öndvegisljóð
VILDARVERÐ: 5.999.-
Verð: 6.999.-



Hljóðar raddir
VILDARVERÐ: 3.299.-
Verð: 3.899.-

Sagan af barninu sem hvarf
VILDARVERÐ: 3.299.-
Verð: 3.899.-

1.
Metsölulisti Eymundsson

Litla bakaríið við Strandgötu
VILDARVERÐ: 3.399.-
Verð: 3.899.-



Býr Íslendingur hér?
VILDARVERÐ: 2.199.-
Verð: 2.599.-



Birtan yfir ánni
VILDARVERÐ: 4.899.-
Verð: 5.899.-

Ljóðasafn - Tómas Guðmundsson
VILDARVERÐ: 5.999.-
Verð: 6.999.-

Og aftur deyr hún
VILDARVERÐ: 2.399.-
Verð: 2.999.-



2.
Metsölulisti Eymundsson

Ljótur leikur
VILDARVERÐ: 3.199.-
Verð: 3.999.-

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími vildarverða er til og með 28. maí, eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

FRÉTTABLAÐIÐ

TÍMAMÓT

27. MAÍ 2017 LAUGARDAGUR

90
ára afmæli 28. maí
Guðbjörg Guðmundsdóttir
frá Galtarlæk, Hvalfjarðarsveit,
nú hjúkrunar- og dvalarheimilinu
Höfða, Akranesi.

✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir,
tengdafaðir, afi og langafi,
Hrafn Bachmann
fyrrverandi kaupmaður,
lést á Dvalarheimilinu Sunnuhlíð,
þriðjudaginn 23. maí. Útför hans fer fram í
Kópavogskirkju, þriðjudaginn 6. júní, kl. 15.00.

Steinunn Þórðardóttir

Gunnar Bachmann
Þórður Bachmann
Guðný Bachmann
Guðrún Bachmann
Margrét Sigurðardóttir
Claudia Luckas
Ástgeir Kristjánsson
Isvan Seres
barnabörn og barnabarnabörn.

Nærgætni, hlýja og virðing *Við andlát ástvinar*

Ísleifur Jónsson Útfararstjóri Farsími 821 5353
Steinunn Magnúsdóttir Útfararþjónusta Farsími 861 3441

ÚTFARARSTOFA ÚTR REYKJAVÍKUR
Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
Þjónusta allan sólarhringinn

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi SÍÐAN 1996

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

Sverrir Einarsson

Símar allan sólarhringinn:
581 3300 & 896 8242
Komum heim til aðstandenda og
ræðum skipulag útfarar ef óskað er
www.utforin.is

Kristín Ingólfsdóttir

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

Útfarar- og lögfræðiþjónusta

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.

ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

Útfararstofa kirkjugarðanna
Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | **útför.is**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í sima 512 5000.

Söngleikurinn gerist um borð í skemmtiferðaskipi og fjallar um ástir og örlög farþeganna. MYND/JAMES KENNEDY

Slógu í gegn með söngleik

Unglingar í Höfðaskóla á Skagaströnd hafa sýnt söngleikinn Allt er nú til við góðan orðstír í Fellsborg. Ástrós Elísdóttir leikhúsfræðingur þýddi og leikstýrði verkinu.

Leiklistarlífið blómstrar hér á Skagaströnd þessa dagana. Sýningin Allt er nú til sló í gegn þannig að við bættum við aukasýningum," segir Ástrós Elísdóttir sem er að ljúka öðrum vetri sem kennari í leiklist við Höfðaskóla. „Af 31 krakka í unglingadeild völdu 24 leiklist sem valfag. Auk þess bættust þrír við á lokasprettinum."

Í fyrra setti Ástrós upp Mamma mia! með unglingunum í Höfðaskóla, í harðri samkeppni við Borgarleikhúsið. „Ég vann í Borgarleikhúsinu áður en ég kom hingað og fékk handritið eftir Þórarin Eldjárn lánað, stytti og breytti. Nú fannst mér Anything goes, með tónlist eftir Cole Porter, henta langbest en sá söngleikur hefur aldrei verið settur upp hér á landi og ég sótti um sýningar- og þýðingarrétt til Bandaríkjanna," segir Ástrós sem þýddi verkið og breytti textunum þannig að þeir yrðu sönghæfir.

Ástrós fékk blóm að launum eftir frumsýningu. MYND/STEINUNN KRISTÍN JÓNSDÓTTIR

„Nemendur voru mjög metnaðarfullir og duglegir og leikmynd sem Trésmiðja Helga Gunnars setti upp með krökkunum var glæsileg. Svo hjálpuðumst við að með hár og förðun, krakkarnir voru nýbúnir að keppa í Stíl, á vegum Samfés, þar sem þeir tóku 1. sætið fyrir förðun."

Ástrós var í söngsveitinni Rokklingunum sem barn. Nú er hún leikhúsfræðingur, lærður leiðsögumaður og er að ljúka meistaranámi í ritlist – með vinnunni. Hún kveðst engin tengsl hafa haft við Skagaströnd áður en hún flutti þangað. „Maðurinn minn er sjávarlíffræðingur og fékk góða vinnu hér þannig að við slógum til. Nú eigum við átta mánaða barn og hann var í fæðingarorlofi meðan mesta törnin var hjá mér með unglingunum." **gun@frettabladid.is**

✝

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar,
amma og langamma,
Jónína Erna Guðlaugsdóttir
Kirkjulundi 12, 210 Garðabæ,
sem lést þann 20. maí 2017 á
Hjúkrunarheimilinu Ísafold, verður
jarðsungin frá Garðakirkju Álftanesi,
mánudaginn 29. maí 2017, kl. 15.00.

Ágúst Kristmanns
Ingi Kristmanns
María Kristmanns
Guðlaugur Kristmanns
Sigríður Kristmanns
Hrefna Þórarinsdóttir
Eva Garðarsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

✝

Okkar ástkæra móðir, tengdamóðir,
amma og langamma,
Dóra Ottesen Jósafatsdóttir
áður til heimilis að
Ljósheimum 6 í Reykjavík,
lést á hjúkrunarheimilinu Mörk þann
24. maí. Jarðarförin verður auglýst síðar.

Erla Haraldsdóttir
Jóna Haraldsdóttir
Thelma Sigurðardóttir
Hrönn Sigurðardóttir
Margrét Gunnlaugsdóttir
Halldór Gunnlaugsson
Sigurður Einarsson
Jón Otti Jónsson
Haraldur V. Haraldsson
Sigurhans Vignir
Hildur Sveinsdóttir
og barnabarnabörn.

✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð
og hlýhug vegna andláts og útfarar
Guðrúnar Helgu Karlsdóttur
Sérstakar þakkir fá starfsmenn Eirar,
3. hæð norður, fyrir einstaka þjónustu
og umönnun.

Kristín Gyða Jónsdóttir
Inga Dóra Jónsdóttir
Guðjón Már Jónsson
Valur Valtýsson
Ólafía Þórunn Stefánsdóttir
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.

Ástkær faðir minn, sonur,
bróðir, mágur og frændi,
Guðmundur Guðmundsson
Nátthaga 16, Skagafirði,
lést 15. maí.
Útförin fer fram frá Fossvogskirkju
þriðjudaginn 30. maí kl. 13.

Sandra Hlín Guðmundsdóttir
Ágúst Fannberg Friðgeirsson
Torfi Gunnþórsson
og frændsystkin.
Fjóla Svavarsdóttir

„Draumsýnin sem byggði á jafnrétti til náms lifir á þrítugasta afmælisári skólans,“ segir Valgerður sem situr hér aftan við nokkra af 120 nemendum Tónstofunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Hápunktur afmælisársins

Þrjátíu ára afmæli Tónstofu Valgerðar og tuttugu ára afmæli Bjöllukórs Tónstofunnar verður minnst með hátíðartónleikum í Salnum í Kópavogi á morgun, 28. maí.

Við ætlum að gera okkur glaðan dag á morgun, sunnudag, og halda flotta tónleika í Salnum klukkan 15. Þeir eru hápunktur listviðburða sem við köllum einu nafni Hljómvang og eru haldnir í tilefni 30 ára afmælis Tónstofunnar og 20 ára afmæli Bjöllukórs hennar,“ segir Valgerður Jónsdóttir, skólastjóri Tónstofu Valgerðar. Hún segir góða gesti koma fram á tónleikunum og nefnir Unnstein Manuel Stefánsson, nemendur úr Skólahljómsveit Austurbæjar undir stjórn Vilborgar Jónsdóttur og strengjasveit frá Tónskóla Sigursveins undir stjórn Helgu Þórarinsdóttur. Auk þess stíga að sjálfsögðu nemendahópar Tónstofunnar og Bjöllukórinn á svið.

Eins og Valgerður nefndi verður áðurnefndum afmælum fagnað með ýmsu móti á árinu. Til dæmis segir hún Bjöllukórinn ætla að gefa út hljómdisk og mynddisk undir merkjum Hljómvangs.

Í Tónstofu Valgerðar hafa forgang einstaklingar sem þarfnast sérstaks stuðnings í tónlistarnámi sínu vegna fatlana eða sjúkdóma og hafa ekki greiðan aðgang að öðrum tónlistarskólum. „Tónlistarnám stuðlar að alhliða þroska, lífsfyllingu og lífsgleði og getur rofið einangrun. Kennsluaðferðirnar hjá okkur taka mið af þörfum og óskum hvers nemanda. Þeir geta lagt stund á hefðbundið tónlistarnám og svo er alls konar tónlistariðkun í boði sem eflir alhliða tjáningarfærni og veitir sköpunarþörfinni útrás,“ segir Valgerður. „Draumsýnin sem byggði á jafnrétti til náms lifir á þrítugasta afmælisári skólans,“ bætir hún við og segir 120 nemendur á öllum aldri skráða í skólann á þessu ári af öllu höfuðborgarsvæðinu.

> **Kennsluaðferðirnar hjá okkur taka mið af þörfum og óskum hvers nemanda. Þeir geta lagt stund á hefðbundið tónlistarnám og svo er allskonar tónlistariðkun í boði**

Heimsóknir og ferðalög eru á döfinni hjá nemendum og kennurum Tónstofunnar. Valgerður lýsir því. „Um miðjan júní fær skólinn í heimsókn til sín kór og dansara frá lista- og menningarskóla bæjarins Gjøvik í Noregi og í lok júní mun nemendahópur frá Tónstofunni halda til Lettlands og taka þátt í Jónsmessuhátíð með hljóðfæraslætti og söng, ásamt finnskum og lettneskum nemendum sem heimsóttu okkur í október.“

Starfsemi Tónstofunnar hófst í smáum stíl hjá dagvist Sjálfsbjargar í Hátúninu undir verndarvæng Steinunnar Finnbogadóttur, þáverandi forstöðukonu. Frá 1987 til 2000 starfaði Tónstofan í samvinnu við Tónmenntaskóla Reykjavíkur þar sem Valgerður Jónsdóttir byggði upp sérdeild fyrir nemendur sem þurftu sérstakan stuðning. Fljótlega mynduðust langir biðlistar en stækkun sérdeildar samræmdist ekki framtíðarsýn Tónmenntaskólans á þeim tíma.

Bjartsýnir og baráttuglaðir foreldrar tóku höndum saman haustið 2000, stofnuðu Foreldra- og styrktarfélag Tónstofunnar og með lög um málefni fatlaðra, reglugerðir og aðalnámskrá tónlistarskóla í farteskinu hófst barátta fyrir jafnrétti til náms. Sérstakt samþykki menntamálaráðuneytisins á rekstri Tónstofunnar sem tónlistarskóla fékkst í ágúst 2004.

gun@frettabladid.is

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Hallgerður Pálsdóttir

Lautasmára 3, Kópavogi,

er látin. Útför hennar fer fram frá Háteigskirkju miðvikudaginn 31. maí kl 13.00.

Páll Halldórsson
Ásta Halldórsdóttir
Elín Ýrr Halldórsdóttir
Ólöf Eir Halldórsdóttir
Sólveig Ásgrímsdóttir
Einar Erlendsson
Jenni Guðjón Clausen
barnabörn og barnabarnabörn.

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Sigurveig Þórarinsdóttir

Gógó

Hófgerði 18, Kópavogi,

lést þann 24. maí sl.

Þórarinn Baldursson
Jóhanna Ingvarsdóttir
Gunnar Baldursson
Birta Einarsdóttir
Guðrún Reynisdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Móðir okkar og tengdamóðir,

Steinunn Ástgeirsdóttir

Ártúni 8, Selfossi,

verður jarðsungin frá Selfosskirkju þriðjudaginn 30. maí klukkan 14.00.

Fyrir hönd aðstandenda,

Arndís Ásta Gestsdóttir
Sigríður Gestsdóttir
Jóna Bryndís Gestsdóttir
Garðar Gestsson
Margrét Gestsdóttir
Sigrún Gestsdóttir
Þorsteinn Árnason
Hrafnkell Karlsson
Gunnar Vilmundarson
Inga Þóra Karlsdóttir
Hörður Viðar Ingvarsson
Guðgeir Veigar Hreggviðsson

Ástkær faðir okkar, sonur, bróðir og afi,

Haukur Hannesson

rafvirki,

lést á Landspítalanum við Hringbraut þann 19. maí. Útför hans fer fram í Bústaðakirkju, þriðjudaginn 30. maí kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hans er bent á að styrkja forvarnarstarf SÁÁ, kennitala 521095-2459, bankareikningur 0116-26-452.

Sonja Berglind Hauksdóttir, Íris Hauksdóttir, Hannes Vigfússon, Ómar Hannesson, Elín Hannesdóttir, Baldur Hannesson, Bryndís Hannesdóttir og barnabörn.

Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Stellu Þórdísar Guðjónsdóttur

Sólheimum 32, Reykjavík,

sem andaðist þriðjudaginn 2. maí og jarðsett var 19. maí. Sérstakar þakkir til starfsfólks Fríðuhúss, Austurbrún 31, fyrir einstaka hjúkrun, alúð og umhyggju.

Ómar Sigurðsson
Bára Sigurðardóttir
Erla Sigurðardóttir
Sigurbjörg Karlsdóttir
Kristján O. Þorgeirsson
Jón Arnar Sverrisson
barnabörn og barnabarnabörn.

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Ingveldur Guðmundsdóttir

lést á Hrafnistu, Reykjavík, 22. maí sl. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju föstudaginn 2. júní kl. 13.00.

Kristján Ólafsson
Guðrún Þóra Ólafsdóttir
Sigurður Ingi Ólafsson
Kristjana L. Rasmussen
Hjördís Ólafsdóttir
Unnur Ólafsdóttir
Áslaug Friðriksdóttir
Ólafur Valberg Skúlason
Ove Lehmann Rasmussen
Halldór Ingvason
Stefnir Helgason
barnabörn og langömmubörn.

Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

Ingibjörg Arngrímsdóttir

Holtateigi 5, Akureyri,

lést á Dvalarheimilinu Hlíð, miðvikudaginn 24. maí. Útförin verður auglýst síðar.

Gunnar Kristinsson
Gígja Gunnarsdóttir
Úlfar Gunnarsson
Ólafur Halldórsson
Vilborg Jóhannsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Þökkum auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa,

Þórarins Bjarnasonar

Stekkjarhvammi 46, Hafnarfirði.

Kristín Karólína Stefánsdóttir
Bjarni Þórarinsson
Ragnhildur Þórarinsdóttir
Guðbjörg Þórarinsdóttir
Sigurður Þ. Guðjónsson
Bjarni Antonsson
og barnabörn.

Faðir okkar, bróðir, afi og langafi,

Jón Jóhannesson

læknir,
Furugrund 11, Akranesi,

lést á Sjúkrahúsi Akraness 20. maí. Útför hans fer fram frá Akraneskirkju miðvikudaginn 31. maí kl. 13. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Sjúkrahús Akraness.

Ómar Örn Ragnarsson
Vilborg Ragnarsdóttir
Hulda Jóhannesdóttir
og fjölskyldur.

Innilegar þakkir og hlýhugur til allra sem sýndu okkur samúð, vináttu og hlýju vegna andláts ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Elínar Kristbergsdóttur

Lækjargötu 32, Hafnarfirði.

Kristján S. Sigurgeirsson
Friðrik Friðriksson
Herborg Friðriksdóttir
Guðrún Helga Sigurðardóttir
Guðjón Ágúst Sigurðarson
barnabörn og barnabarnabörn.

KROSSGÁTA & ÞRAUTIR

LÁRÉTT

1 Þjónusta við marga herra skerðir tíma fyrir börn og buru (13)
10 Yfirdrifinn gull-hlýri er óþarfur bónus (8)
11 Útbý skilyrði fyrir skilyrðum (13)
13 Sjafna sárust þrá er að eignast konu (8)
14 Flúðu Hlemm vegnar örtraðar helgarinnar (11)
15 Letur Sigrún og hennar prik (10)
16 Leiðin langa liggur næstum því þangað (11)
17 Lás Njarðar og aðrir slíkir eru rammgerðir (10)
23 Í stíl við smáflöskurnar sem báru okkur boð hinna dauðu (12)
28 Veiðivísur úr safni fiskvinnslufyrirtækis (9)
29 Reykja nafnlausir oft fyrir ranglátan mann? (12)
31 Ídrepan úr landnorðri leitar allra hinna (7)
32 Minnir á lambið sem var borið í sláturtíðinni (12)
33 Lúra á mysu og 37% brennisteinssýru (9)
34 1 af 10 veröldum rennur til jarðeiganda (10)
35 Sakna lyktar hrúgunnar og blómsins (11)
41 Elska þetta haf og rannsaka rót ákveðinna galla á því (11)
45 Sker fjötra án eldhúsáhalda (8)
46 Svei sælgætinu og viðnámslausu stuðinu sem slær allt út! (13)
47 Bára banvæna og hennar blóðugi ferill (8)

LÓÐRÉTT

1 Mettuð mætti þeirra sem ráða sér sjálf (9)
2 Ofboðslega full og yfirdrifin eftir því (9)
3 Það vantar meiri hlýju í garðyrkjuna (9)
4 Svona skrifaði nóbelskáldið um strákana (9)
5 Arna flýði froðusnakkinn (9)
6 Hálfgert skítadjobb þessi undirbúningur (8)
7 Finn fólk fyrir guðstrú og góðan skikk (8)
8 Arkar á fund við fljót (8)
9 Taka upp allt utan ergelsis (8)
12 Leiðindaleiði gera þau afundin að sjá (7)
18 Stend jafnfætis kóngadrósum og hvers kyns sósum (9)
19 Fékk heilmikið fé til að rannsaka afl jötna (9)
20 Læt sem ég geri það sem atvinnuleikari stundar (9)
21 Eitra blund með hermdargjöf tsetseflugunnar (9)
22 Sparaðu ruglið og gerðu þetta með hjálp þeirra í 45 lárétt (8)
24 Er heimssýn fólks söm á ystu töngum og innstu dölum? (8)
25 Sinni sama fjölda á brjáluðum vöktum (9)
26 Framfarir í réttarríkinu bæta litla leppa (9)
27 Andi mótlætis mun alltaf ergja fólk (9)
30 Tómið neitar þýskum iðnaðarstaði á þýsku (7)
36 Stöðvið það sem slegið er (5)
37 Lof um hinn svokallaða risa er ýkt (5)
38 Rugl um að rándýr geti breyst í flúru (5)
39 Staupa sig í stórri stofu í litlu húsi (5)
40 Þessi netgildra er besti vinur krossgátusmiðsins (5)
42 Masa um mæðiveiki mannanna (4)
43 Sker steinbít svo hann verði bolti (4)
44 Muna: ekki vera sínk, það er bara rugl! (4)



LAUSNARORÐ Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist græja sem margir þykjast ekki geta verið án í dag (11). Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 2. júní næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „27. maí“.

Lausnarorð síðustu viku var
ÞUMALFINGUR

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

LÉTT

			4				6	9
9			2	6		5		
2		7		9			1	4
					8			3
	9			7	4		8	1
	4	3				7		
4		9	5					
	5			8	2			
	2		7					

MIÐLUNGS

1			3	4		2	6	8
				6	9			
	5			1		7		
					4	8	2	
8	1	4				3		
			5		6			
4				7		5	1	
	3							2
6		9						

ÞUNG

	6						7	
	5		7		6		8	2
4								
9	7		4				3	
5	4	6					9	
				9		1		
1		4			8			
	3		9					7
	8						5	

FORLAGIÐ

VEGLEG VERÐLAUN
Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Raddir úr húsi loftskeytamannsins eftir Steinunni G. Helgadóttur** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Hallfríður Frímanns, Reykjavík**

7	9	6	3	5	2	1	4	8
8	3	5	4	9	1	2	7	6
1	2	4	6	7	8	3	9	5
2	4	9	8	3	6	5	1	7
3	5	8	1	2	7	4	6	9
6	7	1	5	4	9	8	2	3
9	1	3	7	8	4	6	5	2
4	8	2	9	6	5	7	3	1
5	6	7	2	1	3	9	8	4

7	8	4	2	3	6	5	1	9
9	2	6	1	5	8	7	3	4
5	3	1	7	9	4	6	8	2
4	9	3	5	6	1	8	2	7
1	5	8	4	7	2	9	6	3
2	6	7	9	8	3	1	4	5
6	1	9	3	2	7	4	5	8
3	4	5	8	1	9	2	7	6
8	7	2	6	4	5	3	9	1

8	7	3	5	9	2	6	1	4
4	5	9	3	6	1	8	2	7
1	6	2	7	4	8	5	9	3
9	3	1	6	5	4	7	8	2
5	2	4	9	8	7	1	3	6
6	8	7	1	2	3	4	5	9
3	9	5	8	7	6	2	4	1
7	4	8	2	1	9	3	6	5
2	1	6	4	3	5	9	7	8

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Skák Gunnar Björnsson

Unzicker átti leik gegn Saraapu á Ólympíuskákmótinu árið 1970.
Hvítur á leik
1. Dg8+! Hxg8 2. Rf7# 1-0.
Aðalfundur SÍ fer fram í húsnæði Taflfélags Reykjavíkur, Faxafeni 12, í dag.
www.skak.is: Meistaramót Skákskólans í gangi.

Bridge Ísak Örn Sigurðsson

Reykvískur sigur í Kjördæmamótinu

Kjördæmamótið fór fram um síðustu helgi á Hellu. Kjördæmi Suðurlands var gestgjafi á mótinu og veðrið skartaði sínu fegursta þegar mótið fór fram um liðna helgi. Mörg kjördæmi voru í baráttu um efsta sætið en lið Reykjavíkurkjördæmis skoraði vel í þremur síðustu umferðunum og tryggði sér sigurinn með þó nokkrum mun. Lokastaða efstu sveita varð þannig að Reykjavík fékk 428,47 stig, kjördæmi Austurlands hafnaði í öðru sæti með 401,18 stig og kjördæmi Norðurlands Vestra fékk 399,01 stig. Spil dagsins er úr sjöundu umferð mótsins. Að vonum enduðu nánast allir sagnhafanna í geimsamningi í hjörtum á NS hendurnar (allir nema einn) en Gunnlaugur Karlsson í sveit Reykvíkinga teygði sig lengra, alla leið í hjartaslemmu. Hann ákvað að hefja sagnir á einu hjarta í norður. Norður var gjafari og AV á hættu:

Norður
♠ K82
♥ Á9875
♦ 8
♣ DG43

Vestur
♠ D103
♥ 106
♦ D106
♣ K9752

Austur
♠ G9764
♥ K
♦ Á94
♣ Á1064

Suður
♠ Á5
♥ DG432
♦ KG7532
♣ -

Suður var eðlilega áhugasamur um háan samning eftir opnun norðurs og linnti ekki látum fyrr en í 6 ♥ sem var lokasamningurinn. Austur (Færeyingurinn Sakaris Joensen) ákvað að hefja leikinn á tígulásnum. Hann spilaði svo spaða sem Gunnlaugur drap á ás í blindum. Hann spilaði hjartadrottningu og lagðist í feld eftir hjartasexuna frá vestri. Gunnlaugur Karlsson er þekktur fyrir að fara óvenjulegar leiðir, bæði í sögnum og úrspili. Hann ákvað að fara upp með hjartaásinn og gladdist mjög þegar kóngur birtist hlýðinn í slaginn. Úrspilið úr afganginum í spilinu var einfalt vegna hagstæðrar tígullegu. Punktalítil hjartaopnun borgaði sig svo sannarlega í þessu tilfelli.

Í KVÖLD KL. 21:35

ROBERT DE NIRO
SEM BERNIE MADOFF

MICHELLE PFEIFFER
SEM RUTH MADOFF

THE WIZARD of LIES

Aðeins þeir sem
þú treystir,
geta svikið þig.

HBO

© 2017 Home Box Office, Inc. All rights reserved. HBO® is a registered trademark and service mark of Home Box Office, Inc.

Konráð og félagar á ferð og flugi 251

Bragi Halldórsson

„Þetta er nú meira veggskriflið," sagði Kata, þar sem þau komu að hlaðinni steingirðingu. „Hér vantar nánast annan hvern stein," bætti hún við með fyrirlitningu. „En hann er nú bara að verða gamall," sagði Konráð. „Það gerir hann ekki endilega að vondum vegg, bara laslegum," bætti hann við. „Það vantar til dæmis ansi marga steina í þetta gat hérna fyrir framan okkur," sagði Kata og hélt áfram að úthúða veggnum. Konráð varð að viðurkenna að það vantaði jú ansi marga steina í þetta gat. „En við verðum að troða okkur í gegnum það ef við ætlum að komast eitthvað áfram," sagði Kata. „Spurning hvort það vanti það marga steina að við komumst í gegnum gatið," bætti hún við.

Hversu marga steina skyldi vanta?

Getur þú talið þá? Eru þeir:

A 20
B 25
D 30

Svar: B

Gátur

Hver eru þau fjögur mannanöfn sem þú sérð út um gluggann?

Hvað er það sem er minna en mús og hærra en hús?

Hvar finnur þú vegi án bíla, skóg án trjáa og borgir án húsa?

Hvaða tröll eru til í raunveruleikanum?

Hvað heyrir án eyrna, talar án munns og svarar á öllum tungumálum?

Svör: Loftur, Stígur Steinn, Máni Eldur
Á landakorti, Tryggðatröll, Bergmálið

Hörður Valur, Úlfur Ægir, Brynjar Bragi, Jón Sölvi og Ari Páll hafa fundið góða ástæðu til að vera úti og hreyfa sig. Einn fær þó stundum að hvíla lúin bein í bílnum. Hér er það Brynjar Bragi. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR ÁRNASON

Bjóða kassabílaferðir

Fimm framtakssamir drengir í fimmta bekk Háteigsskóla hafa smíðað tvo kassabíla og sá þriðji er á teikniborðinu. Þeir hafa stofnað fyrirtæki og skutla krökkum milli Háteigsskóla og heim.

Þeir Hörður Valur Reynisson, Úlfur Ægir Halldórsson, Brynjar Bragi Einarsson, Jón Sölvi Magnússon og Ari Páll Egilsson hafa stofnað fyrirtæki utan um kassabílarekstur.

Ari Páll: Þetta byrjaði allt á teikningu þegar ég var í sumarbústað, þar kviknaði hugmyndin að því að smíða kassabíl. Nokkrum mánuðum seinna fannst okkur, mér og vinum mínum, upplagt að byrja, Jón Sölvi var alveg til í það, Hörður styrkti okkur mjög mikið og líka Brynjar.

Úlfur Ægir: Ég kom ekki inn í þetta dæmi fyrr en nýlega. Eiginlega bara fyrir svona mánuði.

Hvar fenguð þið efnið?

Ari Páll: Hér og þar, sumt í bílskúrum heima hjá okkur og dekkin eru af barnavagni sem við fundum í Góða hirðinum.

Brynjar: Bíllinn var eiginlega ekki kominn á götuna fyrr en í síðasta mánuði. Það tók allt sinn tíma. Svo erum við alltaf að endurbæta og gera við.

Ari Páll: Stuðarinn er til dæmis nýr núna og dekkin voru alltaf að detta af til að byrja með en það er komið í lag.

Nú fara þeir félagar að spjalla um gang verksins sín á milli og inn í það fléttast vatnsblöðrustríð sem gekk ekkert of vel því enginn þeirra kunni að hnýta hnúta á blöðrurnar.

Jón Sölvi: Svo ákváðum við að halda áfram að smíða kassabíla og erum búnir með annan. Hann er núna inni í skúr í smá viðgerð en hann er finn.

Úlfur Ægir: Já, við erum nefnilega búnir að stofna fyrirtæki sem snýst aðallega um að skutla börnum heim úr Háteigsskóla á kassabílum. Þá stýrir farþeginn og við ýtum. Túrinn kostar 50 til 100 krónur, eftir vegalengd. Við auglýsum þessa þjónustu í skólablaði Háteigsskóla.

Brynjar: Kassabíll númer tvö er með sæti og skotti, við notum þetta skott fyrir yngri krakka. Stundum köllum við upp að við séum að selja ferðir og einu sinni komu tveir litlir krakkar til okkar með mömmu sinni og langaði ógeðslega mikið að fara í bíltúr. „Nei, við erum ekki að fara að kaupa kassabíl," sagði mamman en við útskýrðum að við værum bara að selja ferðir. Hún sagði að krakkarnir gætu ekki stýrt en við sýndum henni skottið og græddum alveg dálítið á þessu.

Ferðist þið mikið í þessum bíl sjálfir?

Jón Sölvi: Já, mjög mikið. Við gerðum hann upphaflega handa okkur. Leigubílahugmyndin kom seinna.

Hörður Valur: Nýjasti kassabíllinn á að vera með keðju og pedölum svo enginn þurfi að ýta. Við eigum sko orðið um 1.000 kall í bauknum okkar sem við getum keypt efni fyrir.

LEXUS OG EGILS APPELSÍN

kynna með stolti

Síðast seldist upp á ferna tónleika!

Sissel

ELDBORG HÖRPU

20. DESEMBER KL. 18 OG 20.30

MIÐASALA Á HARPA.IS/SISSEL

LEXUS

Egils APPELSÍN

MIÐASALA Á HARPA.IS/SISSEL OG Í SÍMA 528 5050.
NÁNARI UPPLÝSINGAR: SENA.IS/SISSEL

sena LIVE!

VEÐUR & MYNDASÖGUR

Veðurspá Laugardagur



Hæg suðlæg eða breytileg átt. Þurrt og bjart veður austanlands, en sums staðar dálítilar skúrir vestan til, og einnig í innsveitum norðanlands síðdegis. Hiti 8 til 17 stig, hlýjast í innsveitum norðaustan til.

Heimurinn

Kaupmannah. 24°	Oslo 25°	Stokkhólmur 25°	Gautaborg 22°	Helsinki 9°	Þórshöfn 10°	Nuuk 0°
London 25°	Amsterdam 27°	París 30°	Berlín 24°	Madrid 31°	Brussel 29°	Róm 29°
Boston 13°	New York 16°	Orlando 21°	Moskva 15°	Singapúr 28°	Tókýó 17°	Sydney 15°

ÚT Í HEIM MEÐ OKKUR!

SIGLING KEISARALEIÐIN
30. júlí - 09. ágúst | 10 nætur
Moskva-Pétursborg

GEORGIA OG AZERBÆDSJAN
9. - 19. september | 10 nætur

SILKILEIÐIN MIKLA í Mið-Asíu
7. - 19. október | 12 nætur

Bjarmaland ferðaskrifstofa
www.bjarmaland.is sími 770 50 60
bjarmaland@bjarmaland.is

Reykjavík

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
8° ↘3	11° ↖7	9° ↖7	10° ↖8	11° ↖6

Ísafjörður

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
3° ←7	2° ↙7	4° ←9	4° ←10	4° ←8

Akureyri

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
9° ↓4	4° ↓5	10° ←5	6° ←7	6° ←4

Egilsstaðir

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
12° ↙2	10° ↘2	7° ←8	4° ↙5	4° ↓7

Kirkjubæjarklaustur

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
8° ↑3	11° ↖6	9° ←8	9° ←10	7° ←9

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



TAX FREE DAGAR

26.-29. MAÍ

weather report™

VIKING

Verðdæmi
verð frá
4.031
verð áður
4.999

*Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 24% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 19,36% er alfarið á kostnað Hagkaups.

Glæsilegt úrval af
pollagöllum, einlitum og munstruðum í 3 litum. Með og án flís.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Kannski svar bókmenntanna við samtímanum

Aðþjóðlega ráðstefnan NonfictioNow fer fram í Reykjavík í næstu viku og þar er fjallað um öran uppgang sannsögulegra bókmennta í heiminum. Rúnar Helgi Vignisson er einn aðstandenda ráðstefnunnar og honum tókst með íslensku leiðinni og landsliðinu að fá hingað norsku stjörnuna Karl Ove Knausgaard.

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Það má kannski segja að þessi ráðstefna sé afleiðing af uppgangi bókmennta af þessu tagi, ekki síst vestan hafs," segir Rúnar Helgi Vignisson, rithöfundur, þýðandi og dósent í ritlist við Háskóla Íslands. Ráðstefnan sem um ræðir er alþjóðleg og kallast NonfictioNow og verður haldin í Reykjavík dagana 1. til 4. júní næstkomandi en þar er fjallað um óskálduð skrif af ýmsum toga.

Rúnar Helgi segir að háskólar erlendis hafi brugðist við aukningu skrifa af þessum meiði með því að stofna sérstakar deildir í kringum þessa ört vaxandi bókmenntagrein. „Robin Hemley, sem stýrði einni þekktustu deildinni í þessum geira við háskólann í Iowa, stofnaði þessa ráðstefnu árið 2005 og hún hefur vaxið ört síðan og ferðast víða. Þetta er í fyrsta skipti sem hún kemur til Evrópu og við megum vera stolt af því."

Aðgengilegur sannleikur

Rúnar Helgi segir að í dag sé þetta einn helsti vettvangur umræðu um þessa tegund af skrifum. „Bókmenntir sem þessar njóta æ meiri vinsælda og mér er sagt að það sé orðið auðveldara að koma óskálduðum bókum á framfæri enda seljist þær betur en skáldskapurinn. Þessi ráðstefna er að mestu helguð því sem ég hef kallað sannsögur og er mín tilraun til þess að þýða hugtakið creative non-fiction. Hugtak sem varð til á níunda áratugnum í Bandaríkjunum sem eins konar framhald af nýju blaðamennskunni eða new journalism. Þar voru menn farnir að skrifa blaðagreinar þar sem efninu var breytt í sögu og nýttu sér þannig frásagnaraðferðir skáldskaparins til þess að gera efnið aðgengilegra."

Rúnar Helgi Vignisson segir að það sé orðið auðveldara fyrir höfunda að ná í gegn með sannsögunni en ýmsum öðrum formum bókmenntanna enda vinsældir formsins ört vaxandi vestan hafs og víðar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Rúnar Helgi segir að í dag séu í raun fjölbreyttar bókmenntir sem falli innan þessarar greinar. Heimildarbókmenntir, ævisögur, ferðasögur, ljóðrænar ritgerðir og fleira. „Menn eru til að mynda farnir að beita ýmsum stílbrögðum við ævisagnaskrifin, sviðsetningar og samtöl eru orðin algengari svo dæmi sé tekið. Þannig hefur þetta haft mikil áhrif á ævisögur sem eru orðnar líkari skáldsögum aflestrar. Það er því kominn skapandi þáttur inn í þessi óskálduðu skrif og um leið eru skáldin farin að ryðja sér mikið til rúms á þessum vettvangi. Að lesa þessar bækur er oft mjög svipað því að lesa skáldskap enda eru þarna stíltilþrif og rými fyrir hið skáldlega þó að lögð sé áhersla á að þetta eigi allt að vera sannleikanum samkvæmt."

Rúnar Helgi bendir á að jafnvel vísindamenn séu farnir að nýta sér þessar aðferðir til þess að koma sínum fræðum á framfæri. „Sumir þeirra hafa orðið heimsfrægir eins og Stephen Hawking og ég vil einnig halda því fram að velgengni Andra Snæs með Draumalandið sé að miklu leyti því að þakka að hann nýtir sér aðferðir sannsögunnar."

Knausgaard og einkalífið

Það koma mjög athyglisverðir gestir til með að taka þátt í NonfictioNow ráðstefnunni og þar á meðal er norski rithöfundurinn Karl Ove Knausgaard sem hefur vakið heimsathygli fyrir verk sín á undanförnum árum. „Það trúði nú enginn í ráðstefnustjórninni að okkur mundi takast að fá Knausgaard þegar ég stakk upp á honum. En það tókst fyrir milligöngu rithöfundarins og fræðimannsins Bergsveins Birgissonar sem býr í Noregi. Þetta var rétt fyrir EM í fótbolta í fyrra og Knausgaard samþykkti strax og sagði: Áfram Ísland!" segir Rúnar Helgi og hlær. „Það er kannski enn ein jákvæð afleiðan af velgengni íslenska karlalandsliðsins í fótbolta að nú er Knausgaard að koma hingað á ráðstefnu enda kemur fram í bókunum hans að hann hafi haft gaman af að spila fótbolta."

> **HÚN BJÓ LENGI Í WYOMING OG SKRIFAÐI MIKIÐ UM KÚREKANA ÞAR OG ÉG HELD AÐ TENGSL HENNAR VIÐ NÁTTÚRUNA GETI HÖFÐAÐ MIKIÐ TIL ÍSLENDINGA. EKKI SPILLIR AÐ HÚN SKRIFAR FÁDÆMA LJÓÐRÆNAN OG FALLEGAN TEXTA.**

Knausgaard er vissulega eitt heitasta nafnið í heiminum í þessum geira og það hafa víða um heim spunnist miklar umræður um verk hans. Rúnar Helgi segir að maður geti velt vöngum yfir því af hverju skrif af þessu tagi verði til. „Kannski er þetta svar bókmenntanna við raunveruleikasjónvarpi, samfélagsmiðlum og öðru slíku. Vegna þess að hann skrifar um líf sitt nánast jafnóðum og það gerist og lýsir því í svo miklum smáatriðum og af svo mikilli færni er engu líkara en maður sé á staðnum. Hann er auðvitað mjög umdeildur og fer alveg öfugt ofan í suma en mér finnst að þegar honum tekst vel upp skrifi hann heimsklassa texta." Þess má geta að forlagið Sagarana hyggst gefa úr fyrsta kaflann í Min Kamp, eftir Knausgaard, í tvímálaútgáfu með íslenskri þýðingu Kristjáns Breiðfjörðs, í tengslum við ráðstefnuna."

Náttúran og Ísland

En það koma einnig fleiri erlendir og spennandi höfundar á ráðstefnuna og má þar nefna Aisha Sabatini Sloan, en skrif hennar um kynþáttamál og fleiri málefni líðandi stundar hafa hlotið mikið lof. Einnig má nefna Gretel Ehrlich en Rúnar Helgi var einmitt rétt nýbúinn að taka á móti henni til landsins. „Það var gaman að taka á móti henni því hún er veðraður höfundur. Það sér maður ekki oft í hópi rithöfunda en hún minnti mig helst á Rax enda hefur hún verið talsvert á Grænlandi og hefur skrifað bók um Grænland. Hún er þó þekktust fyrir bókina Solace of Open Spaces, sem er einhver fegursti bókartitill bandarískra samtímabókmennta. Hún bjó lengi í Wyoming og skrifaði mikið um kúrekana þar og ég held að tengsl hennar við náttúruna geti höfðað mikið til Íslendinga. Ekki spillir að hún skrifar fádæma ljóðrænan og fallegan texta."

Rúnar Helgi segir að enn geti allt áhugafólk um bókmenntir skráð sig á ráðstefnuna í gegnum heimasíðuna NonfictioNow.org. „Að auki opnum við fyrir aðalfyrirlesarana fjóra sem verða í Hörpu og það geta allir keypt sig inn á þá fyrirlestra á vægu verði og við höfum þar rými fyrir allt að 400 manns umfram ráðstefnugesti. Það er kjörið tækifæri fyrir almenning sem hefur áhuga á bókmenntum að heyra aðeins í þessum snillingum í skemmtilegu umhverfi og svo er líka hliðardagskrá í Norræna húsinu, opin og ókeypis, þar sem höfundar koma og lesa úr verkum sínum þannig að ég hvet alla til þess að koma og fylgjast með."

Sirius
NÝTT

Sirius Rjómasúkkulaði

MEÐ SALTLAKKRÍSFLÖGUM OG SJÁVARSALTI

Átt þú eftir að smakka nýja Sírius rjómasúkkulaðið með saltlakkrísflögum og sjávarsalti?

Þá átt þú einstaklega gott í vændum. Sírius rjómasúkkulaði. Svo gott.

NÓI SÍRÍUS

ÁRNASYNIR

Guðbjörg kveðst finna til frelsis þegar hún tekur fram grófa pensilinn til að mála grunninn eftir fínvinnuna við blómin.

Þjóðbúningamynstrin óþrjótandi uppspretta í ný akrílmálverk

Ég sæki í þjóðbúningamynstrin, þau eru óþrjótandi uppspretta því þar er alls konar saumur eftir tímabilum. Tvö, þrjú blóm hafa orðið uppáhalds og mér finnst fallegra að hafa verkin einföld en vera með margar tegundir saman," segir Guðbjörg Ringsted myndlistarmaður sem opnar sýningu á akrýlmálverkum í Safnahúsi Húsavíkur í dag klukkan 14.

Titill sýningarinnar, Þá og nú, vísar bæði í gamla og nýja tíma, þar eru verk frá árinu 2012 fram til dagsins í dag og sýna þá þróun sem orðið hefur á verkum Guðbjargar á því tímabili. „Ég var trú þekktum mynstrum fyrst, meðan ég var að þreifa sig áfram, nú er flæðið orðið meira. En það er mikil fínvinna í blómunum, þar nota ég hárfínan pensil en mála svo grunninn með breiðum pensli og grófari. Þannig verða til andstæður," segir hún.

Sýningin stendur til 31. júlí. Guðbjörg kveðst hafa unnið átta ný verk fyrir hana en þau verði um tuttugu talsins og af ýmsum stærðum. **– gun**

Guðbjörg var bæjarlistamaður Akureyrar 2012–2013

Aftur og aftur og enn á ný

TÓNLIST

★★☆☆☆

Duo Harpverk flutti verk eftir Joest, Fenemore, Pereira, Kolbein Bjarnason og Unu Sveinbjarnardóttur

Salurinn í Kópavogi fimmtudaginn 25. maí

Katie og Frank eru meðlimir í Sinfóníuhljómsveit Íslands og eru afburða hljóðfæraleikarar eins og þau hafa margoft sýnt fram á, segir í dómnum.

Kammerhópurinn Duo Harpverk samanstendur af þeim Katie Buckley hörpuleikara og Frank Aarnink slagverksleikara. Þau eru bæði meðlimir í Sinfóníuhljómsveit Íslands og eru afburða hljóðfæraleikarar eins og þau hafa margoft sýnt fram á. Samt voru tónleikar þeirra í Salnum í Kópavogi á fimmtudaginn svona og svona. Ástæðan var ekki flutningurinn, sem var yfirleitt fagmannlegur, nákvæmur og öruggur. Nei, það voru tónverkin sjálf sem ollu vonbrigðum. Sumt var að vísu betra en annað.

Fyrst á dagskrá var verk eftir Unu Sveinbjarnardóttur. Þar lék Frank með mjúkum kjuðum á eins konar borðhörpu. Þetta voru síendurteknar hendingar, mjög rólegar. Við tónana fór Katie höndum um hörpuna, sem var vafin í sellófan. Engir tónar heyrðust því úr hörpunni, þetta var fyrst og fremst skrjáf og þrusk.

Tónlistin var sjarmerandi í byrjun, en fljótlega fór ládeyðan að verða leiðigjörn. Nú eru vissulega til ótal tónsmíðar sem byggjast á endurtekningu. En tónefnið verður að vera nægilega spennandi til að það verðskuldi hana. Hér hefði þurft einhvers konar stígandi. Flatneskjan var einfaldlega of mikil.

Kevin Joest átti næsta atriði efnisskrárinnar, en þar var farið yfir nokkuð víðan völl. Fyrir utan hörpuna var spilað á ýmis slagverkshljóðfæri. Rytminn var hraður og hendingarnar sem Katie lék voru líflegar. Tónlistin í heild var þó ekki mjög kræsileg, því hún var svo endurtekningarsöm. Framvindan í henni var ómarkviss, hún leiddi aldrei til neinnar niðurstöðu. Það var eins og spólað væri stöðugt í sama farinu.

Þriðja furðuverkið á dagskránni var eftir Reuben Fenemore. Þar var nýaldarlyktin allsráðandi, liggjandi hljómar og draumkenndar hörpuhendingar aftur og aftur. Kyrrstaðan var alger, nákvæmlega ekkert gerðist í tónlistinni.

Betri var tónsmíð Kolbeins Bjarnasonar, sem var hugleiðing um ljóðið Dream Song 14 eftir John Berryman. Tónmálið var ákaft og áleitið. Það byggist upp á hljóðfæraleik ásamt köllum og hvísli. Smám saman róaðist tónlistin og endaði á afar lágværum nótum. Endirinn hefði þó þurft að vera fókuseraðri, hann var heldur langdreginn.

Áhugaverðasta tónsmíðin á tónleikunum var eftir Joseph Pereira. Þar var aðalhljóðfærið svokallað þrumuspjald, sem venjulega var notað áður fyrr í leikhúsum. Nafn verksins var Aldebaran, sem er stjarna eins og kunnugt er. Í takt við það minnti hljóðheimurinn á fjarlægar sprengingar, auk þess sem örbylgjuniður var áberandi. Hann var framkallaður með því að Katie nuddaði strengi hörpunnar með hanska, en þrumuspjaldið kom einnig við sögu. Þetta var falleg tónsmíð sem fór með mann í hugrænt ferðalag langt út í geim. Það hefði mátt vera meira svona á tónleikunum. **Jónas Sen**

NIÐURSTAÐA: Langdregnir tónleikar með afar misjafnri tónlist.

Laus við hnerrann með ofnæmisljósi

Williams & Halls kynnir: Bólgueyðandi ljósameðferð gegn einkennum ofnæmiskvefs er nú möguleg með Bionette ofnæmisljósinu.

Bionette ofnæmisljós er byltingarkennd vara sem notar ljósameðferð (phototherapy) til að draga úr einkennum ofnæmiskvefs (heymæðis) af völdum frjókorna, dýra, ryks/rykmaura og annarra loftborinna ofnæmisvaka. Meðferðin er án þekktra aukaverkana og algjörlega lyfjalaus. Bionette tækið er klínískt prófað og styður fjöldi rannsókna við árangurinn af notkun ljóssins. Með því að nota ljóstækni (narrow band light 630 nm led ljós) dregur tækið úr einkennum ofnæmiskvefs eins og hnerra, kláða, nefrennsli, nefstíflu, höfuðverk og tárvotum augum.

(Ofnæmis)ljósið í lífi mínu

Óskar K. Guðmundsson, fisksali hjá fiskbúðinni Hafbergi, hefur þjáðst af frjókorna- og dýraofnæmi í langan tíma. Hann prófaði Bionette og fann um leið hvernig létti á önduninni. *„Nokkur undanfarin ár hef ég leitast við að finna mér hentugan bandamann í baráttu minni við frjókornaofnæmi og önnur óþægindi því tengd. Það er óhætt að fullyrða að leit minni að þessu ljósi hafi lokið þegar ég fann Bionette ofnæmisljósið. Óveðursský á himni tilheyra nú fortíðinni og ótölusettur fjöldi ofurhnerra er nú minningar einar. Ég tel að þeir sem heyja þá baráttu sem fylgir því að kljást við þessa árvissu óværu ættu óhikað að ganga til liðs við þau okkar sem böðum okkur í ljósi Bionette,"* segir Óskar.

En hvernig virkar tækið?

Eosinophilar, ein gerð hvítra blóðkorna, finnast í auknum mæli í nefslímhúð þeirra sem fá ofnæmiskvef. Ljósstyrkurinn í Bionette dregur úr ofnæmisviðbragði í nefinu með því að hafa áhrif á myndun þessara hvítu blóðkorna og dregur þannig úr bólguviðbragðinu. Ljósinu er stungið upp í nasirnar, kveikt á því og haft þangað til það slokknar. Meðferðin tekur um fjórar mínútur. Tækið á að nota tvisvar til þrisvar á dag við upphaf einkenna en síðan eftir þörfum. Bionette hentar öllum sex ára og eldri.

Bionette fæst í apótekum. Nánari upplýsingar má finna á Facebook-síðu Bionette Ísland en þar er hægt að sjá hvaða apótek eru með tækið til sölu. Umboðsaðili Bionette er íslenska lyfjafyrirtækið Williams & Halls (www.wh.is).

Lyfjalaus meðferð - Klínískt prófuð - Án þekktra aukaverkana - Létt og meðfærilegt tæki - Auðvelt í notkun

MEISTARADAGUR VERKFRÆÐINNAR

DÆMI UM MEISTARAVERKEFNI

Aron Singh Helgason
Þórir Bjarni Traustason
Structural Analysis of Casings in Borehole ÞG-14

Anton Örn Ívarsson
Fjöláttagöngubretti

Árni Stefán Haldorsen
Greining á íslenska sjávarútveginum með kviku kerfislíkani

Ásmundur Þrastarson
Tjónnæmi skerveggjabygginga úr járnbentri steinsteypu

Ásgeir Örn Sigurpálsson
Líkanagerð fyrir próftöflu Háskóla Íslands

Eiríkur Ernir Þorsteinsson
Vefkennsla í notkun gagnasafna

Emil Þorvaldsson
Athugun á framleiðslu á lífeldsneyti úr íslenskum við með kviku kerfislíkani

Ingunn Ýr Guðbrandsdóttir
Framleiðni innan skipuheilda: Kerfisbundin greining á orsakaþáttum

Gunnar Sveinn Rúnarsson
Compact MR Rotary Brake for Prosthetic Applications

Kristinn Guðnason
General Numerical Framework for Ophthalmic Drug Delivery

Kristinn Guðjónsson
Framboð og nýting afgangsvarma á köldum svæðum

Kristín Óskarsdóttir
Í átt að ákvörðunarstuðningskerfi fyrir rekjanleikatæknilausnir í köldum aðfangakeðjum

Marvin Ingi Einarsson
Fiskimjöls- og lýsisframleiðsla um borð í frystitogurum

Veggspjaldakynningar og verðlaunaveiting fyrir besta veggspjald

Meistaradagur verkfræðinnar 2017
þriðjudaginn 30. maí kl. 13.00 í Öskju, Sturlugötu 7.
Allir velkomnir!

DAGSKRÁ

13:00 **Setning Meistaradags verkfræðinnar**
Gunnar Stefánsson, prófessor og forstöðumaður Verkfræðistofnunar Háskóla Íslands

13:10 **Skilvirkni í rekstri heilbrigðisstofnunar**
Páll Matthíasson, forstjóri Landspítalans

13:35 **Hvernig nýta þekkingarstarfsmenn tímann í vinnunni?**
Guðmundur Valur Oddsson, lektor

Betri röðun skurðaðgerða
Rögnvaldur Sæmundsson, dósent
Tómas Philip Rúnarsson, prófessor

14:00 **Meistarafyrirlestrar og verkefnakynningar**

17:00 **Léttar veitingar**

Komdu og kynntu þér uppsprettu nýsköpunar og tæknilausna í verkfræði og tölvunarfræði við Háskóla Íslands

Nánari upplýsingar á www.hi.is

HÁSKÓLI ÍSLANDS
VERKFRÆÐISTOFNUN

PIPARTBWA · SÍA · 172414

Hvað? Hvenær? Hvar?

Laugardagur

hvar@frettabladid.is

27. MAÍ 2017

Tónlist

Hvað? Karlakór Reykjavíkur, eldri félagar
Hvenær? 16.00
Hvar? Háteigskirkja
Kórinn er skipaður körlum, sem áður sungu með aðalkór Karlakórs Reykjavíkur. Stjórnandi er Friðrik S. Kristinsson, sem einnig er söngstjóri aðalkórsins. Gestakór frá Noregi ; Guldbergs Akademiske Kor, emeriti, Ósló, syngur einnig á tónleikunum.

Hvað? Home: Tuuli Lindeberg & Petri Kumela
Hvenær? 21.00

Robbi Kronik og Benni B-Ruff verða meðal þeirra plötusnúða sem munu fylla Prikið í dag, laugardag. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Hvar? Mengi, Óðinsgötu
Tónleikar í Mengi með hinum frábæru finnsku tónlistarmönnum Tuuli Lindberg, sópran og Petri Kumela, gítarleikara. Á efnisskrá er spennandi bræðingur af samtímatónlist og tónlist endurreisnar; John Dowland (1563-1626) og Antoine Boësset (1586-1643) í bland við tónlist eftir finnsku tónskáldin Lauri Supponen (f. 1988), Sami Klemola (f. 1973) og Riika Talvitie (f. 1970). Miðaverð 2.000 krónur.

Hvað? Lóa 2017
Hvenær? 21.00
Hvar? Prikinu, Bankastræti
Risa plötusnúðaveisla á Prikinu þar sem allur staðurinn verður undirlagður af plötusnúðum. Á neðri hæðinni verða Spegill, B-Ruff, Young Nazareth, Logi Pedro, Karítas og sjálfur Rampage, sem er að spila á Prikinu í fyrsta sinn í heil þrettán ár. Á efri hæðinni verða mennirnir í Plútó samsteypunni. Herra Hnetusmjör og Birnir munu grípa hljóðnemann – en aðstandendur taka fram að það er mjög líklegt að einhverjir fleiri rapparar muni mæta á svæðið og taka lagið.

Það verður slatti í gangi á Listasafni Íslands um helgina – leiðsagnir og alls konar spennandi sýningar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Viðburðir

Hvað? Borgarbúar - Opnun
Hvenær? 14.00
Hvar? Mjólkurbúðin, Akureyri
